

Börnin úr Breiðholti

GETTÓ EÐA GÆÐAVERFI? ▶ 12



Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla

Iceland

# FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ

8. júní 2013  
133. tölublað 13. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*



## HANDBOLTAHETJA SIGRAST Á KRABBAMEINI

Handknattleiksmaðurinn Hannes Jón Jónsson greindist með krabbamein í upphafi tímabilsins en lauk því sem besti leikmaður þýsku B-deildarinnar. Hannes gerir upp árið ótrúlega og ferilinn í ítarlegu viðtali. ▶ 26

MYND/ADSEND



### MAGGA STÍNA ÚTSKRIFAST ÚR LISTAHÁSKÓLANUM

Tónsmíðar, pólitík, söngur og blessuð börnin. ▶ 34



### VERKFRÆÐINGUR OG DJASSÖNGKONA Stína

Ágústsdóttir býr í Stokkhólmi og lærði djass í Kanada. ▶ 24

### MEÐ EIGIN ORDUM

Ferill Hermanns Gunnarssonar eins og hann sá hann sjálfur.

▶ 32



Staðgreiðum allt gull, silfur, platinum, demanta og vönduð úr.

Hringa, hálsmen, armbönd, gullmynt, Gold Quest gullmynt, allt brotagull og nýtt gull.

**Veðlán**

Lánum allt að 10 milljónum kr.

[www.kaupungull.is](http://www.kaupungull.is)

Nánar á bls. 29

Upplýsingar og tímabantanir: Sverrir s. 661-7000

VIÐ ERUM 100 ÁRA  
OG HÖLDUM HÁTÍÐ

Á LAUGARDAGINN FRÁ KL. 14 - 16



Opið til  
**18**

atvinna

ÍÐAN AF

Smáralind

Gjafakortið er vinsæl útskriftargjöf

Smáralind





**HRIKALEGAR AÐSTÆÐUR 6**  
Davíð Örn Bjarnason segir dvöl í tyrknesku fangelsi hafa verið skelfilega.

**SÉRSTÖKU VEIÐIGJALDI BREYTT Á SUMARPINGI 4**

Ný ríkisstjórn stefnir að því að breyta lögum um sérstakt veiðigjald strax á sumarþingi.

**MILLJÓNIR SÝRLENDINGA HJÁLPAURFI 8**

Sameinuðu þjóðirnar biðja ríki heims um að rétta Sýrlendingum hjálparhönd.

„Konur hafa í gegnum tíðina verið tengdar við velferðarmál og karlar við efnahags- og viðskiptamál og það endurspeglast svo sannarlega í þessari nefndaskipan.“ **10**

Gyða Margrét Pétursdóttir, aðjúnt í kynjafræði.

## SKOÐUN 18→21

**AÐ EILÍFU, AMEN 18**

Þorsteinn Pálsson um fjármál.

**GÓÐAN DAGINN, REYKVIKINGAR 20**

Jón Gnarr borgarstjóri og borgarfulltrúar Besta flokksins um Landsímareitinn.

**ENDURREISNARSTJÓRNIN ER KOMIN Á SLYSSTAÐ 21**

Helgi Magnússon um allsherjarendurreisn.



## HELGIN 28→48

**REYKINGAFÓLKI FÆKKAR STÖÐUGT 36**

Mjög hefur dregið úr reykkingum, sérstaklega á meðal ungs fólks. Forvarnir hófust eftir stríð en fyrsta tóbakslöggjöfin var sett árið 1969.

**BYGGÐIN Á AUSTUR-GRÆNLANDI 40**

Pjetur Sigurðsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, slóst með í för til Grænlands þar sem afrakstur söfnunar til styrktar tónlistarhúsi var afhentur.

**SPILA MEÐ PEIM BESTU 42**

Fjórar íslenskar hljómsveitir spila á einni virtustu tónlistarhátíð Evrópu, Sónar.

**KRAKKAR 46 KROSSGÁTA 48**



## MENNING 52→78

**LISTAVERK EÐA SKEMMDARVERK? 54**

Geta náttúruspjöll í listrænu skyni verið réttlætunleg?

**ÆTLAR EKKI AÐ BRÁKA RIFBEIN AFTUR Í SUMAR 62**

Róbert Þórhallsson hjólar í kringum landið.



**GERÐU MYNDBAND Í MOSFELLSBÆ 62**

Hljómsveitin Bellstop hefur sent frá sér nýtt lag.

**NÝIR UMSJÓNARMENN STUNDARINNAR 78**

Gói, Gunni og Felix taka við barnaþættinum vinsæla.

**LEITA AÐ TÓLF BÖRNUM 78**

Fantasímyndin Sumarbörn fer í tókur í sumar.

## SPORT 68→72

**LEGGUR ALLT UNDIR 72**

Kylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson er að gera það gott á Askarendamótardöðinni í golfi.

**EKKI Á LEIÐ HEIM 70**

Fannar Friðgeirsson verður ekki áfram í herbúðum Wetzlar í Þýskalandi.



## FIMM Í FRÉTTUM ÞJÓÐHETJA SYRGEÐ OG ROKKHÁTÍÐ Í RUGLI



Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, fullyrkti í þingsetningarræðu sinni að enginn áhugi væri meðal ráðamanna í ríkjum Evrópu-sambandsins á að ljúka aðildarviðræðum við Ísland. Fyrirverandi utanríkisráðherra kannaðist ekki við það viðhorf og vildi vita hvaða ríki það væru sem hefðu viðráð slíkt við forsetann.



Ólafur Geir Jónsson, hljótleikahaldari og framkvæmdastjóri Keflavík Music Festival, lenti í miklum vandræðum þegar nokkrar hljómsveitir og tónlistarmenn hættu við að troða upp á fimmtudag sökum meintra vanefnda á samningum.

→ Hermann Gunnarsson fjölmiðlamaður féll frá í vikunni. Íslendingar syrgja Hermann, sem var með ástsælustu gleðigjöfum þjóðarinnar um áratugaskeið.



Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra segist vænta þess að fjármálastofnanir muni, í ljósi nýfallins gengislánadóms Hæstaréttar, hefja endurreikninga á gengislánum tafarlaust og gera það vel.



Guðrún Jónsdóttir, framkvæmdastýra Stíga-móta, segir óviðunandi ef stjórnvöld eru hálf-bjargarlaus gagnvart mönnum sem dreifa nektarmyndum af íslenskum stúlkum á netinu, gegn vilja þeirra.



# Nauðgaði þremur fötluðum mönnum

Karl Vignir Þorsteinsson hefur verið dæmdur í sjö ára fangelsi fyrir að nauðga þremur andlega fötluðum mönnum. Síðustu brotin voru framin í desember. Sálfræðingur telur „miðlungslíkur“ á að Karl Vignir brjóti af sér á nýjan leik.

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær Karl Vigni Þorsteinsson í sjö ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn þremur andlega fötluðum ungum mönnum. Tveir þeirra bjuggu saman á sam-býli og annar þeirra kynnti Karl Vigni fyrir hinum. Þann þriðja hitti Karl Vignir á Hlemmi.

Karl Vignir gekkst við því að hafa haft kynferðislegt samneyti við þá alla en taldi í flestum tilvikum að þeir hefðu ekki verið því móttfallnir.

Hann er sakfelldur fyrir að nauðga þeim öllum og fyrir vændis-kaup með því að greiða tveimur þeirra fyrir samræðið. Brot gegn fjórða manningnum var fyrnt þegar rannsókn hófst og ekki var unnt að refsa honum fyrir að greiða þeim þriðja fyrir vændi, þar sem það var ekki lögbrot á þeim tíma.

Háttsemi Karls Vignis varðar við aðra málsgrein nauðgunar-ákvæðis hegningarlaga, þar sem segir meðal annars: „Það telst einnig nauðgun og varðar sömu refsingu og mælt er fyrir um í 1. mgr. að notfæra sér geðsjúkdóm eða aðra andlega fötlun manns til þess að hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök.“

Karl Vignir er dæmdur til að greiða mönnum þremur 600 þúsund, 900 þúsund og 1,1 milljón króna í miskabætur. Þá þarf hann að greiða rúmlega tvær milljónir í málsvarnarlaun, rúmlega 800 þúsund krónur í þóknun réttargæslu-manna brotabola og 1400 þúsund krónur í annan sakarkostnað.

Karl Vignir hefur setið í gæslu-varðhaldi síðan í janúar, eftir að Kastljós fjallaði ítarlega um áratugalangan brotaferil hans. Hann gekkst við brotum gegn tugum



**KARL VIGNIR** Var sakfelldur í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær fyrir nauðgun og vændis kaup. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Verjandi segir dóminn þungan

„Þetta er þungur dómur því að hann er sýknaður af einum lið af fjórum,“ segir Brynjólfur Eyvindsson, verjandi Karls Vignis. Aðspurður segir hann að líklega verði tekin ákvörðun í næstu viku um það hvort niðurstöðunni verði afryjað.

barna og ungmenna í þættinum og í kjölfarið bærust kærur á hendur honum vegna nýlegru brota, sem nú hafa leitt til dóms.

Í dómnum segir að brot Karls Vignis séu mjög alvarleg. Þau séu mörg og hafi staðið yfir á löngu tímabili. Brotavilji hans hafi verið einbeittur og brotin beinst að andlega fötluðum mönnum sem

treystu honum og litu á hann sem vin sinn. Í dómnum segir að hann eigi sér engar málsbætur.

Nýjustu brotin sem Karl Vignir er sakfelldur fyrir áttu sér stað í desember síðastliðnum. Fram kemur í sálfræðimati hans að miðlungslíkur séu taldar á að hann brjóti af sér aftur.

stigur@frettabladid.is

Jórunn Káradóttir var viðstödd vopnað rán í Selfridges í London:

## „Mamma vill að ég komi heim“

**FÓLK** „Mamma vill að ég komi heim, henni finnst komið nóg,“ segir Jórunn Káradóttir, 24 ára nemi í arkitektúr í London, sem var viðstödd rán í versluninni Selfridges í miðborg London í gær, þar sem hópur búrkuklæddra karlanna ruddist inn, braut glerborð með öxum og hafði á brott með sér skartgripa fyrir jafnvirði mörg hundruð þúsunda króna.

Vegfarendur stöðvuðu tvo manna skammt frá þar sem þeir reyndu að komast undan á vespu og héldu þeim þar til lögregla kom á vettvang. Hinir komust undan en ekki er vitað hversu margir tóku þátt í ráninu. Jórunn segir að einn manna hafi ýtt við henni á leið inn þar sem hún var á veitingatorgi verslunarinnar með breskri skólasystur sinni. Þegar fólk innandyra varð ljóst í hvað stefndi hafi allir forðað sér út. „Við erum bara heppnar að hafa ekki verið komnar lengra inn í búðina þegar þetta gerðist. Maður veit aldrei hvað svona menn gera og hvort þeir voru heilir í hausnum.“

Jórunn, sem er nýbúin að ljúka þriggja ára námi í arkitektúr við Háskólann í Westminster, segist ekki viss um að hún muni hlýða bón móður sinnar um að koma strax heim. „Ég veit það ekki, ég efast um það. Ég ætlaði nú að reyna að finna mér vinnu hérna úti.“



Í LONDON Jórunni var ýtt úr vegi af vopnuðum ræningjum.

Smart útskriftargjafir

Okkar hönnun og smíði



JÓN & ÓSKAR

www.jonogoskar.is Sími 5524910 Laugavegi 61 Kringlan Smáralind



# GARÐA DAGGAR

## BRJÁLUF TILBOÐ!



**SÓLBOÐI**  
699 kr

**SÝPRIS**  
799 kr



**20%  
afsláttur**  
Allar  
sláttuvélar\*

**VERÐDÆMI**  
Sláttuvél B&D  
**29.596 kr.**  
fullt verð 36.995 kr.



**NELLIKA**  
299 kr  
meðan birgðir endast

**20%  
afsláttur**  
Öll garð-  
húsgögn\*

**VERÐDÆMI**  
Garðstóll Evergreen  
**7.900 kr.**  
fullt verð 9.990 kr.



**20%  
afsláttur**  
Öll  
viðarvörn\*

**VERÐDÆMI**  
Jotun Pallalía 3 ltr.  
**2.390 kr.**  
fullt verð 3.290 kr.



**20%  
afsláttur**  
OUTBACK og  
BEEFEATER  
gasgrill

**VERÐDÆMI**  
OUTBACK gasgrill  
SOLO 3 brennarar  
**31.900 kr.**  
fullt verð 39.900 kr.



**20%  
afsláttur**  
Öll sláttuorfi\*

**VERÐDÆMI**  
Rafmagnsorfi Ikra  
**6.799 kr.**  
fullt verð 8.499 kr.

**20%  
afsláttur**  
Öll garð-  
verkfæri\*



**25%  
afsláttur**  
Allar  
hekkklippur\*



**30%  
afsláttur**  
Allir  
útípottar



**blómaval**



**HÚSASMÍDJAN**  
HLUTI AF BYGMA

LÆGSTA  
LÁGA  
VERÐ

Tilboð gilda ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“ eða öðrum tilboðum

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI  
SÍÐAN 1956



02.06.2013 → 07.06.2013

**45%**

Samkvæmt upplýsingum frá Strætó notar tæpur helmingur íbúa á höfuðborgarsvæðinu þjónustu fyrirtækisins. Búist er við að fjöldi farþega á árinu verði yfir 10 milljónir.



**4**

MENN á aldrinum 18 til 23 ára voru úrskurðaðir í gæsluvarðhaldi til 10. þessa mánaðar vegna húsbrots, líkamsárásar og stuldar á skotvopnum um síðustu helgi.



**700**

Í fyrra voru tilkynningar til lögreglu í Reykjavík vegna stolinna reiðhjóla rúmlega sjö hundruð. Í ár stefnir í að enn fleiri hjólum verði stolið, að sögn lögreglunnar.

**12**

Guðmundur Ingi Þóróddsson var í vikunni dæmdur í 12 ára fangelsi í Danmörku fyrir fíkniefnasmygl.



**5-6 MILLJÓNIR**

er upphæðin sem Sigurður Ingi Þórðarson, eða Sigi hakkari, er talinn hafa sviikið út „með prettum“ þegar hann sölsaði undir sig bókaforlag. Honum hafi verið veitt prókúruumboð og hafi í kjölfarið keypt ýmsar vörur á borð við tölvur, síma og bíómiða í miklu magni.

**YFIR 10.000**

MANNHÖFÐU UM MIÐJA VIKUNA SÓTT SÉR FRÉTTABLAÐS-APPIÐ.



HELLE THORNING-SCHMIDT

Innanríkisráðherrar í ESB: **Velferðartúrismi þreytandi**

ESB Innanríkisráðherrar Þýskalands, Hollands, Bretlands og Austurríkis hafa rætt um hvernig stemma eigi stigu við velferðartúrisma, eins og segir í frétt á vef Jyllands-Posten.

Hans Peter Friedrich, innanríkisráðherra Þýskalands, segir að nú geti þeir sem nýkomnir eru til einhvers aðildarríkis Evrópusambandsins og hafa aldrei starfað þar eða greitt skatta notið sömu réttinda og borgarar viðkomandi lands. Slíkt stríði gegn almenntri skynsemi.

Helle Thorning-Schmidt, forsætisráðherra Danmerkur, segir ástæðu til að skoða þessi mál. - ibs

**HALDIÐ TIL HAGA**

Textabútur í grein um Breiðholt á fimmtudag færðist til fyrir mistök. Réttur texti fer hér að neðan:

„Í kringum 1990 var mikil hópamyndun meðal íbúanna en það hefur gjörbreyt. Hún er bara horfin,“ segir hann. „Um tíma komu líka upp vandamál á milli Íslendinga og Útlendinga, en við lögðum mikla vinnu í að snúa það niður. Án þess að það sé allt okkur að þakka þá hefur það tekist.“

Heimir tekur undir þetta. „Það voru notaðir hnifar, vopn og steinar, það voru barsmiðar og það var setið fyrir mönnum. En þetta verður maður mun minna var við, enda náðum við á endanum trausti strákanna sem voru í þessu og þeir áttuðu sig á því að maður var með þeim en ekki á móti þeim,“ segir hann.

**Sérstöku veiðigjaldi breytt**

Sérstaka veiðigjaldinu verður á sumarþingi breytt til bráðabirgða í eitt ár að sögn ráðherra. Í kjölfarið verður fundin framtíðarlending á gjaldtökunni. Líklegt að fyrirkomulag verði svipað á næsta fiskveiðidag og á því yfirstandandi.

**STJÓRN MÁL** Ný ríkisstjórn stefnir að því að breyta lögum um sérstakt veiðigjald strax á sumarþingi. Stefnir er að bráðabirgðabreytingum til eins árs en innheimta sérstaka veiðigjaldsins hefur verið í uppnámi þar sem nauðsynleg gögn til að reikna gjaldið skortir.

Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra segir að stefnt sé að því að leggja fram frumvarp strax í næstu viku. Hann segist þó ekki geta fjallað nákvæmlega um innihaldið enda hafi frumvarpið ekki verið afgreitt úr ríkisstjórn né farið fyrir þingflokka.

„Lögin sem eiga að taka gildi 1. september eru óframkvæmanleg. Við erum hins vegar ekki tilbúin með nýja aðferðarfræði. Það þýðir að til þess að hægt sé að leggja á eitthvert sérstakt veiðigjald þarf að fara bráðabirgðaákvæðisleið til eins árs. Þannig taka eldri lögin aldrei gildi þar sem bráðabirgðaákvæði mun gilda fyrst um sinn og svo reiknum við með því að ný lög taki við þegar bráðabirgðaákvæðinu sleppir,“ segir Sigurður Ingi.

Alþingi samþykkti lög um sérstakt veiðigjald í lok júní 2012 en auk þess leggur ríkið á annað og talsvert lægra almennt veiðigjald. Kveða lögin um sérstaka veiðigjaldið á um að útgerðir greiði ákveðið hlutfall af framlegð í gjald en fyrsta árið var þó ákveðið að byggja gjaldtökuna á bráðabirgðaúrreði þess efnis að veiðigjaldið sé föst krónutala á hvert þorsgildiskíló. Samkvæmt núgildandi lögum á hlutfallsveiðigjaldið að gilda frá næsta fiskveiðidag, sem hefst 1. september, en sú innheimta er í uppnámi þar sem veiðigjaldsnefnd skortir gögn til þess að reikna út nákvæmt gjald. Sigurður Ingi segist reikna með því að bráðabirgðagjaldtakan verði í formi fastrar krónutölu á þorsgildiskíló en getur þó ekki fjallað um útfærsluna í smáatriðum. Þá sagðist hann heldur ekki geta sagt til um hvort sérstaka veiðigjaldið verði lægra en á yfirstandandi fiskveiðidag.

Loks segir Sigurður Ingi að þegar komi að varanlegri endurskoðun sérstaka veiðigjaldsins

þurfi að leita leiða til að sjávarútvegurinn geti staðið undir sérstakri gjaldtöku. „Við vitum að álagningin á þessu ári hefur haft mikil áhrif á sjávarútveginn og þá sérstaklega á minni og meðalstór fyrirtæki. Við viljum að ríkissjóður fái tekjur en greinin þarf líka að geta eflst,“ segir Sigurður.



**FISKISKIP** Veiðigjöld HB Granda næstum þrefölduðust á síðasta fiskveiðidag vegna upptöku sérstaka veiðigjaldsins. Félagið greiddi þó talsvert hærra upphæð í arð en fór í veiðigjöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**SÉRSTAKA VEIÐIGJALDIÐ HÆRRA EN ALMENNA**

Til að glöggva sig á áhrifum sérstaka veiðigjaldsins má skoða hvernig það hefur haft áhrif á **HB Granda**, stærsta sjávarútvegsfyrirtæki landsins. Þó má taka fram að gjaldið hefur ólík áhrif á stór og lítil fyrirtæki.

**Samkvæmt ársreikningi HB Granda** árið 2012 var vergur hagnaður þess **10.358 milljónir króna** það árið en **10.162 milljónir** árið áður. Er þá miðað við núverandi gengi, en HB Grandi gerir upp í evrum.

**Veiðar félagsins** skiluðu því svipuðum tekjum hvort ár þó að hreinn hagnaður félagsins hafi verið talsvert minni árið 2012 vegna áhrifa sérstaka veiðigjaldsins á verðmæti aflaheimilda.

Árið 2011 greiddi HB Grandi **384 milljónir króna** í almennt veiðigjald en árið 2012 greiddi félagið samtals **950 milljónir** í almennt og sérstakt veiðigjald. Þá var áætlað í ársreikningnum að veiðigjöldin yrðu **1.884 milljónir** árið 2013.

Til samanburðar var hreinn hagnaður HB Granda **2.375 milljónir árið 2012** og **5.917 milljónir árið 2011**. Þá lagði stjórn félagsins til að arður vegna ársins 2012 yrði 1.698 milljónir.

Áætlað hefur verið að tekjur ríkissjóðs af veiðigjöldum verði 12,5 til 13 milljarðar króna á yfirstandandi fiskveiðidag og um 15 milljarðar á því næsta. Samkvæmt veiðigjaldalögnum á gjaldið þar að auki að hækka nokkuð á hverju ári til fiskveiðidagsins 2016 til 2017.

magnusl@frettabladid.is


**STÓRI BARNAVÖRUMARKAÐURINN**  
**9. JÚNÍ** kl. 12-16  
**SALASKÓLA** VERSÖLUM 5, KÓPAVOGI

HÚFUR • BÆKUR  
 LEIKFÖNG • SLEFSMEKKIR  
 MARGNOTA TÍÐAVÖRUR • BURÐARPOKAR OG SJÖL  
 TAUBLEIUR OG FYLGIHLUTIR • HÚÐ- OG HREINLÆTISVÖRUR  
 SNUDDUBÖND OG HÁRSKRAUT • GRÆNT OG UMHVERFISVÆNT  
 BRJÓSTAGJAFABOLIR • ILMKJARNAOLÍUR  
 ÍSLENSK HÖNNUN • BARNAFÓT  
 SKÓR • TÓNLIST

**FJÁRÖFLUN FYRIR LEIÐARLJÓŠ**

**Veðurspá**

Gildistími korta er um hádegi



Alicante 24°	Billund 17°	Gautaborg 18°	London 18°	Orlando 29°	San Francisco 20°
Basel 26°	Frankfurt 23°	Kaupmannahöfn 18°	Mallorca 25°	Ósló 22°	Stokkhólmur 20°
Berlín 24°	Friedrichshafen 25°	Las Palmas 22°	New York 24°	París 24°	

**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður



# Til hamingju Íslandshótel

Landsbankinn óskar Íslandshótelum og Aðalstræti 100 ehf. til hamingju með opnun á nýju hóteli við Aðalstræti 100 á Patreksfirði. Fosshótel Vestfirðir er 41 herbergja, vel útbúið þriggja stjörnu hótél og var byggingin fjármögnuð af bankanum. Landsbankinn er öflugur og traustur samherji og leiðandi í lánveitingum til ferðaþjónustufyrirtækja.

1710 fermetrar

41 hótélherbergi

17 starfsmenn

76 rúm





Frakklandsforseti:

## Ruglaðist á Kína og Japan

**JAPAN** Francois Hollande, forseti Frakklands, mismælti sig klaufalega á blaðamannafundi í Japan í gær. Hollande, sem er í opinberri heimsókn í Japan, ræddi við blaðamenn um gíslatöku í Alsír fyrr á árinu, og ruglaðist á Japönnum og Kínverjum.

„Ég vil minna á að Japan varð fyrir barðinu á gíslatökunni rétt eins og Frakkland, og ég vottaði forsætisráðherra samúð frá frönsku þjóðinni til þeirrar kínversku,“ sagði Hollande.

120 manns sýna á norrænu frímerkjasýningunni sem haldin er um helgina:

## Bibliubréfið er í heiðursæti

**FRÍMERKI** Sænski greifinn Douglas Storckenfeldt hefur oft sinn hlotið eftirsóttustu verðlaun sem veitt eru í heiminum á alþjóðlegum frímerkjasýningum. Meðal dýrgripanna í safni hans er Bibliubréfið svokallaða, frímerkjabréf frá árinu 1876, sem fannst inni í gamalli biblíu á Íslandi árið 1972. Það er verðmætasta frímerkjabréf sem til er frá Íslandi.

Bibliubréfið var síðast selt opinberlega á sautján milljónir króna árið 1983. Framreikn-

að til núvirðis nemur sú upphæð 172 milljónum króna, samkvæmt upplýsingum frá Landssambandi íslenskra frímerkjasafnara.

Bibliubréfið komst í eigu Storckenfeldts árið 2004 og er nú til sýnis á norrænu frímerkjasýningunni sem



DOUGLAS STORCKENFELDT

haldin er í íþróttahúsinu Ásgarði í Garðabæ um helgina.

„Ég hóf að safna frímerkjum þegar ég var strákur eins og algengt er. En þegar ég var farinn að vinna hafði ég ekki mikinn tíma fyrir þetta tótmundastarf,“ segir Storckenfeldt í viðtali við Fréttablaðið.

Það var í kjölfar Íslandsferðar sem áhugi hans á frímerkjasöfnun vaknaði á ný. „Ég kom hingað árið 1973 með foreldrum mínum og systur og við fórum meðal annars



**BIBLIUBRÉFIÐ** Frímerkin sem prýða bréfið þykja merkustu frímerki Norðurlanda.

á frímerkjasýningu. Í kjölfar þess fór ég að safna aftur.“

Safn Storckenfeldt er í heiðursæti á norrænu sýningunni en þar sýna 120 manns frá Norðurlöndunum, Bandaríkjunum og Þýskalandi.

- ibs

**SKJARHEIMUR**

**MEIRA ÚRVAL MEÐ SKJÁHEIMI**  
Yfir 70 erlendar stöðvar



**Sumartilboð!**

Í sumar fylgir HD-pakkinn \* frítt með ALLT-pakkanum.



\* Gildir fyrir þá sem eru með HD-virkni. Fáðu nánari upplýsingar hjá símafyrirtækinu þínu. Gildir út ágúst.

**Veldu þér þinn pakka á SkjarHeimur.is eða í síma 595 6000**

# Sætti barsmíðum í tyrknesku fangelsi

Davíð Örn Bjarnason var í tyrknesku fangelsi í eina viku, eftir að hann var handtekinn fyrir tilraun til að smygla fornmun úr landi. Aðstæður í fangelsinu voru hryllilegar og Davíð segir mannréttindi þverbrotin í landinu.

**FÓLK** „Þetta var svona hundrað ára gamalt, myglað og ekkert virkadi. Það var ekkert heitt vatn og klósettið var bara hola í gólfinu. Kakkalakkar og alls konar pöddur skriðu á manni og rakinn var svo mikill að maður svaf aldrei í þurru rúmi,“ segir Davíð Örn Bjarnason um fangelsið í Tyrklandi þar sem hann sat inni.

Davíð Örn var handtekinn snemma í mars fyrir að reyna að flytja úr landi marmarastein, sem reyndist vera fornmunur. Eftir að hafa setið í gæsluvarðhaldi í viku var honum sleppt úr haldi. Hann sætti farbanni um skeið en sneri til Íslands í lok mars. Tæpum mánuði síðar dæmði tyrkneskur dómstóll hann í um eins árs skilorðsbundið fangelsi.

Davíð tjáði sig í fyrsta sinn um aðstæðurnar í fangelsinu í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi. Þær voru vægast sagt slæmar. Hann var ekki fyrr kominn inn en samfangar hans réðust á hann. „Þeir tóku vel á móti mér en um leið og verðirnir voru farnir réðust þeir á mig. Ég var viðbúinn svona rugli og náði að snúa einhverja niður en þá komu bara fleiri,“ segir hann, en á endanum var honum bjargað af Serba og Þjóðverja sem einnig sátu inni. Í átökunum meiddist Davíð illa á hendi og hefur ekki enn náð fullum styrk.

„Maður fær heldur enga lækniástoð þarna. Menn eru fótbrótnir þarna í marga mánuði og það er ekkert gert,“ segir hann. Verstu barsmíðarnar sem Davíð hlaut voru á flugvellinum þegar hann var handtekinn. Fangaverðirnir lögðu einnig á hann hendur og höfðu sífellt í hótunum.

Davíð svaf lítið í fangelsinu enda grétu ungbörn sem þarna dvöldu með mæðrum látaust. Eftir viku



**DAVÍÐ ÖRN** „Það var ekkert heitt vatn og klósettið var bara hola í gólfinu,“ segir Davíð Örn um fangavistina í Tyrklandi.

MYND/S.Ó.

## Brot úr dagbóarskrifum Davíðs

Fékk dýnu til að sofa á, öll í pissulettum, myglu og einhverjum viðbjóði. Svo tyllti ég mér inn í klefa hjá Þjóðverjanum til að reyna að ná áttum ...þetta var allt svo fjarstæðukennt. ...

Svo koma herlögreglumenn, allir með AK-47 vélbyssur, og fara með mig að bíl sínum og þá byrjar ruglið. Annar af þeim byrjar að ota byssunni í andlitið á mér ...og þeir veltast um af hlátri við að sjá viðbrögðin hjá mér. ...

Eftir þetta fékk ég matareitrun þannig að næstu tvo daga var ég að drepast með endalaus krampa og ælandi. ...

Hún bauðst til að senda mömmu e-mail þannig að ég þá hana um að senda að ég væri allavega á lífi og að ég elskaði þau og saknaði þeirra allt of mikið.

var Davíð fluttur í rammgert hús þar sem fangar eru vistaðir í sólarhring áður en þeim er sleppt. Bílferðin þangað tók um tvo tíma og allan tímann var byssu beint að andliti hans. „Þeir höfðu voða gaman af því að ota AK-47 vél-

byssu í andlitið á mér, hlæjandi,“ segir hann.

Davíð ætlar aldrei aftur til Tyrklands. Hann hvetur alla til að hafa varann á þar í landi. Hver sem er geti lent í svipuðum aðstæðum.

hrund@stod2.is



Eybór Kolbeinn Kristbjörnsson dæmdur í fangelsi fyrir mörg kynferðisbrot:

# Áhugaljósmyndari sakfelldur

**DÓMSMÁL** Eybór Kolbeinn Kristbjörnsson var sakfelldur í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær fyrir að hafa tekið myndir af og viðhaft kynferðislegt athæfi gagnvart nokkrum stúlkum á barnsaldri. Eybór nauðgaði einni stúlkanna, sem þá var 15 ára gömul.

Eybór var sýknaður af tveimur ákærulíðum. Hann var sýknaður af ákæru um að hafa greitt stúlkur fyrir kynferðismök, þar sem það þótti ekki sannað að atvikið hafi átt sér stað, og af ákæru um kynferðislegar athafnir með stúlkum sem þá var 14 ára gömul.

Í dóminum kemur fram að Eybór hafi fengið barnungur stúlkurnar

ýmist til að bera sig í vefmyndavél eða annars staðar þar sem hann tók sjálfur af þeim ljósmyndir. Þá lét hann stúlkur í að minnsta kosti eitt skipti hafa við sig munnmök.

Eybór setti sig í samband við stúlkurnar í gegnum samskiptasíður á netinu og lofaði þeim peningagreiðslum fyrir að sitja fyrir í kynferðislegum myndatökum sem og öðru kynferðislegu athæfi. Myndir af sumum stúlkanna fundust á tölvu Eybórs.

Eybór var dæmdur í fjögurra og hálfis árs fangelsi og gert að greiða tólf stúlkum skaðabætur vegna háttsemi sinnar.

- mlþ/jr



**DÆMDUR Í HÉRAÐSDÓMI** Eybór Kolbeinn var dæmdur í fjögurra og hálfis árs fangelsi í gær.



# Lækkum verð um þriðjung (33%) á öllum barnafatnaði og barnaskóm



**33%**  
**AFSLÁTTUR**  
af öllum  
barnafatnaði og  
barnaskóm  
7.-10. júní

**Skorum á nýja ríkisstjórn að efna  
kosningaloforðin og endurskoða skatta og  
gjöld á barnafatnaði og barnaskóm!  
Það er aukinn kaupmáttur!**



**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð



Ný bragðtegund með pizzakryddi

## Smurostar

við öll tækifæri

Ný viðbót í ...

- ... baksturinn
- ... ofnréttinn
- ... brauðréttinn
- ... súpuna

eða á hrökkbrauðið

... ný bragðtegund



ms.is

Nicorette® QuickMist munnholsúði

# 20%

afsláttur af 1 og 2 stk. pakkningum




Nikótínlyf

Tilboðið gildir til 30. júní

**Lyf & heilsa**  
við hlustum!

# Milljónir Sýrlendinga hjálparþurfi

Sameinuðu þjóðirnar sendu í gær frá sér alþjóðlegt hjálparkall vegna átakanna í Sýrlandi. Talið er að fjöldi sýrlenskra flóttamanna í nálægum ríkjum gæti farið upp í þrjár og hálfa milljón í lok ársins. Sjö þúsund manns flýja á hverjum degi.

**SÝRLAND** Fjöldi sýrlenskra flóttamanna í nágrannalöndum Sýrlands gæti farið upp í þrjár og hálfa milljón í lok ársins. Sameinuðu þjóðirnar hafa gefið út alþjóðlegt hjálparkall vegna ástandsins í Sýrlandi.

SP biðla til ríkja um að gefa rúmlega 600 milljarða íslenskra króna til að létta þjáningar milljóna manna, bæði innanlands og utan, sem hafa þurft að glíma við afleiðingar átakanna undanfarin tvö ár.

Yfirmaður flóttamannahjálpar SP, Antonio Guterres, sagði á blaðamannafundi í Genf fyrir skömmu að rúmlega ein og hálf milljón manna hafi nú þegar leitað hælis í Jórdaníu, Líbanon, Tyrklandi, Írak og Egyptalandi. Hann sagði um sjö þúsund manns fara yfir landamærin á degi hverjum.

„Ef átökin stöðvast ekki getum við átt von á gríðarlegri fólksfjölgun í Mið-Austurlöndum sem innviðir samfélagsins standa ekki undir,“ sagði Guterres og benti á að Líbanon og Jórdanía hefðu borið þungar fjárhagslegar byrðar vegna móttöku um hálfrar milljónar flóttamanna hvor.

Guterres sagði upphæðina blikna í samanburði við það sem ríki á Vesturlöndum hefðu eytt í björgunaraðgerðir bankanna og sambærilegt við það sem Bandaríkjamenn eyddu í ís á 32 dögum.



**ÓFREMDARÁSTAND Í SÝRLANDI** Ein og hálf milljón manna hefur nú þegar leitað hælis í Jórdaníu, Líbanon, Tyrklandi, Egyptalandi og Írak. NORDICPHOTOS/AFP

Valerie Amos, helsti ráðgjafi SP í mannúðarmálum, segir upphæðina vissulega háa en á bak við hana sé mannlegur harmleikur. Hún bendir á að um 80 þúsund manns hafi látið lífið síðan byltingin gegn Bashar Assad, forseta Sýrlands, hófst í mars 2011. Hún segir jafnframt að átökin hafi fært uppbyggingu Sýrlands aftur um tvo áratugi.

Á síðasta ári var talið að um fjórar milljónir manna væru hjálparþurfi í Sýrlandi en sú tala

hefur hækkað upp í sjö milljónir. Sérstaklega er mikilvægt að matur og lyf berist til landsins, en margir bændur geta ekki annast akra sína og verðlag á nauðsynjavörum hefur hækkað mikið undanfarna mánuði.

The World Food Program hefur tilkynnt að samtökin muni aðstoða fjórar milljónir manna í Sýrlandi fyrir september, til viðbótar við tvær milljónir flóttamanna í nálægum löndum.

[hanna@frettabladid.is](mailto:hanna@frettabladid.is)

## MYNDARLEGUR

[www.landrover.is](http://www.landrover.is)



**NÝR LAND ROVER DISCOVERY 4**  
VERÐ FRÁ 10.990.000 KR.

**OPIÐ LAUGARDAG**  
FRÁ 12-16

Land Rover Discovery 4 er einn glæsilegasti jeppi sem til er. 211 hestafla dísilvél sem eyðir aðeins 8,3 l/100 km í blönduðum akstri\*, ný 8 þrepa sjálfskipting með takaskiptingu í stýrinu og loftpúðafjöðrun á öllum hjólum sem tengd er Terrain Response stillanlega fjöðrunarkerfinu.

Þú færð allar nánari upplýsingar um verð og búnað á [www.landrover.is](http://www.landrover.is)

**BL**

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)

Bílahúsið  
Reykjanesbæ  
[www.bilahusid.is](http://www.bilahusid.is)  
421 8808

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
[www.bilak.is](http://www.bilak.is)  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
[www.bilak.is](http://www.bilak.is)  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
[www.bva.is](http://www.bva.is)  
470 5070



# HITTUMST Í KVENNAHLAUPINU OG HREYFUM OKKUR SAMAN



## GANGA EÐA SKOKK - ÞÚ RÆÐUR HRAÐANUM

Staður	Hlaupið frá	Forskráning
Vogar	Íþróttamiðstöðinni kl. 11.00	Í Íþróttamiðstöðinni á opnunartíma
Garðabær	Flataskóla kl. 14.00	Sjá www.sjova.is
Videy	Videyjarstofu kl. 10.30	7. - 8. júní í miðasöluskúr Eldingar á Skarfabakka - Sundahöfn
Reykjanesbær	Húsinu okkar, Hringbraut 108 kl. 10.00	Í Húsinu okkar 6. og 7. júní milli kl. 17 og 19
Sandgerði	Íþróttamiðstöðinni kl. 11.00	Í Íþróttamiðstöðinni á opnunartíma
Grindavík	Sundlaug Grindavíkur kl. 11.00	Í Sundlauginni á opnunartíma
Garður	Íþróttamiðstöðinni kl. 11.00	Í Íþróttamiðstöðinni á opnunartíma
Mosfellsbær	Varmárvelli kl. 11.00	Í Íþróttamiðstöðinni að Lækjarhlíð
Kjós	Kaffi Kjós v/ Medalfellsvatn kl. 14.00	á Kaffi Kjós
Akranes	Íþróttamiðstöðinni Jaðarsbökkum (Þyrlup.) kl. 10.30	Í Íþróttamiðstöðinni Jaðarsbökkum
Hvalfjardarsveit	Stjórnsýsluhúsi Hvalfjardarsveitar Innrimel 3 kl. 10.30	Á skrifstofu Hvalfjardarsveitar, á opnunartíma og hjá Þórdísi í s.: 696-8510 og 552-9343
Borgarnes	Íþróttamiðstöðinni kl. 11.00	
Hvanneyri	Sverrisvelli á Hvanneyri kl. 11.00	hjá Sólrúnu Höllu á netfangið salla@vesturland.is
Reykholt	Fosshótel Reykholti kl. 11.15	í móttöku Fosshótel Reykholti frá kl. 10.45 á hlaupadag
Stykkishólmur	Íþróttamiðstöðinni kl. 11.00	í Heimahorninu á opnunartíma
Grundarfjörður	Íþróttahúsinu kl. 11.00	hjá Kristínu Höllu
Ólafsvík	Sjómannagarðinum kl. 11.00	í Íþróttahúsinu í Ólafsvík
Staðarsveit	Lýsuhólsskóla kl. 11.00	
Reykhólar	Grettislaug á Reykhólum kl. 11.00	í Grettislaug dagana fyrir hlaup
Ísafjörður	Íþróttahúsinu Torfnesi kl. 11.00	hjá Sjóvá-Almennum, í versluninni Hlíf og versluninni Jóni og Gunnu vikuna fyrir hlaup
Bolungarvík	Hlaupið frá Hrafnakletti kl. 11.00	við Samkaup 7. júní frá kl. 16-18 og við Hrafnaklett á hlaupadag. Einnig geta flestar konur skráð sig á sínum vinnustað. í Víkurbúðinni
Súðavík	Gamla pósthúsinu kl. 11.00	
Flateyri	Íþróttahúsinu kl. 12.00	
Suðureyri	Íþróttahúsinu kl. 11.00	hjá Þorgerði Karlsdóttur í síma 899-9562
Patreksfjörður	Bröttuhlíð sundlaug kl. 14.00	
Vesturbýggð	Inni-Múla kl. 20.00	hjá Kristínu Hauks í síma 616-7965
Pingeyri	Íþróttamiðstöðinni Þingeyrarodda kl. 10.30	á Brekkugötu 42, 6. og 7. júní eftir kl. 16.30
Borðeyri	Tangahúsinu kl. 13	hjá Eddu í s. 863-1777 eða á netfangið edduyoga@gmail.com
Hólmavík	Íþróttamiðstöðinni kl. 11.00	hjá Ingu Sig. í síma 847-4415 eða á ingasig@holmavik.is
Dranganes	Fiskvinnslunni Dranga kl. 11.00	í Kaupfélaginu
Hvammstangi	Íþróttamiðstöðinni kl. 11.00	í síma 865-2092 eða á netfangið: usvh@usvh.is
Blönduós	Íþróttamiðstöðinni kl. 11.00	í anddyri Íþróttamiðstöðvarinnar 4. júní frá kl. 17-19
Skagastönd	Íþróttahúsinu kl. 11.00	í Olís á Skagastönd
Sauðárkrúkur	Sundlaug Sauðárkróks kl. 11.00	í Preksport og sundlauginni 5. og 6. júní frá kl. 18-20
Hólar	Háskólabyggingunni á Hólum kl. 10.30	hjá Sillu í síma 865-3582 eða á netfangið silla@gsh.is
Varmahlíð	Sundlauginni í Varmahlíð kl. 10.30	hjá Stefáníu Fjólú, Birkimel 12 frá 4. júní
Hofsós	Sundlauginni á Hofsósi kl. 11.00	í Sundlauginni á Hofsósi vikuna fyrir hlaup
Fljót	Sundlauginni Sólgröðum kl. 11.00	í Sundlauginni Sólgröðum 7. og 8. júní
Síglufjörður	Rauðkutorgi kl. 11.00	
Akureyri	Ráðhústorginu kl. 11.00	Glerártorgi, Hagkaup, Bónus og Samkaup Úrvali Hrísalundi
Eyjafjardarsveit	Hrafnagilsskóla, Eyjafjardarsveit kl. 11.00	
Grenivík	Íþróttahúsinu kl. 10.00	
Dalvík	Íþróttamiðstöð Dalvíkur kl. 10.30	í Samkaup Úrvali og hjá Sundfélaginu Rán
Ólafsfjörður	Íþróttamiðstöðinni kl. 11.00	
Hrísey	Júllabúð kl. 13.00	
Húsavík	Sundlaug Húsavíkur kl. 11.00	við sundlauginna frá kl. 10.00 á hlaupadag
Laugar	Húsmæðraskólanum á Laugum kl. 10.00	
Mývatn	Jarðböðunum við Mývatn kl. 11.00	hjá Dagbjörtu í s.: 898-9558 og í Jarðböðunum frá kl. 10.00 á hlaupadag
Kópasker	Heilsugæslunni á Kópaskeri <b>sunnud. 9. júní</b> kl. 11.00	
Raufarhöfn	Íþróttahúsinu kl. 11.00	
Þórshöfn	Íþróttamiðstöðinni Sport-Ver kl. 11.00	í Íþróttamiðstöðinni Sport-Ver í síma 468-1515
Vopnafjörður	Skrifstofu Einherja, Hafnarbyggð 4 kl. 11.00	hefst klukkutíma fyrir hlaup
Egilsstaðir	Tjarnargarðinum kl. 11.00	í Nettó og Bónus á Egilsstöðum 4., 6. og 7. júní frá kl. 16-18
Seyðisfjörður	Torgi kl. 11.00	í Íþróttahúsinu
Borgarfjörður eystri	Fjarðarborg kl. 13.00	hjá Sigrúnu Arngrímsdóttur
Reyðarfjörður	Andapollinum á Reyðarfirði kl. 11.00	við Andapollinn kl. 10.00 á hlaupadag
Eskifjörður	Sundlaug Eskifjarðar kl. 11.00	í s. 866-8868 og 867-0346
Neskaupstaður	Kaffihúsinu Nesbæ kl. 11.00	í Kaffihúsinu Nesbæ, 4. og 5. júní frá kl. 16.30-18 og 6. og 7. júní frá kl. 13-18
Fáskrúðsfjörður	Sundlaug Fáskrúðsfjarðar kl. 10.00	í sundlauginni á opnunartíma
Stöðvarfjörður	Veitingahúsinu Brekkunni kl. 11.00	á Brekkunni
Djúpivogur	Íþróttamiðstöðinni kl. 11.00	
Höfn	Sundlaug Hafnar kl. 11.00	í Sindrahúsinu Hafnarbraut 25
Skaftafell	Skaftafellsstofu kl. 12.00	í Skaftafellsstofu dagana fyrir hlaup
Selfoss	Byko í Langholti kl. 13.00	í Bónus 6.6 frá 16-18:30 og 6.6 frá kl. 14-18. Í Krónunni 5.6 frá 16 - 18, 6.6 frá 15-19 og 7.6 frá 14-18 og í BYKO 8.6 frá 10-13 á netfangið erla@solheimar.is eða hjá Erlu Thomsen í síma 480-4449 eða 893-9984
Sólheimar	Grænu könnunni, Sólheimum kl. 11.00	frá kl. 11.30 á hlaupadag
Gnúpverjahreppur	Félagsheimilinu Árnesi kl. 13.30	í Þjónustumiðstöðinni Grímsnesi
Hraunborgir Grímsnesi	Þjónustumiðstöðinni Grímsnesi kl. 14.00	í Bónus Hveragerði 7. júní
Hveragerði	Sundlauginni Laugaskarði kl. 14.00	
Ölfus	Gengið <b>13. júní</b> kl. 17.00 um Hvammsveg	Nánari upplýsingar hjá Herdísi Reynisdóttur
Þorlákshöfn	Íþróttamiðstöðinni <b>6. júní</b> kl. 20.00	í Íþróttamiðstöðinni
Eyrarbakki	Rauðahúsinu kl. 11.00	í Vesturbúðinni 4. júní milli kl. 18 og 20
Stokkseyri	Sundlaug Stokkseyrar kl. 11.00	á staðnum
Úthlíð	Réttinni kl. 10.00	í Hlíðarlaug daginn fyrir hlaup
Flúðir	Íþróttahúsinu á Flúðum kl. 11.00	við Samkaup Strax 7. júní frá kl. 16-18 og við Íþróttahúsið frá kl. 10.00 á hlaupadag
Hella	Íþróttahúsinu á Helli kl. 11.00	í Lyf og heilsu á Helli
Þykkvibær	Íþróttahúsinu <b>17. júní</b> kl. 11.00	
Hvolsvöllur	Íþróttamiðstöðinni á Hvolsvelli kl. 11.00	í Lyf og heilsu Hvolsvelli
Seljalandsfoss	Seljalandsfossi kl. 14.00	
Vík	Íþróttamiðstöðinni kl. 11.00	
Kirkjubæjarklaustur	Íþróttahúsinu Klaustri kl. 11.00	
Vestmannaeyjar	Íþróttamiðstöð Vestmannaeyja kl. 12.00	í líkamsræktarstöðinni Hressó og íþróttamiðstöðinni

Sjóvá Kvannahlaup ÍSÍ er orðinn fastur hluti af lífi þúsunda kvenna. Hlaupið er haldið á 90 stöðum víðs vegar um land og á 20 stöðum erlendis.

Í ár er hlaupið í samstarfi við styrktarfélagið Göngum saman.



Sjá nánar á [www.sjova.is](http://www.sjova.is)

Styrktarfélagið Göngum saman veitir árlega myndarlega fjárstyrki til íslenskra grunnrannsóknna á brjóstakrabbameini.



Göngum saman leggur áherslu á mikilvægi hreyfingar til heilsueflingar en hreyfing er mikilvæg forvörn gegn brjóstakrabbameini.

### Garðabæ, Flataskóli kl. 14

kl. 13.30 Upphitun hefst  
kl. 13.40 10 km ræstir  
kl. 13.45 Hvatningarávarp  
kl. 13.50 Upphitun heldur áfram  
kl. 14.00 2 og 5 km ræstir

- Teygur eftir hlaup
- Tanya og Zumba dývurnar frá Hress verða með skemmtatriði og stjórna diskóhópdansi
- Elsti þátttakandinn heiðraður

Akureyri, Ráðhústorginu kl. 11, upphitun hefst kl. 10.45

Mosfellsbæ, Varmárvelli kl. 11, upphitun hefst kl. 10.45



SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ





# Hallar á konur í flestum nefndum

Hlutfall karla í fastanefndum Alþingis er 60% en konur eru skipaðar 40% sæta. Eingöngu karlar sitja í efnahags- og viðskiptanefnd en aðeins einn karl í velferðarnefnd á móti átta konum. Kynjafræðingur segir skiptingu í nefndum endurspeglar gamaldags kynjahlutverk.

Lovísa Eiríksdóttir  
lovisa@frettabladid.is

Skipað var í nefndir Alþingis í vikunni. Fastanefndir Alþingis eru níu og konur eru í minnihluta í öllum nefndum nema tveimur. Kynjahlutföll eru mjög ólík eftir málaflokkum og eins og sjá má sitja engar konur í efnahags- og viðskiptanefnd en í velferðarnefnd sitja átta konur og einn karl.

Gyða Margrét Pétursdóttir, aðjúnkt í kynjafræði við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands, segir að gömul kynjahlutverk endurspeglar í nefndum nýrrar ríkisstjórnar. „Konur hafa í gegnum tíðina verið tengdar við velferðarmál og karlar við efnahags- og viðskiptamál og það endurspeglar svo sannarlega í þessari nefndaskipan,“ segir hún.

Í 15. grein jafnréttis laga segir að við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli

þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnst og hlutur hvors kyns sé ekki minni en 40 prósent þegar um fleiri en þrjú fulltrúa er að ræða. Þetta gildir einnig um stjórnir opinberra hlutafélaga og fyrirtækja sem ríki eða sveitarfélag er aðal-eigandi að.









































































„Svo virðist vera sem engar reglur gildi um skiptingu kynja í þingnefndir,“ segir Gyða undrandi.

Gyða bendir á að þó Ísland sé í fyrsta sæti á skýrslu frá World Economic Forum hvað varðar kynjabil sé bilið hvað mest þegar efnahagsleg þátttaka og tækifæri eru mæld og Ísland er aftur en öll Norðurlöndin í þeim flokki. Atvinnuþátttaka og sérfræðibekking kvenna yfir Íslendingum í fyrsta sæti í greiningunni en aðrir þættir draga landið niður.

Gyða segir óeðlilegt að Alþingi setji reglur um kynjahlutföll í nefndum, ráðum og stjórnum en hlýti ekki slíkum reglum sjálf.



**GYÐA MARGRÉT PÉTURSDÓTTIR**  
Undrast skipun í fastanefndir Alþingis.  
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

<p><b>Allsherjar- og menntamála-nefnd</b></p> <p>♂ 56% ♀ 44%</p>	 <b>UNNUR BRÁ KONRÁÐSDÓTTIR</b> FORMAÐUR	 <b>PÁLL VALUR BJÖRNSSON</b>	 <b>LÍNEIK ANNA SÆVARSDÓTTIR</b>	 <b>GUÐBJARTUR HANNESSON</b>	 <b>HELGI HRAFN GUNNARSSON</b>	 <b>JÓHANNA MARÍA SIGMUNDSDÓTTIR</b>	 <b>SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR</b>	 <b>VILHJÁLMMUR ÁRNASON</b>	 <b>WILLUM ÞÓR ÞÓRSSON</b>
<p><b>Atvinnuvega-nefnd</b></p> <p>♂ 67% ♀ 33%</p>	 <b>JÓN GUNNARSSON</b> FORMAÐUR	 <b>LILJA RAFNEY MAGNÚSDÓTTIR</b>	 <b>HARALDUR BENEDIKTSSON</b>	 <b>ÁSMUNDUR FRÍÐRIKSSON</b>	 <b>BJÖRT ÓLAFSDÓTTIR</b>	 <b>KRISTJÁN L. MÖLLER</b>	 <b>PÁLL JÓHANNSON</b>	 <b>PORSTEINN SÆMUNDSSON</b>	 <b>PÓRUNN EGILSDÓTTIR</b>
<p><b>Efnahags- og viðskipta-nefnd</b></p> <p>♂ 100% ♀ 0%</p>	 <b>FROSTI SIGURJÓNSSON</b> FORMAÐUR	 <b>PÉTUR H. BLÖNDAL</b>	 <b>PÁLL JÓHANNSON</b>	 <b>ÁRNI PÁLL ÁRNASON</b>	 <b>BRYNJAR NÍELSSON</b>	 <b>GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON</b>	 <b>STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON</b>	 <b>VILHJÁLMMUR BJARNASON</b>	 <b>WILLUM ÞÓR ÞÓRSSON</b>
<p><b>Fjárlaganefnd</b></p> <p>♂ 44% ♀ 56%</p>	 <b>VIGDÍS HAUKSDÓTTIR</b> FORMAÐUR	 <b>GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON</b>	 <b>ODDNÝ G. HARÐARDÓTTIR</b>	 <b>ÁSMUNDUR EINAR DAÐASON</b>	 <b>BJARKEY GUNNARSDÓTTIR</b>	 <b>BRYNHILDUR PÉTURSDÓTTIR</b>	 <b>HARALDUR BENEDIKTSSON</b>	 <b>KARL GARÐARSSON</b>	 <b>VALGERÐUR GUNNARSDÓTTIR</b>
<p><b>Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd</b></p> <p>♂ 56% ♀ 44%</p>	 <b>ÖGMUNDUR JÓNASSON</b> FORMAÐUR	 <b>BRYNJAR NÍELSSON</b>	 <b>BIRGITTA JÓNSDÓTTIR</b>	 <b>HELGI HJÖRVAR</b>	 <b>KARL GARÐARSSON</b>	 <b>LÍNEIK ANNA SÆVARSDÓTTIR</b>	 <b>PÉTUR H. BLÖNDAL</b>	 <b>SIGRÚN MAGNÚSDÓTTIR</b>	 <b>VALGERÐUR BJARNADÓTTIR</b>
<p><b>Umhverfis- og samgöngu-nefnd</b></p> <p>♂ 67% ♀ 33%</p>	 <b>HÖSKULDUR ÞÓRHALSSON</b> FORMAÐUR	 <b>KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR</b>	 <b>HARALDUR EINARSSON</b>	 <b>BIRGIR ÁRMANNSSON</b>	 <b>JÓN ÞÓR ÓLAFSSON</b>	 <b>KATRÍN JAKOBSDÓTTIR</b>	 <b>RAGNHEIÐUR RÍKHARSDÓTTIR</b>	 <b>RÓBERT MARSHALL</b>	 <b>VILHJÁLMMUR ÁRNASON</b>
<p><b>Utanríkis-málanefnd</b></p> <p>♂ 89% ♀ 11%</p>	 <b>BIRGIR ÁRMANNSSON</b> FORMAÐUR	 <b>ÁSMUNDUR EINAR DAÐASON</b>	 <b>VILHJÁLMMUR BJARNASON</b>	 <b>ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON</b>	 <b>FROSTI SIGURJÓNSSON</b>	 <b>GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON</b>	 <b>ÓTTARR PROPPÉ</b>	 <b>SILJA DÖGG GUNNARSDÓTTIR</b>	 <b>ÓSSUR SKARPHÉÐINSSON</b>
<p><b>Velferðarnefnd</b></p> <p>♂ 11% ♀ 89%</p>	 <b>SIGRÍÐUR I. INGADÓTTIR</b> FORMAÐUR	 <b>PÓRUNN EGILSDÓTTIR</b>	 <b>BJÖRT ÓLAFSDÓTTIR</b>	 <b>ÁSMUNDUR FRÍÐRIKSSON</b>	 <b>ELÍN HIRST</b>	 <b>ELSA LÁRA ARNARDÓTTIR</b>	 <b>KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR</b>	 <b>LILJA RAFNEY MAGNÚSDÓTTIR</b>	 <b>UNNUR BRÁ KONRÁÐSDÓTTIR</b>



# SUMAR HÁTÍÐ

Sölumenn okkar eru í samningastuði og bjóða óviðjafnanleg kjör á völdum bílum

OPIÐ FRÁ 12-16 Í DAG

## RENAULT MEGANE DÍSIL

**3.290 þús. kr. beinskiptur**

3.590 þús. kr. sjálfskiptur dísil.  
Lægsti CO<sub>2</sub> útblástur í flokknum 90 g/km.

Eldsneytisnotkun frá **3,5 l/100 km\***

 FRÍTT Í STÆÐI Á MIÐBORGARSVÆÐINU  DÍSIL



## NISSAN JUKE

**3.990 þús. kr.**

Þessi bíll kemur á óvart – líka þegar þú prófar.  
Ríkulegur stalbúnaður.

Eldsneytisnotkun frá **5,2 l/100 km\***

## SUBARU XV SJÁLFSKIPTUR

**5.390 þús. kr.**

Nýr sparneytinn Subaru með fullkomið fjórhjóladrif, bakkmyndavél og „start/stop“ búnað á vél.

Eldsneytisnotkun frá **5,5 l/100 km\***



## PYLSUR OG GOS

Verið velkomin á sumarhátíð BL í dag milli kl. 12-16 og kynnið ykkur landsins mesta úrval af glæsilegum nýjum bílum. BL – með bílinn handa þér!



BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is

Bílahúsið  
Reykjanesbæ  
www.bilahusid.is  
421 8808

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070



PEKKTIR BREIÐHYLTINGAR

Sigurður Kári Kristjánsson, lögmaður og fyrr. Alþingismaður



Bergsveinn Arelfusson, söngvari



Pétur Hafliði Marteinsson, fótboltamaður



Margrét Marteinsdóttir, fréttakona



Elsa Hrafnhildur Yeoman, forseti borgarstjórnar



Hildur Lilliendahl, femínisti



María Ellingsen, leikona og leikstjóri



Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi



Ragna Fossberg, förðunarmeistari



Rúnar Freyr Gíslason, leikari




Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra



Sverrir Þór Sverrisson, fjölmiðlamaður



Eidiur Guðjohnsen, fótboltamaður



Margrét Marteinsdóttir, fréttakona



Elsa Hrafnhildur Yeoman, forseti borgarstjórnar



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrrverandi ráðherra



Þórunn Jónsdóttir, deildarforseti við HÍ

# Vinirnir þorðu ekki upp í Breiðholt

Þegar Ingvar Sverrisson fór í MR smalaði hann bekkjarfélögum sínum í Tólfuna til að kynna Breiðholtið fyrir þeim. Mörg höfðu aldrei komið í hverfið. Hann segir að þótt vandamálin þar hafi verið meiri en annars staðar hafi hann ekki getað átt betri uppvaxtarstað.

Sunna Valgerðardóttir  
sunna@frettabladid.is



Ingvar Sverrisson er einn þeirra fjölmörgu Íslendinga sem ólust upp í Breiðholti. Hann minnst hverfisins með hlýju og segist hvergi annars staðar hafa viljað eyða æsku sinni. Þegar hann óx úr grasi lá leið hans meðal annars í borgarpólitíkina þar sem hann kynntist ástandinu í hverfinu frá fyrstu hendi, frá faglegu sjónarhorni.

**Skýrslan var „reality check“**

Árið 1994 kom út skýrsla um Breiðholtið sem einungis var birt starfsmönnum Reykjavíkurborgar á þeim tíma. Í skýrslunni kom skýrt fram að það væri að stefna í vanda í hverfinu, þar sem önnur og þriðja kynslóð af íbúum sem hefðu lifað á bótum frá ríkinu væri að koma upp. Ingvar var þá á sínum fyrstu starfsárum í borgarbatteini.

„Ég man vel eftir þessari skýrslu vegna þess að hún var „reality check“ fyrir mig. Þar sagði að við værum að fara að lenda í því sama og aðrar þjóðir að börn alast upp í þessu kerfi við það að það sé bara norm að vera á bótum og það þyrfti að gerast eitthvað í málunum ef við ætludum að snúa þeirri þróun við,“ segir hann. „Auðvitað var reynt að bregðast við þessu en ég held samt að þetta hafi ræst að einhverju leyti. Þetta var ákveðið vandamál og er enn þann dag í dag.“

**Þorðu ekki í Breiðholtið**

Ingvar ólst upp í Fellunum, Vesturberginu og Bökkunum. Yngri bræður hans, Sverrir Þór og Friðþjófur Ingi, fóru í Breiðholtiðsskóla en Ingvar hélt áfram í Fellaskóla þegar fjölskyldan fluttist í Bakkana. „Það var minn skóli. Þetta var svo



**LITÍÐ UM ÖXL** Ingvar segir að þótt margir krakkar úr hverfinu hafi farið illa hafi langflestir náð góðum árangri í lífinu þótt margir þeirra hafi verið að mestu leyti sjálfala. „Þetta er gott hverfi, en það var meira af krökkum sem áttu við vandamál að stríða og fjölskylduáðstæður voru erfiðar. Það er bara þannig,“ segir hann.

flottur hópur, æðislegir krakkar, en vandamálin voru auðvitað til staðar.“

Eftir Fellaskóla lá leið Ingvars í MR. Hann lauk þó stúdentsprófi í Breiðholti og færði sig á ný úr miðborginni eftir þriggja ára skólagöngu.

„Ég uppgötvaði ekki hvernig mynd Breiðholts var út á við fyrr en ég fór í MR. Ég var með krökkum úr Vesturbænum og Seltjarnarnesinu í bekk og þau höfðu bara fæst komið upp í Breiðholt vegna þess að þau þorðu ekki. Það sem var heimurinn fyrir mér var

staður fyrir þeim þar sem hrækt var á fólk,“ segir hann.

Ingvar segir þó að ekki hafi verið um fordóma að ræða hjá bekkjafélögum í MR. „Þetta var meira svona óttablandin virðing. Þetta voru allt einstaklega góðir krakkar, enda ákvað ég í fyrsta partiinu að safna þeim saman á Hlemmi þar sem ég fór með þau í Tólfuna og í „sightseeing“ í Breiðholtið. Það var mikið fjör.“

**Ímynd hverfisins ekki góð**

En það eru ekki bara menntaskólakrakkar úr Vesturbænum og

Seltjarnarnesi sem eru tortrygnir gagnvart Breiðholti. Íbúar hafa löngum haft áhyggjur af mynd hverfisins út á við, en eins og flestir vita eru fordómar oftast sprotnir upp úr fáfræði og vanþekkingu.

Hvernig upplifir Ingvar mynd síns gamla hverfis?

„Ég held að hún sé ekkert sérstaklega góð. Til að segja það hreint út held ég að það helgist meðal annars af því að hér búi svo margir úr minnihlutahópum. En fordómarnir voru líka til staðar áður en þeir komu, ég man til dæmis ekki eftir einum einasta útlendingi sem var

„Þá hugsaði ég með mér að það væru líklega svona fimmtán manns sem ég eyddi dögnum mínum með hérna, á fylleríum, í Fellahelli eða hér í kring, sem eru dánir. Og margir fyrir eigin hendi.“

með mér í skólanum. Á þeim árum stöfuðu fordómarnir af stéttaskiptingu, ekki hlutfalli innflytjenda. Vandamálin eru auðvitað fyrst og fremst þau að það var verið að setja alla á sama stað.“

**Margir fallið fyrir eigin hendi**

Ingvar undirstrikar að fjölmiðlar hafi einnig átt stóran þátt í „gettóvæðingu“ Breiðholtsins. Með langsóttum tengingum við hverfið, undirstrikunum á þjóðerni fólks í fréttum og ítrekun á nafni hverfisins þegar eitthvað neikvætt átti sér stað. Hann er þó meðvitaður um að ekki sé hægt að líta framhjá því að félagslegu vandamálin hafi verið meiri þar en í öðrum hverfum borgarinnar.

„Þabbi sýndi mér gamla bekkjarmynd af sér úr 12 ára bekk Breiðagerðisskóla um daginn og benti á að allir á myndinni væru enn á lífi. Þá hugsaði ég með mér að það væru líklega svona fimmtán manns sem ég eyddi dögnum mínum með hérna, á fylleríum, í Fellahelli eða eitthvað hér í kring, sem eru dánir. Og margir fyrir eigin hendi. Margir krakkar héðan hafa farið illa, en langflestir hafa náð góðum árangri í lífinu þótt þeir hafi verið að miklu leyti sjálfala,“ segir hann. „Þetta er gott hverfi, en það var meira af krökkum sem áttu við vandamál að stríða og fjölskylduáðstæður voru erfiðar. Það er bara þannig.“



**SÉÐ BAK VIÐ „LÖNGUVITLEYSU“** „Það gat bara verið hættulegt að enda fyrir aftan Lönguvitleysuna í Fellunum,“ segir Ingvar. „Þá gastu ekkert flúið, þar var hrækt á krakka og þeim strítt ef þeir voru ekki úr hverfinu. Þarna fór ókunnugt fólk ekki mjög glatt. Þetta var auðvitað ekki Harlem, en fólk gat lent í ýmsu.“



**RÖLT UM HÓLANA** Meðalaldur íbúa í Breiðholti hefur hækkað undanfarin ár og íbúafjöldi að sama skapi dregist saman.

**HÆSTA HLUTFALL ÍBÚA Á BÓTUM**

Í Breiðholti er hæsta hlutfall íbúa Reykjavíkur sem þiggja bætur frá borginni.

Samkvæmt ársskýrslu velferðarsviðs í fyrra er Breiðholt með hæsta hlutfall þeirra sem:

- Búa í félagslegum leiguíbúðum og fá sérstakar húsaleigubætur.
- Fá sérstakar húsaleigubætur vegna örorku, atvinnuleysis eða eru heimavinnandi.
- Fá sérstakar húsaleigubætur og búa á almennum leigumarkaði.

Tæpur fjórðungur þeirra sem fengu sérstakar húsaleigubætur í fyrra bjó í Breiðholti. Hlutfallið er það sama þegar skoðaðir eru þeir sem fengu fjárhagsaðstoð frá borginni.



HAUST OG VETUR 2013 - 2014

# TENERIFE & KANARÍ



SÓL Á TENERIFE



7 NÆTUR

FRÁ: **108.341** KR.

á mann m.v. 2 fullorðna í 7 nætur í stúdíóbúð á Tropical Playas

Brottför: 30. janúar 2014

SÓL Á KANARÍ



7 NÆTUR

FRÁ: **113.900** KR.

á mann m.v. 2 fullorðna í 7 nætur í stúdíóbúð á Hótel Las Arenas

Brottför: 29. janúar.

ÚRVALSFÓLK



TENERIFE - 21 NÓTT

FRÁ: **198.900** KR.

á mann m.v. 2 fullorðna á TROPICAL PLAYA í stúdíóbúð.

Brottför: 30. okt - 20. nóv.

ÚRVALSFÓLK



KANARÍ - 21 NÓTT

FRÁ: **186.500** KR.

á mann m.v. 2 fullorðna á Roque Nublo í íbúð með 1 svefnherbergi.

Brottför: 29. okt - 19. nóv.

ÚRVALSFÓLK



BENIDORM - 21 NÓTT

FRÁ: **199.900** KR.

á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli með HÁLFU FÆÐI á Gran Hotel Bali.

Brottför: 24. sept - 15. okt.

Við fljúgum í beinu morgunflugum í sólina í vetur.

Tenerife og Kanarí eru sannkallaðar sólarperlur þar sem einstaklega milt veður er allan ársins hring. Eyjarnar eru rómaðar fyrir hreinleika og einstakt náttúrufar. Hafðu samband við söluskrifstofu okkar og við setjum upp ferðina eftir þínum hentugleika!

ÚRVAL ÚTSÝN | LÁGMÚLI 4 108 RVK | S. 585 4000 | MEIRA Á [URVALUTSYN.IS](http://URVALUTSYN.IS)

ÚRVAL-ÚTSÝN





# Frábær opnunartilboð

Bosch,  
mest seldu  
heimilistækin í  
Evrópu.



## Ryksuga

BSN 1700

Nett og öflug, 1700 W.  
3 lítra ryksugupoki.

**Tilboð: 9.900 kr.**

Aðeins  
42  
stykki / boði.



## Kæli- og frystiskápur, hvítur

KGN 36VW20

Orkuflokkur A+. NoFrost.  
Rafeindastýring. Hraðfrysting.  
Öryggisgler. LED-lýsing.  
CrisperBox. ChillerBox.  
Mál (h x b x d): 186 x 60 x 65 sm.

**Tilboð: 99.000 kr.**

Aðeins  
12  
stykki / boði.



Aðeins  
36  
stykki / boði.

## Gufustraujárn

TDA 2610

2100 W. 1,8 metra snúra.  
Vatnstankur tekur 290 ml.  
Gufuskot: 90 g/mín.  
Gufuafköst: 30 g/mín.

**Tilboð: 3.900 kr.**



## Þvottavél

WAE 24061SN

Einstaklega góð kaup.  
Orkuflokkur A+. Tekur  
mest 6 kg. Vindur upp í  
1200 sn./mín.

**Tilboð: 69.900 kr.**

Aðeins  
30  
stykki / boði.



## Þvottavél

WAE 28164SN

Orkuflokkur A++. Tekur  
mest 7 kg. Vindur upp í  
1400 sn./mín. VarioPerfect.  
Hraðkerfi 15 mín.

**Tilboð: 79.900 kr.**

Aðeins  
30  
stykki / boði.



## Þurrkari

WTE 84102SN

Orkuflokkur B.  
Tekur mest 7 kg.  
Barkalaus.  
Rafeindastýrð  
rakaskynjun.

**Tilboð: 89.900 kr.**

Aðeins  
30  
stykki / boði.



## Uppþvottavél, hvít

SMU 50M92SK

Orkuflokkur A++. 13  
manna. Fimm kerfi.  
Mjög hljóðlát, 44 dB (A)  
re 1 pW.

**Tilboð: 109.900 kr.**

Aðeins  
14  
stykki / boði.



## Bakstursofn, stál

HBA 341455S

Stórt, 67 lítra ofnrými  
með átta  
hitunaraðgerðum.  
Hraðupphitun.  
Sjálfrhreinsiplata á  
baklið. Kjöthitamælir.

**Tilboð: 99.000 kr.**

Aðeins  
10  
stykki / boði.



## Eldavél, stál

HCE 728353U

Orkuflokkur A.  
Spanhelluborð.  
Stórt ofnrými 67 lítra.

**Tilboð: 129.000 kr.**

Aðeins  
10  
stykki / boði.



# Ný verzlun verður opnuð í dag

Við bjóðum upp á þýsk gæða-heimilistæki frá Bosch, mest seldu heimilistækin í Evrópu. Einnig borðbúnað og glæsilega gjafavöru.

Bosch er handa fólki sem vill traust og áreiðanleg tæki og er annt um umhverfið.

**Helgina 8. og 9. júní verður opunarhátíð Bosch-búðarinnar. Tilboð á öllum vörum í tilefni opunarinnar. Verið velkomin!**

**Afgreiðslutímar yfir opunarhelgina:**

**Laugardag frá kl. 11 til 18.**

**Sunnudag frá kl. 13 til 17.**

Andlitsmálun  
fyrir börnin.

Frí heimkeyrsla  
alla helgina innan  
Stór-Reykjavíkur-  
svæðisins.



**20% afsláttur** af Rösle. Hágæða pottar og eldhúshöld frá Þýskalandi.



**20% afsláttur** af Warm kaffi- og tebollum frá Tonfisk Design.



**20% afsláttur** af Magisso kökuþjóninum úr plasti. Fjórir litir fáanlegir.



# BOSCH

# - BÚÐIN -

Hlíðasmára 3 · [www.bosch.is](http://www.bosch.is) · Sími 520 3090



## Endurskoðun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar 2011-2030

Lýsing skipulagsverkefnis: Endurauglýsing

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar hefur ákveðið að leggja fram á ný til kynningar verkefnislýsingu fyrir endurskoðun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar, með vísan til 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Verkefnislýsingin er efnislega óbreytt frá fyrri útgáfu og stendur að öllu leyti fyrir sínu varðandi aðferðir og áherslur. Ástæða þess að verklýsingin er kynnt á ný er gildistaka nýrrar skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 og ákvæði hennar um reglugerðarskil, en nýtt aðalskipulag Keflavíkurflugvallar mun verða sett fram í samræmi við ákvæði nýrrar skipulagsreglugerðar.

Nálgast má lýsingu skipulagsverkefnis á vefnum: [www.isavia.is/skipulagslysing](http://www.isavia.is/skipulagslysing)

Þeir sem sendu inn ábendingar við fyrri kynningu á lýsingu verkefnis þurfa ekki að senda þær að nýju.

Ábendingar skal senda til skipulagsfulltrúa Keflavíkurflugvallar, Sigurðar H. Ólafssonar, [shol@isavia.is](mailto:shol@isavia.is), fyrir 28. júní næstkomandi.



KEFLAVÍK  
INTERNATIONAL AIRPORT  
ISAVIA



## Vígrefir stuðningsmenn landsliðsins




**STÁLINU STAPPAD** Nokkur fjöldi stuðningsmanna lagði leið sína í Laugardalinn í gær til að fylgjast með knattspyrnuleik Slóveníu og Íslands. Í Laugardalshöllinni var boðið upp á „fyrirpart“ bar sem gestir gátu fyllt kroppinn af bjór fyrir leikinn. Bannað er að drekka áfengi á vellinum sjálfum, svo að margir nýttu tækifærið og fengu sér nokkra gráa.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

# Opið hús hjá ferðapjónustubændum

Um allt land sunnudaginn 9. júní kl. 13:00 - 17:00



## Nýr bæklingur, kaffi og skemmtilegheit

Meðal þess sem verður í boði:

- heilsað upp á dýrin
- heimsókn í fjósið
- smakk beint frá býli
- lifandi tónlist
- skeifukastskeppni
- fræðsla um ylrækt og fleira

Sjáðu hvaða bær bjóða heim á [www.sveit.is](http://www.sveit.is)



Velkomin í sveitina

ferðapjónusta bænda



# VIÐ ERUM 100 ÁRA OG HÖLDUM HÁTÍÐ

Á LAUGARDAGINN FRÁ KL. 14 - 16

Coca-Cola

AFMÆLISTILBOÐ



FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ, LOFTKASTALAR,  
PYLSUR, COKE, CANDYFLOS OG MARGT FLEIRA  
NJÓTTU DAGINS MEÐ OKKUR!



MEÐ ÖLLUM HJÓLHÝSUM  
FYLGIR AUKAHLUTAPAKKI  
AÐ VERÐMÆTI  
KR. 250.000.



PALOMINO 10 feta Yearling  
með fortjaldi, dúk í fortjald  
og grjóthind  
Afmælistilboð kr. 2.490.000.



ÆGISVAGNINN með yfirbreiðslu,  
fortjaldi og dúk í fortjald  
Afmælistilboð kr. 1.190.000.



**SEGLAGERÐIN ÆGIR**

Par sem ferðalagið byrjar

TIL ÞJÓNUSTU Í 100 ÁR

Eyjarslóð 5 101 Reykjavík  
S: 511 2200 www.seglagerdin.is

Opið  
Laugardagur 11:00-16:00  
Sunnudagur 12:00-16:00



Alþingi fer ekki eftir eigin lögum:

## Jafnréttislög eru lélegur brandari

**K**onur eru í minnihluta í öllum fastanefndum Alþingis nema tveimur. Í efnahags- og viðskiptanefnd eru til dæmis bara karlar. Já, árið er 2013 og karlarnir Frosti Sigurjónsson, Pétur H. Blöndal, Páll Jóhann Pálsson, Árni Páll Árnason, Brynjar Níelsson, Guðmundur Steingrímsson, Steingrímur J. Sigfússon, Vilhjálmur Bjarnason og Willum Þór Þórsson sitja saman í efnahags- og viðskiptanefnd.

Mikael Torfason

mikael@frettabladid.is



Það sem er sér í lagi óhugnanlegt við þessa nýju nefnd er sú staðreynd að 15. grein jafnréttislaga segir skýrt að við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafn-

ast og hlutur hvors kyns ekki minni en fjórutíu prósent þegar um fleiri en þrjá fulltrúa sé að ræða.

Auðvitað eru jafnréttislög eins og hver annar lélegur brandari ef Alþingi sjálft getur ekki farið eftir eigin lögum. En svo virðist sem sérlög gildi um Alþingi. Þar á bæ virðist fólk telja sig fullfært um að setja öllum öðrum lög sem það sjálft þarf ekki að fara eftir. Til dæmis er búið að setja lög um kynjahlutföll í stjórnnum hlutafélaga. Þau lög taka gildi í haust og eru í anda fyrrnefndra jafnréttislaga.

Fastanefndir Alþingis eru átta og aðeins þrjár þeirra standast kröfur jafnréttislaga. Það er misjafnt hversu mikið vantar upp á en hvergi er ástandið jafn slæmt og í efnahags- og viðskiptanefnd. Í utanríkismálanefnd er ein kona. Hún heitir Silja Dögg Gunnarsdóttir. Hún er í nefndinni með þeim Birgi Ármannssyni, Ásmundi Einari Daðasyni, Vilhjálm Bjarnasyni, Árna Þór Sigurðssyni, Frosta Sigurjónssyni, Guðlaugi Þór Þórðarsyni, Óttari Proppé og Óssuri Skarphéðinsyni.

Í einni nefnd er bara einn karlmaður. Já, kæri lesandi, að sjálfsgöðu er það velferðarnefnd. Hann Ásmundur Friðriksson situr í henni, ásamt Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur, Þórunni Egilsdóttur, Björt Ólafsdóttur, Elínu Hirst, Elsu Láru Arnardóttur, Katrínu Júlíusdóttur, Lilju Rafneyju Magnúsdóttur og Unni Brá Konráðsdóttur.

Á Alþingi eiga konur nú um fjórutíu prósent þingsæta og karlar sextíu. Ráðherrar ríkisstjórnar eru níu en aðeins þrjár konur eiga þar sæti. Ef þessi stjórn væri stjórn fyrirtækis myndi hún ekki uppfylla lög um að minnst fjórutíu prósent stjórnarfélks verði að vera af hvoru kyni.

Svo virðist sem sérlög gildi um Alþingi og ríkisstjórn Íslands. Það er miður, því að traust fólks á stjórnvöldum minnkar ár frá ári. Það er ekki gott að vita að hér sitji Alþingi sem setur okkur reglur sem það fer ekki sjálft eftir. Vel má vera að margir þingmenn séu á móti lögum um kynjahlutföll í stjórnnum og nefndum. Kannski er hægt að færa fyrir því rök að svona lög séu ólög en sama hvað fólki finnst um lögin þá eru þau í gildi. Á meðan svo er þá er með ólíðandi að hvorki ríkisstjórnin né Alþingi fari eftir þeim.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

## KOLAPORTIÐ

Kolaportíð er opið laugardaga og sunnudaga frá kl. 11-17



Tryggvagötu 19 • 101 Reykjavík  
Sími 562 5030 • www.kolaportid.is

### SPOTTIÐ



### AF KÖGUNARHÓLI PORSTEINS PÁLSSONAR

## Að eilífu, amen

**F**rá því var greint í vikunni að Landsbankinn hefði skrifað gamla bankanum bréf og óskað eftir að endursejja um kjör og lánstíma á þrjú hundruð milljarða króna skuldabréfi. Lengi hefur verið vitað að hvorki bankinn né þjóðarþingi eiga gjaldeyri til að greiða þessa skuld á réttum tíma.

Skuldin er hluti af fortíðarvanda fyrri eigna sem er núverandi stjórnendum óviðkomandi enda hafa þeir sýnt fulla ábyrgð í störfum. En þeir sitja uppi með vandann. Og hann er af þeirri



stærðargráðu að bankinn myndi standa andspænis sömu örlögum og haustið 2008 ef ekki yrði fallist á beiðnina. Með því að Landsbankinn er ríkisbanki eru skattgreiðendur raunverulegir skuld- arar.

Hvernig sem á málið er litið er erindi Landsbankans eðlilegt og hafið yfir alla gagnrýni. Og Seðlabankinn telur hverfandi líkur á að illa fari. Aftur á móti varpar erindið ljósi á nokkur lykilatriði í stjórnmalumræðunni sem vert er að skoða.

Fyrst er að líta til þess að í kröfuhafahópi gamla bankans sitja á fleti

fyrir ríkisstjórnir Bretlands og Hollands vegna Icesave-skuldarinnar. Með öðrum orðum: Það mál er afturgengið. Steingrímur J. Sigfússon staðhæfði á Sprengisandi í byrjun vikunnar að Icesave-málið væri nú að leysast af sjálfu sér. Ósk Landsbankans um samninga sýnir að það er rangt. Nú þarf enn einu sinni að semja fyrir hönd skattgreiðenda við ríkisstjórnir þessara landa.

Í þessu sambandi er líka eðlilegt að spurt sé: Lofuðu ekki forseti Íslands og núverandi forsætisráðherra að Icesave væri úr sögunni með þjóðaratkvæðinu? Lofuðu þeir ekki aftur að það væri úr sögunni með EFTA-dómnum? Svárið er: Jú, þeir gerðu það, en sögðu ósatt.

## Á að hótta höftum?

**F**réttir herma að Landsbankinn hafi í sama bréfi og óskað var eftir gjaldfresti sagt tvímælalaust að verði ekki orðið við þeirri ósk sitji kröfuhafarnir uppi með krónur bundnar í höftum um ófyrirsjáanlega framtíð. Þetta er köld en raunsönn lýsing á veruleikanum. Með engu móti er unnt að gagnrýna að hann sé dreginn fram í dagsljósið.

En þessi hluti bréfsins gefur tilefni til að líta á aðra pólitíska hlið þessa máls. Forsætisráðherra hefur sagt að höftin séu sterkasta

vopn Íslendinga í glímuni við þá vondu útlendinga sem eiga kröfur á gömlu bankana. Hótunin um að framlengja höftin muni knýja þá til að gefa kröfur sínar eftir að stærstum hluta. Þar með verði unnt að aflétta þeim og endurgreiða öllum verðbólguhækkun húsnæðislána án kostnaðar fyrir skattgreiðendur.

Forsætisráðherra hefur sett þetta sjónarmið í hástemmt þjóðernislegt samhengi. Þannig hefur hann lofað að beita fullveldisréttinum til hins ýtrasta til að

standa við þessa hótun og að réttindi Íslendinga verði að fullu tryggð. Trúlega á það að jaðra við föðurlandssvik að líta á málið frá víðara sjónarhorni.

Flest bendir til að það sé rétt mat að við þessar aðstæður megi ræða með árangri við kröfuhafana um gjaldfresti og afskriftir. Á hinn bóginn verða menn að gera sér grein fyrir hvað það þýðir í raun og veru þegar ríkisstjórnin segir við kröfuhafana: Afskriftir eða höft að eilífu, amen.

## Veikleiki fremur en styrkleiki

**E**ins og sakir standa er líklegt að ekki reyni á hótunina. En það breytir ekki hinu að hótun ber að setja fram í styrkleika en ekki veikleika. Viðsemjendunum þarf með öðrum orðum að vera ljóst að Íslendingar séu fúsir og sáttir að búa við þær aðstæður sem framkvæmd hennar myndi kalla yfir þá.

Þegar að er gáð er ekki víst að svo sé. Varanleg viðskiptahöft munu koma með meiri þunga niður á Íslendingum sjálfum en kröfuhöfunum. Hvert ár í höftum er dýrt fyrir þjóðarbúskapinn.

Þetta vita kröfuhafarnir og ríkisstjórnir Bretlands og Hollands. Samt sem áður má ætla að þeir sem hlut eiga að máli líti svo á að allir hafi hag af lausn málsins.

Ef gjaldeyrishöftin eru varanlegur veruleiki á að viðurkenna þann veikleika en ekki halda hinu fram að þau séu hástíga fullveldisréttarinn í átökum við illa innrætta útlendinga. Fyrstu stóru utanríkispolitísku mistök Íslands voru að hótta Bandaríkjunum með uppsögn varnarsamningsins. Þeir fóru og við stóðum ekki við hótunina, enda

hefði það verið andstætt þjóðarhagsmunum.

Þriðja pólitíska hliðin sem vert er að líta á í þessu samhengi er að samningar við kröfuhafa duga ekki til að afnema höftin. Þar þarf miklu meira til. Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um að neita að horfa á og ræða aðra kosti í gjaldmiðlismálum en krónuna þrengir stöðu Íslands og gerir landið þar af leiðandi of háð velvild kröfuhafanna. Við svo búið er hæpið að staðhæfa að fullveldisréttinum sé beitt til hins ýtrasta til að verja íslenska almannahagsmunum.



## NÝR FORD **KUGA** TITANIUM

Jeppi sem þú getur talað við? Sem svarar símtölum og spilar tónlist fyrir þig? Sem hringir sjálfkrafa eftir aðstoð í neyð? Sem opnar fyrir þig skottið þegar þú ert með báðar hendur fullar? Nýi Ford Kuga gerir þetta fyrir þig. Hann er svo snjall að í raun er hann snjalljeppi. Kynntu þér hvernig Ford gerir líf þitt þægilegra. Komdu og prófaðu.

**KRAFTMIKILL  
UNDRÁVERÐUR  
GLÆSILEGUR  
AFAR SNJALL**



### FORD **KUGA** TITANIUM

BEINSKIPTUR FRÁ  
**5.790.000 KR.**

SJÁLFSKIPTUR FRÁ  
**6.190.000 KR.**

**KOMDU Á FRUMSÝNINGU Í DAG,  
LAUGARDAG MILLI KL. 12 OG 16**



[ford.is](http://ford.is)



**Öruggur staður til að vera á**

Brimborg Reykjavík    Brimborg Akureyri  
Bíldshöfða 6            Tryggvabraut 5  
Sími 515 7000            Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.  
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16



# Góðan daginn, Reykvíkingar

## SKIPULAGSMÁL

Jón Gnarr  
Einar Örn Benediktsson  
Óttarr Proppé  
Elsa Yeoman  
Karl Sigurðsson  
Eva Einarsdóttir  
Páll Hjaltason  
Heiða Kristín Helgadóttir  
S. Björn Blöndal

Við borgarfulltrúar Besta flokksins höfum eftirfarandi fram að færa í umræðunni sem nú fer fram um skipulagsmál í miðborginni.

Landsímareiturinn í hjarta Reykjavíkur er eitt mikilvægasta svæði borgarinnar og liggur að þremur frábærum torgum, Ingólfs-torgi, Víkurgarði og Austurvelli. Þegar núverandi borgarstjórnarmeirihluti tók við árið 2010 hafði lengi verið óvissa um framtíðarskipulag svæðisins. Því var samþykkt að efna til alþjóðlegrar samkeppni um reitinn.

Helstu niðurstöður þeirrar vinnu eru eftirfarandi:

- Gömul hús á svæðinu fá að standa. Gamli Kvennaskólinn mun áfram prýða Austurvöll en það hús er framhlið skemmtistaðarins sem nefndur er NASA.
- NASA-salurinn verður endurbýggður frá grunni og færður til fyrri glæsileika.
- Uppbygging á bílastæðinu við Kirkjustræti verður sambærileg gömlu húsunum sunnan

við götuna og styrkir því götmyndina.

- Byggt verður á auðum lóðum við Vallarstræti og verða þau hús lík gömlu húsunum sem fá að standa.
- Engar breytingar verða á Ingólfstorgi eða Austurvelli og gamli kirkjugarðurinn í Víkurgarði verður verndaður.
- Byggingamagn nýbygginga minnkar um rúmlega þúsund fermetra.
- Kvistir sem koma á þak gamla Landsímahússins verða svipaðir kvistum á Hótel Borg og munu ekki hafa nein áhrif á skuggavarp á Austurvelli.
- Nýbygging við Kirkjustræti skapar betri umgjörð um Austurvöll og Víkurgarð og mun ekki auka skuggavarp á útivistarsvæðum.

Samhliða uppbyggingu verður umferð í Kvosinni endurskipulögð með hliðsjón af aukinni ferðaþjónustu. Vert er að hafa í huga að hótélrekstur skapar minni umferð en skrifstofur sem eru í húsunum núna.

### ... og svo er það NASA

Líkt og margir borgarbúar eigum við góðar minningar um tónleika á NASA. Sum okkar hafa meira að segja spilað þar og haft af því fjárhagslegan ávinning.

Til þess að setja umræðuna í samhengi við sögu NASA er ekki úr vegi að rifja upp hvernig rekstur staðarins gekk. Starfsemi var á köflum stopul og fór fram fyrst og fremst um helgar, á kvöldin og að næturlagi. Yfir daginn var lokað og því fylgdi starfsemi hvorki birta né líf. Undir lokin kom þáverandi rekstraraðili að máli við núverandi borgaryfirvöld og óskaði eftir stuðningi þeirra. Þá var endanlega komið í ljós að starfsemi var ekki arðbær.

Það er hugsanlegt að sveitarfélag geti séð sér hag í því að koma að rekstri slíks húss. Í tilfalli Reykjavíkurborgar er staðan sú að borgin tekur nú þegar þátt í rekstri fjölmargra staða sem auðga mannlíf og gera fjölda listamanna kleift að halda tónleika og listviðburði. Má þar nefna tónlistar- og ráðstefnuhöllina Hörpu, Listasafn Reykjavíkur, Borgarleikhúsið, Laugardalshöll, Egilshöll, Iðnó, Sjónlistamiðstöðina við Korpúlfsstaði og Tjarnarbió.

Í tilfalli NASA getum við ekki fallist á að rétt sé að verja stórfé í að koma að rekstri staðarins og kaupa fasteignir (sem reyndar eru ekki til sölu) til að ráðast í gríðarlega kostnaðarsamar endurbætur í veikri von um að einhver geti rekið þar tónleikastað.

Það er núverandi borgarstjórnarmeirihluta og okkur í Besta flokknum sérstakt metnaðar-



→ Vonandi er nú öllum orðið ljóst að fyrirhuguð er glæsileg uppbygging á reitnum.

mál að bjóða íbúum Reykjavíkur og gestum hennar upp á öflugt menningarlíf. En það er okkur ekki síður metnaðarmál að skila borginni og sjóðum hennar í betra horfi en þegar við tókum við.

Að þessu sögðu er rétt að ítreka eina ferðina enn að til stendur að endurbýggja NASA í upprunalegri mynd skv. fyrirbyggjandi tilöggu. Þar verður hægt að halda tónleika, móttökur og viðburði. Hins vegar er ólíklegt að hægt verði að halda þar dansleiki fram undir morgun.

### ... og svo er það hótelið

Hugmyndir um hótéluppbyggingu á Landsímareitnum hafa verið gagnrýndar. Við erum ekki sammála þeirri gagnrýni. Ferðaþjónusta er orðin mikilvægur atvinnuvegur í borginni. Dæmi um vel heppnuð hótél, sem hafa skapað talsvert líf í miðborginni, eru Marina og Kex.

Enginn ætlar sér að kæfa miðborgina með hótélum en þar er sannarlega skortur á gistirými fyrir ferðamenn. Ein birtingarmynd þess er að leiguverð hækkar vegna þess að íbúðir eru leigðar út í stórum stíl til ferðamanna.

### ... og niðurstaðan er

Að vandlega athuguðu máli eru ekki forsendur til þess að verja NASA í núverandi mynd.

Vonandi er nú öllum orðið ljóst að fyrirhuguð er glæsileg uppbygging á reitnum. Samkomusalurinn verður endurgerður. Þar verður áfram tónleikahald. Við bætist hótél með veitingastöðum og verslunum á neðstu hæð. Uppbyggingin mun því bæta mannlífið við Landsímareitinn og í miðborginni allri.

Frá **79.900 kr.**  
Ótrúleg kjör!

Síðustu sætin til

# Costa del Sol

20. júní í 11 nætur

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætunum 20. júní í 11 nætur. Önnur gisting í boði á ótrúlegum kjörum.



**Aguamarina**  
Kr. 79.900

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með einu svefnherbergi.  
Netverð á mann m.v. 2 fullorðna í studio íbúð kr. 92.900.



**Griego Mar**  
Kr. 99.900 – með allt innifalið

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í fjölskylduherbergi.  
Netverð á mann m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 119.900.



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

## Landsvirkjun

### Bíltúr á Búrfell

Gagnvirkra orkusýningin í Búrfellsstöð við Þjórsá er skemmtileg og lærdómsrík fyrir fólk á öllum aldri. Skammt fyrir norðan stöðina eru vindmyllurnar tvær sem Landsvirkjun hefur reist í rannsóknarskyni, þær fyrstu sinnar gerðar á Íslandi. Akstur frá Reykjavík tekur aðeins um eina og hálfu klukkustund og við erum alltaf með heitt á könnunni.

Gestastofur Landsvirkjunar eru opnar 10–17 alla daga í allt sumar:

#### Búrfellsstöð

Gagnvirk orkusýning og vindmyllur á Hafnu

#### Kröflustöð

Jarðvarmasýning í gestastofu

#### Fljótdalsstöð

Gestastofa í Végarði og leiðsögn um Kárahnjúka

Nánari upplýsingar á

[www.landsvirkjun.is/heimsoknir](http://www.landsvirkjun.is/heimsoknir)



# Endurreisnarstjórnin er komin á slysstað

Það var ekki mikil reisn yfir Jóhönnu Sigurðardóttur þegar hún kvaddi forsætisráðuneytið á dögnum og hafði það helst að segja á lokastundinni að ný ríkisstjórn „tæki við góðu búi.“ Það er ekki einu sinni hægt að reiddast yfir tilraunum hennar til blekkinga enda eru landsmenn nýbúnir að kveða upp sinn

**EFNAHAGSMÁL**



Helgi Magnússon framkvæmdastjóri

→ Nú er lag að breyta um stefnu. Nú er lag að hefja allsherjar-endurreisn.

á slysstað og þá verður að láta hendur standa fram úr ermum.

Fyrir liggur að hagvöxtur í landinu er alltof lágur og minni en haldið hefur verið fram. Fjárfestingar eru í sögulegu lágmarki þegar litið er yfir 70 ára tímabil. Atvinnuleysi er enn þá þannig að Íslendingar eiga ekki að venjast slíku og sætta sig ekki við það þó svo aðrar þjóðir hafi mátt búa við mikið atvinnuleysi í gegnum tíðina. Það leysir ekki neinn vanda fyrir okkur. Skattþingastefna vinstri stjórnarinnar hefur dregið mátt úr fólki og fyrirtækjum. Af þeirri leið verður að snúa eins hratt og kostur er. Við höfum misst þúsundir Íslendinga úr landi vegna þess að fólk fékk ekki viðfangsefni við hæfi og skorti trú á framhaldið. Það verður að skapa þau skilyrði að fólk snúi til baka. Fyrri stjórn stóð í illdeilum við heilar atvinnugreinar og hamlaði uppbyggingu í sjávarútvegi og orkufrekum iðnaði. Þeirri þróun verður að snúa við þegar í stað.

## Við erum þolendurnir

Þeir útlendingar sem kunna að hafa gefið þeim góðan vitnisburð hafa að sönnu ekki verið þolendur rangra ákvarðana fyrri stjórnar eins og við sem búum hér á landi og höfum mátt láta mistökin yfir okkur ganga. Enda var það í okkar verkahring en ekki þeirra að gefa þá einu einkunn sem gildir nú. Hún var birt á kjördag og reyndist vera falleinkunn.

Sagan mun dæma verk síðustu ríkisstjórnar. Ljóst er að fyrrverandi ráðherrar kvíða þeim dómi og er það að vonum. Þeir og ýmsir fallnir og fyrrverandi þingmenn hafa hamast við að reyna að fegra myndina. En það mun engu breyta. Staðreyndir tala sínu máli. Engu að síður er full ástæða fyrir núverandi stjórnarflokka að láta áróðurinn ekki trufla þau mikilvægu verk sem nú eru fram undan. Leyfið Samfylkingu og Vinstri grænum að sleikja sár sín í friði enda er það mikið verk. Leyfið þeim þó ekki að falsa söguna. Horfið fram á veginn og takið til óspilltra mála. Það þarf að vinna hratt og markvisst að því að hrinda hér í framkvæmd efnahagsstefnu sem gagnast atvinnulífnum og öllum landsmönnum. Við megum engan tíma missa, við misstum svo mikinn tíma á síðasta kjörtímabili.

## Vinstri stjórnin var slys

Ferill síðustu ríkisstjórnar var slys. Nú er björgunarliðið komið

## UMMÆLI VIKUNNAR

01.06.2013 → 07.05.2013

„Því er í senn ábyrgt og nauðsynlegt að deila þeirri sýn með þingi og þjóð að litlu kann að skipta hvort Ísland kys að halda viðræðum áfram; mótaðillann virðist í reynd skorta getu eða vilja til að ljúka þeim á næstu árum.“

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, um aðildarviðræðurnar við ESB í ræðu sinni við setningu Alþingis 6. júní síðastliðinn.



„Mér mun alltaf þykja undurvænt um þennan öðling og hugsa til hans með virðingu. Ég er bara ein af svo mörgum sem hann snerti á lífsleiðinni og það er það sem hann gerði. Hann snerti fólk á sinn einstaka hátt og gerði heiminn og fjölmiðlaheiminn svo miklu betri.“

Sigga Lund, fyrrverandi útvarpskona, vegna fráfalls Hemma Gunn.

## Sköðun visir.is

630

FIMMTUDAGUR 6. JÚNÍ  
**Af kandidötum og kjarasamningsbrotum**  
Ómar Sigurvin,  
formaður Félags almennra lækna

438


FIMMTUDAGUR 6. JÚNÍ  
**Ríkari en Norðmenn?**  
Jón Steinsson, dósent í hagfræði  
við Columbia-háskóla í New York

280

MÍÐVIKUDAGUR 5. JÚNÍ  
**„Hættið að geraða“**  
Sif Sigmarsdóttir pistlahöfundur

251

MÁNUDAGUR 3. JÚNÍ  
**Ennþá lefir menningin**  
Guðmundur Andri Thorsson pistlahöfundur



## Erfðir og brjóstakrabbamein

Þriðjudagur, 11. júní, kl. 16.30–18.30

Málþing haldið á vegum samtakanna Göngum saman, Krafts og Samhjálpur kvenna í samvinnu við læknadeild Háskóla Íslands

- **Staðsetning:** Háskólatorg Háskóla Íslands, salur 102.
- **Fundarstjóri:** Gunnhildur Óskarsdóttir, formaður Göngum saman.
- **Inngangsorð:** Magnús Karl Magnússon, prófessor og varaforseti læknadeildar.


Stuttir fyrirlestrar (15 mín. hver):

- **Hvað eru BRCA-gen?** Jórunn Erla Eyfjörð, prófessor við læknadeild HÍ.
- **BRCA-gen á Íslandi.** Upplýsingar Íslenskrar erfðagreiningar. Kári Stefánsson, forstjóri IE.
- **Erfðaráðgjöf og brjóstakrabbamein.** Hvað er gert ef stökkbreytingar greinast? Vigdís Stefánsdóttir erfðaráðgjafi við erfðaráðgjöf LSH.
- **Hvað eigum við að gera við þessar upplýsingar?** Salvör Nordal, forstöðumaður síðfræðistofnunar.
- **Pallborðsumræður** með þátttöku sjúklinga, fræðimanna og fleiri aðila.




HÁSKÓLI ÍSLANDS

www.hi.is









# Sumarhátíð

20% - 40% afsláttur af öllum vörum

... OG VIÐ MEINUM AF ÖLLUM VÖRUM: SUMARBLÓM - RUNNAR - ÁVAXTATRÉ  
POTTAR - TÆKI - TÆKJALEIGA - GÆLUDÝRAVÖRUR - GRILL - STYTTUR  
GJAFAVARA - BLÓM - VEITINGAR O.F.L., O.F.L.

Á SPÍRUNNI  
GRILLAÐAR PYLSUR  
OG GOS EÐA SAFI  
Á 100KR

ÍSPINNAR OG  
BLÖÐRUR FYRIR BÖRNIN!

**emmessis**

ÖLL ÁVAXTATRÉ  
MEÐ 40% AFSLÆTTI  
Á SUMARHÁTÍÐ!


## SÉRSTAKAR KYNNINGAR UM HELGINA

NÝTT Á ÍSLANDI  
KOLAOFNARNIR/LÚXUSGRILLIN  
THE BIG GREEN EGG.

NÝTT Í GARÐHEIMUM  
WOODEX VIÐARVÖRNIN  
SÍVINSÆLA



**GARÐHEIMAR**

Gardheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • [gardheimar.is](http://gardheimar.is) og á 



# HELGIN



## Brjóst og bleiur

### Sigríður Elva Vilhjálmstöðir sjónvarpskona

Ég ætla með Teiti manni mínum og sex vikna dóttur okkar í hennar fyrstu langferð vestur á Strandir. Hún er hins vegar full ung til að njóta félagskappar rebbu og branduglunnar í sveitinni og því reikna ég með að helgin snúist um brjóst og bleiur eins og aðrir dagar í návist þessarar undraveru.



## Tengdó og afmæli

### Líf Magneudóttir varaborgarfulltrúi

Eins og alltaf á laugardögum förum við fjölskyldan í bröns til tengdó. Svo gerum við eitt-hvað skemmtilegt með börnunum okkar og um kvöldið fer ég í fertugsafmæli.



## Vonandi frísbíggj

### Halldór Högurður ráðgjafi

Tvö lógó, tvær heimasíður, negla upp málverk, skrifa auglýsingatexta, klára að flytja sem hefur tekið fimm vikur og svo stelst maður í frísbíggj ef tími vinnst til.



## Hressasti bóksalinn

### Anna Lea Friðriksdóttir verslunarstjóri

Laugardagurinn fer í að leggja lokahönd á íbúðina sem við fjölskyldan erum nýflutt í. Að því loknu sting ég af í sveitasæluna að fagna afmæli föður míns.



**ÓSTIMPLAÐ** Fágætt íslenskt frímerki, sem gefið var út 1987, er meðal merkja á sýningunni.

## Viðamikil frímerkjasýning

### Dýrasta umslag Íslandssögunnar

**Sýning** Landssamband Íslenskra frímerkjasafnara stendur fyrir norrænni frímerkjasýningu, NORDIA 2013, sem haldin er í Þróttahúsinu Ásgarði í Garðabæ um helgina. Sýningin er hin sjötta sem Landssambandið stendur fyrir og þar sýna 120 manns frá Norðurlöndunum, Bandaríkjunum og Pýskalandi. Á þriðja hundrað erlendir gestir eru viðstaddir, en á síðustu sýningu voru um 10 til 15 þúsund gestir.

Til sýnis er meðal annars dýrasta frímerkta umslag Íslandssögunnar, en það hefur aðeins einu sinni verið sýnt á Íslandi. Sænski greifinn Douglas Storckenfeldt, sem sýnir safn sitt í heiðursdeild Nordia 2013, er núverandi eigandi bréfsins en það eignaðist hann á uppboði árið 2005 fyrir ótilgreinda fjárhæð.



**SIGFÚS EYMUDDSSON** Fyrsti íslenski ljósmyndarinn til að gera sig gildandi.

## Yfirlitssýning í Þjóðminjasafninu

### Myndin af Eymundsson

**Ljósmyndun** Fyrsta eiginlega yfirlitssýningin á ljósmyndum Sigfúsar Eymundssonar verður opnuð í Þjóðminjasafninu á morgun. Við sama tækifæri kemur út bók um þennan fjölbæfa athafnamann.

Á sýningunni verða verkum þessa frumkvöðuls í ljósmyndun á Íslandi gerð skil og sýndar verða upprunalegar myndir eftir Sigfús, sem sumar hafa aldrei hafa áður komið fyrir sjónir almennings.

Sigfús var fyrsti ljósmyndari landsins til að gera sig gildandi og gera ljósmyndun að alvöru atvinnuvegi.

„Hann átti stóran þátt í því að skapa myndina af Íslandi,“ segir Inga Lára Baldvinsdóttir, fagstjóri Ljósmyndasafns Íslands og höfundur sýningarinnar og bókarinnar. „Þeir sem einhvern menningarsögulegan áhuga hafa ættu að geta horft á þessa sýningu út frá ansi mörgum sjónarhornum.“

# Díva í pallíettukjól grætir gesti á Jómfrúnni

**Stína Ágústsdóttir** lofar tilþrifum á sumartónleikum Jómfrúarinnar í dag. Stína býr í Stokkhólmi en lærði djasssöng í Kanada. Hún er lærður verkfræðingur en leiddist í vinnunni og fór að syngja.

**Friðrika Benónýsdóttir**  
fridrikab@frettabladid.is

**P**að er tekið djúpt í árinna í kynningu á tónleikum Stínu á Jómfrúnni í dag. „Stína mætir í kjól og lofar að ofsýngja öll lögin með löngum sólóum og tilfinningaþrungnum viðbótum. Mætið með vasaklúta!“ stendur þar. Hvað er málið? „Ég ætla bara að taka dívuna á þetta,“ segir Stína, sem stödd er í naglasnyrtingu þegar í hana næst.

„Mæta í pallíettukjól og uppstríluð, hvað sem veðurguðirnir segja. Pallíetturarnar blotna þá bara ef hann rignir.“ Hvað ætlarðu að syngja? „Ég syng standarða úr bandarísku söngbókinni. Lög sem fólk þekkir í flutningi stóru og frægu söngkvennanna.“ Stína býr í Stokkhólmi eins og er en áður bjó hún í níu ár í Montreal í Kanada. Hvað var hún að gera þar? „Maðurinn minn fékk vinnu hjá Google í Kanada og ég fór auðvitað með og lærði djasssöng þar. Var orðin mjög aktív í djassenunni þar og söng úti um allt. Svo eignaðist ég barn og þá fannst mér ég þurfa að vera nær mömmu þannig að við fluttum til Svíþjóðar, þar sem maðurinn minn hélt áfram að vinna hjá Google. Mamma býr reyndar ekki í Svíþjóð en kemur mjög oft og svo á ég stóra fjölskyldu þar. Amma mín var sko sænsk. Svo bætti ég við öðru barni þegar ég var komin þangað.“

Ferill Stínu er engan veginn dæmigerður. Þótt hún hafi ung byrjað að læra söng var það meira sem áhugamál og hún útskrifaðist sem verkfræðingur frá HÍ með það fyrir augum að gera verkfræðina að ævistarfi. „Ég vann



**DÍVAN MÆTT** Stína Ágústsdóttir ætlar ekki að gefa neinn afslátt af dívunni á Jómfrúartorginu í dag.

hjá hugbúnaðarfyrirtæki í eitt og hálf ár eftir útskrift en hætti svo. Þetta var svo drepleiðinlegt,“ segir hún og skellihlær. „Tónlistin er miklu meira ég.“

Stína lætur sér ekki nægja að syngja gullmola djasstónlistarinnar. Hún semur einnig dans-tónlist og söng í Montreal með popp- og rokkhljómsveit sem hét Nista. Hún er ekki alveg búin að koma sér fyrir í tónlistarsenunni í Stokkhólmi en stefnir á að breyta því. „Ég er svona aðeins að byrja að syngja þar í skírnum og brúðkaupum og svoleiðis en ég er að

semja efni á plötu sem ég vona að ég komi á alþjóðlegan markað, það er næsta stóra verkefni.“

„Og þú lofar að græta fólk á Jómfrúartorginu í dag? „Já, já já. Það verður enginn afsláttur gefinn af því!“

Stína hefur stórkotalið djassista með sér á tónleikunum í dag, þá Agnar Már Magnússon á píanó, Sigurð Flosason á saxófón, Gunnar Hrafnsson á kontrabassa og Einar Scheving á trommur. Tónleikarnir hefjast kl. 15 og fara fram utandyra á Jómfrúartorginu. Aðgangur er ókeypis.

„Ég vann hjá hugbúnaðarfyrirtæki í eitt og hálf ár eftir útskrift en hætti svo. Þetta var svo drepleiðinlegt. Tónlistin er miklu meira ég.“

# Johnny býður til listaveislu í annað sinn

Jón Þór Finnogason stendur fyrir listaviðburðinum Johnny's #2 og hefur listafólki fjölgað til muna.

„Johnny's sníður sér stakk eftir vexti. Í fyrra hentaði Heilsumverndarstöðin vel en fyrir þennan viðburð höfðum við áhuga á að flytja okkur í annað húsnæði sem hentaði stærð og eðli samkomunnar,“ segir Jón Þór Finnogason, gestgjafi á listaviðburðinum Johnny's #2 sem haldinn verður í Saltfélaginu, Grandagarði 2, á morgun frá klukkan 18 til 23. Eins og nafnið bendir til er þetta í annað sinn sem Jón Þór stendur fyrir slíkum viðburði, en síðasta vor fór hann fram í gömlu Heilsumverndarstöðinni við Barónsstíg.

Þá voru listamennirnir fjórir en í þetta sinn hefur

„Ég held að eðli Johnny's sé að reyna alltaf að vaxa og gera betur í hvert sinn.“

þeim fjölgað í sautján talsins. „Kjarninn samanstendur af myndlistarmönnum en hver og einn leggur til verk. Þetta eru mikið til skúlptúrar en auk þess eigum við von á óvæntum uppkomum,“ segir Jón Þór og bætir við að gjörningar og tónlistaratriði séu einnig á dagskránni. „Ég held að eðli Johnny's sé að reyna alltaf að vaxa og gera betur í hvert sinn.“



**JOHNNY'S** Darri Lorenzen, Þór Sigurþórsson og Örn Helgason eru meðal listamanna sem koma fram í Saltfélaginu á morgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA







# Ég sá þessi endalok ekki fyrir

Tímabilið hefur verið mikil rússíbanareið hjá handboltakappanum **Hannes Jóni Jónssyni**. Hann greindist með krabbamein í október og var frá í fjóra mánuði eftir að hafa gengist undir aðgerð. Endurkoma leikmannsins var mögnuð. Hann fór algjörlega á kostum með liði sínu, Eisenach, sem tryggði sér úrvalsdeildarsæti. Hannes var síðan valinn besti leikmaður deildarinnar.

Henry Birgir Gunnarsson

henry@frettabladid.is



Það er erfitt að lýsa því hvernig mér líður í dag. Þetta er búið að kosta mikla vinnu og fókus og tilfinningin er frábær. Þetta er tilfinning sem maður upplifir kannski bara einu sinni á ferlinum og það er um að gera að njóta hennar," segir Hannes Jón, en hann mun aldrei gleyma handboltatímabilinu sem nú er að ljúka.

Félag hans, Eisenach, er komið upp í bestu deild í heimi, flestum að óvörum, og Hannes hefur sjaldan eða aldrei leikið jafn vel, þrátt fyrir veikindin. Í október á síðasta ári greindist miðjumaðurinn með þrjú illkynja æxli í þvagblöðrunni sem þurfti að fjarlægja. Í kjölfarið tók við lyfjameðferð og hann snéri því ekki aftur út á handboltavöllinn fyrr en í febrúar. Sú endurkoma var lyginni líkust. Hann skoraði þrjú síðustu mörk leiksins og tryggði sínu liði sigur. „Þetta var Hollywoodmoment," sagði Hannes í viðtali við Fréttablaðið eftir þann leik.

Það sem eftir lifði vetrar fór Hannes Jón á kostum og á ansi stóran þátt í því að liðið komst upp í efstu deild. Hann er í þriðja sæti deildarinnar yfir þá sem hafa skorað flest mörk að meðaltali í vetur. Hannes skoraði að meðaltali 6,3 mörk í leik og hann skorar flest mörk allra á heimavelli, eða 7,1 mark að meðaltali.

Mikilvægi Hannesar kristallast einnig í því að hann er með næstbestan árangur í skoruðum mörkum á síðustu 15 mínútum leikja. Þá skorar Hannes 4,4 mörk að meðaltali í leik. Það þarf því ekki að koma á óvart að hann hafi verið valinn besti leikmaður deildarinnar með nokkrum yfirburðum.

„Þessi útnefning kom mér á óvart því ég missti úr ellefu leiki. Ég vona að ég hafi fengið þessi verðlaun af því ég átti þau skilið en ekki af því ég varð veikur. Ég sá þessi endalok ekki fyrir þegar ég veiktist í upphafi tímabilsins," segir Hannes Jón og bætir við.

„Þegar maður veikist svona verður handboltinn bara pínulítill. Maður hlær af því að maður sé í rusli yfir því að tapa handboltaleikjum. Ég hugsa hvað sé að manni og hvernig maður nenni að vera leiðinlegur við konuna sína í tvo daga út af einhverjum tapleik. Það gekk vel er ég kom til baka en það kostaði sitt. Ég er þakklátari fyrir það hvernig líkaminn hefur tekið við lyfjagjöfni. Ég hef líka hugsað vel um mig. Breytt algjörlega mataræðinu og einnig breytt svefnvenjum. Ég trú á það hafi hjálpað til."

Hannes er laus við krabbameinið í dag en þarf samt að gangast undir lyfjameðferðir einu sinni í mánuði í ár. Næstu tvö árin fer hann síðan á þriggja mánaða fresti í litla aðgerð þar sem hann er grandskodaður. Þetta eru fyrirbyggjandi aðgerðir og Hannes hrósar heilbrigðiskerfinu í Þýskalandi í hástert. Það er alþekkt að fólk sem lendir í svona erfiðri lífsreynslu breytist. Hefur þessi lífsreynsla breytt Hannesi Jóni mikið?

„Ég vona það og þá til hins betra. Ég vona að ég sé þakklátari fyrir það sem ég á og það sem ég er í dag. Vonandi nýt ég þess meira nú en áður. Nú minni ég mig líka á að vera ekki að æsa mig yfir hlutum sem skipta ekki öllu máli. Ég mun alltaf búa að þessari lífsreynslu. Svo á eftir að koma í ljós hvort að fleiri svona erfið verkefni verði lögð fyrir mig í framtíðinni. Það sem upp úr stendur eftir svona rússíbanareið er fyrst og fremst þakklæti til allra sem hafa hjálpað mér."



**HAMINGJUSÖM FJÖLSKYLDA** Hannes Jón er hér ásamt konu sinni, Hörpu Jóhannsdóttur, og börnum þeirra tveimur – Sólveigu Birtu, 4 ára, og Jóhanni Úlfi sem verður brátt tveggja ára.

MYND/ADSEND

## Var helvíti erfitt barn

Hannes er orðinn 33 ára gamall og hefur víða komið við á ferlinum. Fyrstu ár ævi sinnar bjó hann á Vogum á Vatnsleysuströnd og í Hrótafirði. Þegar hann var sjö ára flutti hann í bæinn og bjó í Hlíðunum þar til hann flutti að heiman.

„Ég ólst upp hér og þar í raun og veru. Ég fór alltaf í sveit til afa og ömmu í Hrótafirði á sumrin og fannst það æðislegt. Mér finnst enn frábært að fara þangað. Ég gæti vel hugsað mér að flytja þangað síðar en þarf að ræða það aðeins betur við konuna mína," segir Hannes og hlær við. Hann hlær líka létt er hann er fenginn til þess að lýsa því hvernig hann var sem barn og unglingur. „Ég var frekar strembin og fyrirferðarmikill. Ég var sjálfstæður, frekur og bara helvíti erfiður. Gömlu kennararnir mínir í Hlíðaskóla snúa sér nánast enn við á punktinum er þeir sjá mig út á götu."

Hannes Jón fékk þó einnig útrás í íþróttunum, en hann byrjaði ungur að æfa bæði handbolta og fótbolta hjá Val.

„Það var gott að hafa Val við hliðina á sér og við félagarnir vorum þar allir. Ég byrjaði fyrst í fótbolta og fór í handboltann níu ára. Ég áttaði mig fljótt á því að handboltinn átti betur við mig enda var ég mun betri í honum en fótbolta. Að vera í sveit á sumrin fór líka með fótbolta hjá mér. Þá fór ég í frjálsar íþróttir í sveitinni. Við í USVH vorum með öflugt lið. Þar voru meðal annars Guðmundur Hólmar spjótkastari og Helga Margrét Þorsteinsdóttir, sem er heldur betur búin að gera það gott í frjálsíþróttahæiminum."

Hjá Val hafði Hannes marga frábæra þjálfara, til dæmis Jón

Halldórsson, Sigurð Sigurþórsson, Óskar Bjarna Óskarsson og þá Boris og Mikhael Akbashev. „Ég var ekkert eðlilega heppinn með þjálfara. Þetta eru bestu þjálfarar landsins. Svo voru forréttindi að hafa allar Valshetjurnar fram á gangi. Menn sem maður leit upp til eins og Óli Stefáns, Dagur Sig, Júlí Jónasar, Geir Sveins, Gummi Hrafnkels, Jón Kristján og fleiri."

Aðeins 17 ára gamall varð Hannes fyrir miklu áfalli. Hann meiddist mjög illa í hægri öxlinni og var frá æfingum og keppni í rúm tvö ár. Á meðan blómstruðu vinir hans á vellinum og sá tími var erfiður fyrir hann og metnaðarfullan íþróttamann.

„Þetta var svakalega erfitt og ég fór að efast um sjálfan mig. Vinir mínir voru að slá í gegn í boltanum á meðan ég sat á hliðarlínunni nánast með tærin í augunum. Ég gat ekki opnað íþróttasiðuna í blöðunum í marga mánuði," segir Hannes, en hann fór á nýjar slóðir er hann gat byrjað að æfa upp á nýtt.

„Boris Bjarni Akbashev tekur svo við ÍBV á þeim tíma og ég hefði ekki komist í liðið hjá 2. flokki Vals á þessum tíma en hann var reyndar frábær. Boris fær mig með sér til Eyja þar sem ég gat æft eins og atvinnumaður. Það ár er líklega dýrmatasta árið á mínum ferli. Þar komst ég af stað aftur og ég æfði meira þar en ég hef gert í atvinnu-mennskunni. Þetta ár í Vestmannaeyjum bjargaði mínum ferli."

Hannes fór í Val eftir dvölinu í Eyjum en fékk lítið að spila og fór því á Selfoss þar sem hann var búinn að taka ákvörðun um að gerast hornamaður. Ekkert varð af því að hann yrði hornamaður til fram-búðar en reynslan sem hann ▶ 28

## Gifta sig í næsta mánuði



**GULLMOLAR** Harpa er hér með börnunum hennar og Hannesar.

Á bak við flesta góða menn stendur góð kona. Það á einnig við í tilviki Hannesar Jóns. Konan hans heitir Harpa Jóhannsdóttir og saman eiga þau tvö börn. Sólveig Birta er fjögurra ára og Jóhann Úlfur er að verða tveggja ára gamall.

Hannes segir að stuðningur Hörpu hafi verið honum algjörlega ómetanlegur.

„Ég veit ekki hvernig ég á að segja frá því án þess að vera ofurdramatískur. Það sem hefur bjargað mér er að vera með hana við hliðina á mér í þessu öllu. Það komu tímabil þar sem hún þurfti að rífa mig af stað. Hún er enginn vælukjói og hefur staðið sig hreint ótrúlega vel í öllu þessu ferli," segir Hannes og bætir við.

„Þetta er ekki síður erfitt fyrir hana. Við vissum ekkert um krabbamein þegar ég greindist. Það fyrsta sem maður hugsar er að maður eigi kannski bara 20 mínútur eftir. Það þarf sterka manneskju til þess að tækla þetta eins og hún gerði. Það er ekki hægt að gera þetta betur en hún gerði það. Hún hefur haldið öllu gangandi og gert það með glans."

Þarið er á leið heim í frí fljótlega og þau munu ganga í það heilaga fyrstu helgina í júl.



ICELAND Á GRANDA LOKAR

Ótrúlegur afsláttur!

40-70%

í Iceland á Granda

Fyrstur kemur - fyrstur fær!

ALLT Á AÐ SELJAST!

- ◆ Frosin matvara
- ◆ Hreingerningavörur
- ◆ Fersk matvara
- ◆ Hreinlætisvörur
- ◆ Búsáhöld
- ◆ Pakkavara og margt fleira...

Meðan birgðir endast!

Opið kl. 9-20

Iceland





## FERILLINN



**MEÐ LANDSLIÐINU**  
Hannes Jón hefur verið inn og út úr landsliðinu síðustu ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Hef verið martröð fyrir Alla

Hannes Jón er mjög þakklátur þjálfaranum sínum, Aðalsteini Reyni Eyjólfssyni, sem hefur staðið þétt við bak hans í veikindunum.

„Það hefur ekki verið nein pressa frá honum og ég hef mátt haga mínum æfingum eftir eigin höfði. Ég hef örugglega verið algjör martröð fyrir Alla þjálfara því ég gat lítið æft með liðinu og svo er ég sífellt rífandi kjaft og með skoðanir á öllu,“ segir Hannes.

„Alli hefur verið frábær í þessu öllu og fundið meðalveginn í því að hlusta á mig og segja mér svo að steinhaldra kjafti. Einhver klúbbur hefði sett á mig pressu eða selt mig. Hér var staðið frábærlega við bakið á mér.“

Hannes segir að tímabilið sé búið að vera algjört ævintýri og að Aðalsteinn eigi gríðarlega stóran þátt í því að liðið sé komið upp í úrvalsdeild.

„Hann sýndi hugrekki með því að láta mig spila strax er ég kem til baka. Ég er þakklátur fyrir það. Hann hefur gert ótrúlega hluti með þetta lið. Það var að falla í 2. deild er hann tekur við og þetta er nánast sami hópurinn. Það sem hann hefur kreist úr þessu liði er magnað.“

Hann er eins og flestir Íslendingar – snargeðveikur af metnaði og gefur alltaf allt í sitt starf. Hann á skilið stærsta hrósið fyrir að við erum á leið upp um deild.“



**VEDJADI Á HANNES** Aðalsteinn Reynir sér ekki eftir því í dag að hafa veðjað á Hannes Jón í vetur.

► náði sér í þá hefur nýst honum vel á síðari árum. Meðal annars hefur hann spilað sem hornamaður fyrir íslenska landsliðið.

## Títe tók af okkur titilinn

Forsmekkinn af atvinnumennsku fékk Hannes á seinna árinu sína hjá Selfossi en þá fór hann eftir áramót til spænska liðsins Oviedo þar sem hann lék fram á sumar. „Inter-rail á Spáni í nokkra mánuði. Það var ævintýri og mjög skemmtilegt. Þetta var mikil upplifun fyrir ungan mann,“ segir Hannes og þegar heim kom fór hann í ÍR.

Þar spilaði hann í geysisterku liði með mönnum eins og Ingimundi Ingimundarsyni, Einari Hólmgæirssyni, Sturlu Ásgeirssyni, Hreiðari Levý Guðmundssyni og fleiri góðum. Þjálfari liðsins var svo kempa Júlíus Jónasson.

„Þetta voru alveg frábær tvö ár með stórskemmtilegum hópi. Það ætluðu nánast allir þarna að verða atvinnu- og landsliðsmenn og það urðu það flestir. Það voru mikil átök og metnaður á æfingum. Við urðum bikarmeistarar en ekki Íslandsmeistarar. Títe Kalandadze tók það af okkur. Við vorum með hrikalegt tak á Haukunum en komumst ekki í úrslitin út af Títe. Hann var aftur á móti algjörlega búinn á því eftir rimmuna gegn okkur og Haukar urðu meistarar.“

Eftir skemmtilegan tíma í ÍR, þar sem Hannes tók miklum framförum, var komið að því að stíga skrefið til fulls og fara í atvinnumennsku. Úr varð að Hannes flutti til Kaupmannahafnar þar sem hann samdi við Ajax.

„Það var gott skref fyrir mig þá. Ég hafði ekki beint úr miklu að velja. Hinir strákarnir í ÍR höfðu úr ýmsu flottu að velja en þetta var nánast það eina sem mér stóð til boða. Það var annaðhvort að taka þessu boði eða vera eftir einn heima á Íslandi. Mér fannst þetta samt spennandi því Köben er spennandi og þabbi bjó þar líka. Þetta var samt ekki stórt skref frá ÍR hvað varðar handboltann. Við vorum nýliðar í deildinni, í basli allt árið en björguðum okkur undir lokin,“ segir Hannes en Ajax-ævintýrið var stutt því á öðru ári hans þar fór liðið á hausinn og leikmenn máttu fara.

Úr varð að Hannes fór til norska liðsins Elverum í nokkra mánuði.



**7,1** Mörkin sem Hannes skorar á heimavelli fyrir Eisenach. Enginn annar leikmaður skoraði eins mikið á heimavelli í vetur.

**EINBEITUR** Hannes Jón hefur umturnað lífi sínu eftir veikindin. Þar á meðal mataræði og svefvenjum.

„Gömlu kennararnir mínir í Hlíðaskóla snúa sér nánast enn við á punktinum er þeir sjá mig út á götu.“

Hannes Jón Jónsson  
handknattleikskempan

Sumarið 2007 fór hann aftur til Danmerkur og að þessu sinni samdi hann við Fredericia.

„Ég var mjög nálægt því að fara til Melsungen í Þýskalandi á þeim tíma en fór frekar til Danmerkur. Það ár var tómt vesen og vonbrigði. Það sem bjargaði mér þá var að ég var með ofboðslega góða nágranna og var líka alveg svakalega skotinn í nýju kærustunni minni. Svo komst ég í landsliðið og það voru því jákvæðir punktar þó svo félagið væri í steik og allt í rugli.“

## Fann fóttfestu hjá Hannover

Eftir mikið flakk undanfarin ár kom að því að Hannes samdi við félag þar sem ekki var tjaldað til einnar nætur. Það var þýska félagið Hannover-Burgdorf. Þar spilaði Hannes næstu fjögur árin. Liðið var í B-deildinni er hann kom til þeirra en liðið fór beint upp í úrvalsdeild. Heiðmar Felixson var þar er Hannes kom til félagsins en fór eftir fyrsta árið. Íslendingum átti eftir að fjölga þar því Aron Kristjánsson varð þjálfari liðsins og tók með sér þá Ásgeir Örn Hallgrímsson og Vigni Svavarsson.

„Þetta ár með Aroni fór sorglega af stað og hann var látinn fara eftir áramót. Aron er frábær þjálfari sem vissi nákvæmlega hvað hann var að gera. Hann var látinn fara er liðið átti fram undan leiki sem var hægt að vinna. Það var „dirty“. Amma mín hefði getað þjálfað liðið í þessum leikjum og unnið þá. Það sem varð honum kannski að falli er að hann talaði ekki nógu góða þýsku. Þegar á móti blés var það notað gegn honum. Hann átti samt vel heima í þýska boltanum.“

Síðasta sumar ákvað Hannes Jón að semja við Eisenach sem Aðalsteinn Reyni Eyjólfsson þjálfar. Það reyndist vera góð ákvörðun hjá honum enda stendur hann í dag uppi sem besti maður deildarinnar á leið í úrvalsdeild. Það er farið að síga á seinni hluta ferilsins hjá Hannesi og hann hefur ekki tekið ákvörðun um hvað hann geri þegar skórnir fara upp í hillu. Þjálfun er þó eitt-hvað sem hann hefur áhuga á.

„Stefnan var að koma heim áður en krakkarnir byrja í skóla. Við ætlum aftur á móti ekki bara að flytja heim til þess að mæla göt-urnar. Ef ég færi í þjálfun finnst mér líklegt að ég myndi gera það strax hérna úti. Það er samt ekkert ákveðið í þeim efnum en sú hugsun kemur sífellt oftar upp í hausinn á mér. Ef ég fer í það þá verður framhald á því að við búum úti. Þetta snýst bara um að vera duglegur og standa sig. Þá kemur eitthvað gott upp í hendurnar á manni.“

## REG2 SMÁRALIND FAGFJÁRFESTASJÓÐUR

## - Birting viðauka við lýsingu

REG 2 Smáralind. birtir í dag viðauka við lýsingu dagsetta 4. júní 2013 sem gefin var út í tengslum við umsókn um að flokkur eignavarinna skuldabréfa, REG2SM 12.2, væri tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Viðaukinn er dagsettur 7. júní 2013, gefinn út á íslensku og birtur á vefsíðu Stefnis hf. sem er rekstraraðili sjóðsins, nánar tiltekið á slóðinni [www.stefnir.is/kaupholl](http://www.stefnir.is/kaupholl).

Viðaukinn skoðast sem hluti af lýsingunni sem má nálgast hjá félaginu næstu 12 mánuði, og er gefinn út rafrænt á vefsíðu félagsins. Jafnframt geta fjárfestar óskað eftir og nálgast prentuð eintök af lýsingunni ásamt viðauka hjá Stefni hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

## Upplýsingar í viðauka

Í viðaukanum kemur leiðrétt málgrein í stað fjórðu málgreinar liðar B.40, kafla 1. Samantekt, í lýsingu sem birt var 4. júní 2013:

Fram kemur í 6. gr. reglna útgefanda að útgefandi greiðir rekstrarfélaginu umsýsluþóknunir sem annars vegar eru föst þóknun og hins vegar uppgreiðslugjald. Föst þóknun er á ársgrundvelli 0,1% af meðalstöðu heildareigna sjóðsins (eru þá ekki dregnar skuldbindingar frá eignum sjóðsins). Greiða skal föstu þóknunina mánaðarlega en ef lausafjárstaða sjóðsins nægir ekki til að greiða þóknunina á hverjum tíma þá frestast greiðsla þar til staða lausafjár er nægjanleg en ber sömu vexti og útgefin skuldabréf sjóðsins. Sjóðurinn greiðir rekstrarfélaginu uppgreiðslugjald komi til þess að fjárfesting sjóðsins samkvæmt a) lið 4. gr. verði greidd upp fyrir upphaflegan lokagjaldsdaga þá skal sjóðurinn greiða rekstrarfélaginu sem nemur 1/3 af uppgreiðslugjaldi eins og það er tilgreint í umræddri fjárfestingu.

7. júní 2013  
Stjórn Stefnis hf.



# Veðlán

Lánnum allt að 10 milljónum kr. gegn veði í gulli, silfri, demöntum, gömlum peningaseðlum, vönduðum úrum eða málverkum eftir íslenska meistara.



**Staðgreiðum  
allt gull, silfur,  
platinum, demanta  
og vönduð úr.**

**Hringa, hálsmen, armbönd,  
gullmynt, Gold Quest  
gullmynt, allt brotagull  
og nýtt gull.**

**Kaupum  
alla demanta**



Til sölu

**Staðgreiðum einnig verk eftir  
þekktu íslenska og erlenda listmálara**

Gunnlaug Blöndal, Jóhannes Kjarval, Svavar Guðnason, Flóka, Erró, Ásgrím Jónsson, Nínu Tryggvadóttur, Karólínu Lárusdóttir, Jón Stefánsson, Georg Guðna, Leonardo da Vinci og fl.

**Kaupum gömul  
og ný úr**

Rolex, Breitling,  
Cartier,  
Patek Philippe  
ásamt öllum  
gullúrum.



**Kaupum frímerki,  
póstkort og gamla  
peningaseðla**



**ERUM Á 3. HÆÐ  
Í KRINGLUNNI** (Hjá Læknastöðinni)

**Upplýsingar og tímapantanir:**  
Sverrir, s. 661-7000 • sverrir@kaupumgull.is



OPNUNARTILBOÐ



Brúnt leður



Svart leður



Hvítt leður

ANDREW  
BORÐSTOFUSTÓLL

13.990

FULLT VERÐ: 19.990

FJÖLSKYLDUSÓFINN



Stærð: 337 x 255 cm  
H. 85 cm. Litur dökk- og ljósgrátt. Hægri eða vinsti tunga

NÝR  
HORNSÓFI  
MEÐ TUNGU  
OPNUNAR-  
TILBOÐ

AÐEINS  
34.664  
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.  
12 mán. vaxtalaust lán  
3,5% lántökugj.

MERIDEN  
HORNSÓFI

349.990

FULLT VERÐ: 399.990

AÐEINS  
17.414  
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.  
12 mán. vaxtalaust lán  
3,5% lántökugj.

DURANGO  
HORN- TUNGUSÓFI

199.990

FULLT VERÐ: 269.990



Stærð: 273x199 H81,5 cm cm.  
Hægri eða vinsti tunga. Dökkgrætt slitsterkt áklæði.

OPNUNARTILBOÐ

OPNUNARTILBOÐ



Pokagormar í sessum. Hægri eða vinstri tunga.  
Stærð: 310x240 H: 88 cm. Slitsterkt grátt áklæði.

AÐEINS  
28.627  
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.  
12 mán. vaxtalaust lán  
3,5% lántökugj.

OREGON  
HORNSÓFI M. TUNGU

329.990

FULLT VERÐ: 379.990

OPNUNARTILBOÐ

20.000 KRÓNA AFSLÁTTUR AF ÖLLUM LAZBOY STÓLUM TIL 17. JÚNÍ



LAZBOY

AÐEINS  
13.964  
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.  
12 mán. vaxtalaust lán  
3,5% lántökugj.

PINACLE

Lazboy. Svart, ljóst eða brúnt  
leður. B:80 D:85 H:104cm.

159.990

FULLT VERÐ: 179.990



LAZBOY

AÐEINS  
8.789  
KRÓNUR

Afb. á mán. m.v.  
12 mán. vaxtalaust lán  
3,5% lántökugj.

EDEN

Lazboy. Rautt áklæði.  
B:80 D:80 H:102 cm.

99.990

FULLT VERÐ: 119.990

SÓFAR | SVEFNSÓFAR | HEILSUDÝNUR | HEILSURÚM | HÆGINDASTÓLAR | ELDHÚSSTÓLAR | ELDHÚSBORÐ



OPNUNARTILBOÐ

20%

AFSLÁTTUR AF ALLRI  
SMÁVÖRU TIL 17. JÚNÍ



FAMILY RULES  
Help Each Other  
BE THANKFUL  
Know you are loved  
Try new Things  
BE HAPPY  
Show Compassion  
Be Grateful  
DREAM BIG  
respect one another  
Laugh Out Loud



LÍF OG FJÖR Á [husgagnahollin.is](http://husgagnahollin.is)

og með vinum okkar á [facebook](https://www.facebook.com)

HÚSGAGNAHÖLLIN · Bildshöfða 20 · Reykjavík · OPIÐ Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17 OG



# HÚSGAGNAHÖLLIN OPNAR Á AKUREYRI LAUGARD. 8. JÚNÍ KL. 12<sup>00</sup>

MIKIÐ AF  
SPENNANDI  
OPNUNAR-  
TILBOÐUM



Stærð: 301X154 cm  
H: 82 cm. Dökkgrátt  
slitsterkt áklæði  
Fæst bæði með bæði  
hægri og vinstri tungu.

OPNUNARTILBOÐ

LUGO  
TUNGUSÓFI

179.990

FULLT VERÐ: 239.990

OPNUNARTILBOÐIN GILDA BÆÐI Í HÚSGAGNAHÖLLINNI Á  
AKUREYRI OG Í REYKJAVÍK. MIKIÐ OG FJÖLBREYTT VÖRUÚRVAL

VERIÐ VELKOMIN!

HAMBORGARFABRIKKAN GRILLAR FYRIR GESTI  
Á DALSBRAUTINNI Á MILLI KL. 14 OG 16 Á LAUGARDEGINUM.

BORÐSTOFUSTÓLAR | BORÐSTOFUBORÐ | SÓFABORÐ | LAMPAR | PÚÐAR | GLERVARA OG FALLEG SMÁVARA



## HÚSGAGNAHÖLLIN

– fyrir lifandi heimili –

Allar vöru- og verðupplýsingar birtar með fyrirvara um innsláttarvillur.



## STIKLAÐ Á STÓRU Í LÍFI HEMMA GUNN



1970  
Atvinnu-  
mennska í  
Austurríki

1972-1980  
Íþróttafretta-  
maður hjá  
Ríkisútvarpinu



1987-1999  
Á tali hjá  
Hemma  
Gunn í  
Sjónvarpinu

2006-07  
Í sjöunda  
himni á  
Stöð 2



1940

1950

1960

1970

1980

1990

2000

2010

1946 Fæddur  
9. desember

1966 Tekinn inn í  
landslíð Íslands, bæði í  
fótbolta og handbolta

1967-1969  
Blaðamaður á Vísi

2003 Fær hjartaáfall  
og er tæknilega dáinn  
í nokkrar mínútur

2005 Það var  
lagið á Stöð 2

2008-2012 Þáttastjórnandi  
á Bylgjunni

# „ÉG VEIT AÐ HANN ER LJÚFUR“

Sviplegt fráfall **Hermanns Gunnarssonar** hefur haft djúpstæð áhrif á þjóðina alla. Hans er minnst sem ljúfmennis, gleðigjafa og ástsælasta fjölmiðlamanns þjóðarinnar, allt með réttu. Hermann sjálfur tjáði sig af fádæma einlægni í fjölmiðlaviðtölum í gegnum tíðina, bæði um samskiptin við þjóðina, kjaftasögurnar, ástina, dauðann og muninn á Hemma og Hermann.



GLEÐIGJAFI „Ég nenni ekki að fela neitt,“ sagði Hermann Gunnarsson í viðtalið við Þjóðviljann árið 1985.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## REG2 SMÁRALIND FAGFJÁRFESTASJÓÐUR

### - Birting viðauka við lýsingu

REG 2 Smáralind. Birtir í dag viðauka við lýsingu dagsetta 4. júní 2013 sem gefin var út í tengslum við umsókn um að flokkur eignavarinna skuldabréfa, REG2SM 12 1, væri tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Viðaukinn er dagsettur 7. júní 2013, gefinn út á íslensku og birtur á vefsíðu Stefnis hf. sem er rekstraraðili sjóðsins, nánar tiltekið á slóðinni [www.stefnir.is/kaupholl](http://www.stefnir.is/kaupholl).

Viðaukinn skoðast sem hluti af lýsingunni sem má nálgast hjá félaginu næstu 12 mánuði, og er gefinn út rafrænt á vefsíðu félagsins. Jafnframt geta fjárfestar óskað eftir og nálgast prentuð eintök af lýsingunni ásamt viðauka hjá Stefni hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

### Upplýsingar í viðauka

Í viðaukanum kemur leiðrétt málsgrein í stað fjórðu málsgreinar liðar B.40, kafla 1. Samantekt og leiðrétt málsgrein í stað annarrar málsgreinar liðar 4.6 Ráðstöfun á fjármunum útgefanda, kafla 4. Utgefandinn, í lýsingu sem birt var 4. júní 2013:

Fram kemur í 6. gr. reglna útgefanda að útgefandi greiðir rekstrarfélaginu umsýsluþóknunir sem annars vegar eru föst þóknun og hins vegar *uppgreiðslugjald*. Föst þóknun er á ársgrundvelli 0,1% af meðalstöðu heildareigna sjóðsins (eru þá ekki dregnar skuldbindingar frá eignum sjóðsins). Greiða skal föstu þóknunina mánaðarlega en ef lausafjárstaða sjóðsins nægir ekki til að greiða þóknunina á hverjum tíma þá frestast greiðsla þar til staða lausafjár er nægjanleg en ber sömu vexti og útgefin skuldabréf sjóðsins. Sjóðurinn greiðir rekstrarfélaginu uppgreiðslugjald komi til þess að fjárfesting sjóðsins samkvæmt a) lið 4. gr. verði greidd upp fyrir upphaflegan lokagjaldsdaga þá skal sjóðurinn greiða rekstrarfélaginu sem nemur 1/3 af uppgreiðslugjaldi eins og það er tilgreint í umræddri fjárfestingu.

7. júní 2013  
Stjórn Stefnis hf.

### Fríðrika Benónýsdóttir

fridrikab@frettabladid.is



**H**ermann Gunnarsson lést, eins og kunnugt er, sviplega í Taílandi þann 4. júní. Síðan hefur birst ótölu- legur fjöldi af við- tölum við vini hans og aðstand- endur sem öllum ber saman um að Hemmi hafi verið gull af manni, gleðigjafi og hvers manns hugljúfi. Samkvæmt gömlum viðtölum við Hermann sjálfan hefur það þó ekki alltaf verið viðtekin skoðun og það sem meira er; hann fullyrðir að enginn þekki í raun Hermann Gunnarsson, þótt allir telji sig þekkja Hemma Gunn. Við gripum niður í þrjú viðtöl við hann; eitt úr Þjóðviljanum 1985 og tvö úr DV, annað frá Þýskalandi, en hikaði.

Meginuppstaða í viðtali Þjóð- viljans er ferill Hermanns sem atvinnumanns í Austurríki og risa- tilboðið frá Þýskalandi sem hann hafnaði. Um ástæðu þess segir hann: „Já, ég var tæpt ár í atvinnu- mennsku í Austurríki. Það var merkilegur tími. Stundum ofsalega gaman, stundum mjög dapurlegt. Ég kynntist atvinnumenskunni af eigin raun. Ég fékk mjög glæsilegt tilboð frá Þýskalandi, en hikaði. Peningarnir í þessu voru gífur- legir, en mér fannst þetta eiginlega eins og hvít þrælalasa.“

### Kjaftasögur keyrðu fram úr hófi

Eftir að Hermann kom heim frá Austurríki starfaði hann hjá Ríkis- útvarpinu í átta ár, lengst af sem íþróttafréttamaður. Starfslok hans í íþróttafréttamenskunni voru söguleg og hann segir í Þjóðvilja-

viðtalinu að kjaftasögurnar hafi keyrt úr hófi. „Já, sjáðu til. Ég er alkóhólisti og það er engum betur ljóst en sjálfum mér. Ég nenni ekki að fela neitt, - ég missti af flugvél í útlöndum og mér var eiginlega sagt upp með því að annar maður var sendur á staðinn.“ Eftir heim- komuna fóru sögurnar að grassera: „Sögurnar sem fóru af stað um þetta voru miklu ævintýralegr en nokkuð sem ég hef upplifað. Það er eitt af því sem maður á erfitt með að sætta sig við og venst ekki hversu sjóaður sem maður annars verður. Söguburðurinn og óþver- inn sem maður heyrir um sig er með ólíkindum.“ Fólk lét ekki sögu- burðinn nægja heldur beinlínis lagði Hermann í einelti. „Ég hafði engan frið, fólk var hringjandi í mig á öllum tímum sólarhringsins. Það var átak að ganga niður Lauga- veginn og mæta öllum augunum, - en ég lét mig hafa það og kreppti hnefann í vasanum.“

### Varð ástmögur þjóðarinnar

Tveimur árum eftir að þetta við- tal var tekið hófst hinn vikulegi skemmtipáttur Á tali hjá Hemma Gunn og skyndilega varð hann ástmögur þjóðarinnar númer eitt. Hann mátti þó ekki misstíga sig og í eina skiptið á tólf árum sem hann mætti ekki í þáttinn vegna drykkju blossuðu kjaftasögurnar upp rétt eina ferðina. Hann viðurkenndi að hafa brugðist en benti síðar á í Sjálfstæðu fólki Jóns Ársæls á Stöð 2 að það væru nú ekki margir sem aldrei hefðu misst dag úr vinnu á tólf árum, þannig að sér hefðu þótt ásakan- irnar óréttlátar.

Hermann giftist aldrei og spurn- ingar um ástæðu þess eru fastur liður í viðtölum við hann. Í Þjóð- viljanum 1985 svarar hann svona:

„Ætli það sé ekki bara egóflippið? Ég hef heldur ekki haft neitt að gefa. Ég var sundurkreistur og ég gat ekki boðið nokkurri konu upp á þetta líf. Ég vil ekki konu sem hangir á snaga í einhverri íbúð úti bæ, sem maður kemur ekki í nema um blánóttina.“

Í viðtalinu í DV 2008 segir hann frá æskuunnustunni sem lést í bíl- slysi stuttu fyrir fyrirhugað brúð- kaup þeirra og hefur þetta um hjónaband að segja í framhaldinu: „Hugsanlega gæti ég tekið upp á því að gifta mig einhvern tímann þó ekki nema bara fyrir forvitni sakir. [...] Ég finn í sjálfum mér dýpri og einlægari tilfinningar en áður, það segir mér að ég sé að verða tilbúinn. Ég hugsa ekki stöð- ugt um hvað ég fái í staðinn fyrir það sem ég get gefið.“

Í sama viðtali tjáir hann sig um muninn á Hemma Gunn og Her- manni Gunnarssyni: „Um er að ræða tvo mjög ólíka menn. Hemmi er alltaf hress og til í allt á meðan Hermann er rólegri og skynsam- ari. Í dag fara allar mínar ákvarð- anir í gegnum Hermann. Sem dæmi hefur mér loksins tekist að læra að segja orðið nei. En það tók mig heil fjórutíu yfirbókuð ár.“

### Dáinn í nokkrar mínútur


Árið 2003 fékk Hermann hjarta- áfall og var í raun dáinn í nokkrar mínútur. Hann tjáði sig um þá lífs- reynslu víða og þá breytingu sem á honum hefði orðið í kjölfarið. Sú reynsla gerði einnig að verkum að hann bar engan kvíðboga fyrir dauðanum eins og fram kemur í DV-viðtalinu 2010. „Ég vildi ekki koma til baka. Ég var í ástandi sem ég gæti kallað alsælu og færðist nær ljósinu. Ég óttast ekki dauð- ann eftir þetta. Ég veit að hann er ljúfur þegar hann kemur.“



# IKEA FESTIVAL



**20% aukaafsláttur í Umbúðalaust**



Í tilefni af þjóðhátíðardegi Svía bjóðum við ykkur á  
**IKEA FESTIVAL**  
helgina 8.-9. júní kl. 13-17

Verslun opin 10-20 alla helgina - Veitingastaður opin 9-19:30 - [www.IKEA.is](http://www.IKEA.is)





## FRÁ FERLINUM – MÖRG ANDLIT MÖGGU STÍNU



Í UPPHAFI Risaeðlan 1986.



FIDLULEIKARINN í sveiflu 1998.



SYSTKININ Margrét Kristín, Elsa María og Sólvi Blöndal.



2006 „Ertu að verða náttúruleg?“ styrktartónleikar í Laugardalshöll.



ÍBYGGIN Söngkona Hringjanna.

# Alltaf langað að vinna í sirkus

Margrét Kristín Blöndal, betur þekkt sem **Magga Stína**, útskrifast í dag sem tónsmiður frá Listaháskóla Íslands. Hún er einnig orðin fyrsti varaborgarfulltrúi Reykvíkinga og starfsemin í borginni tekur æ meira af tíma hennar. Hún segist þó ekki geta hugsað sér að gera pólitíkina að framtíðarstarfi, hún gæti aldrei sleppt tónlistinni.

Friðrika  
Benónýsdóttir  
fridrikab@frettabladid.is



Þótt maður hafi aldrei hitt Möggu Stínu áður er algjörlega vonlaust að villast á henni og öðrum gestum kaffihússins þar sem við höfum mælt okkur mót. Það geislar frá henni slík orka og lífsgleði að aðrir gestir hverfa gjör-samlega í skuggann. Eftir að hafa pantað okkur cappuccino (ég) og heitt vatn og brownie (hún) setjumst við út í sólina, sem aldrei þessu vant lætur sjá sig, og ég skelli á hana hinni hefðbundnu fyrstu spurningu um það hvað hún sé að fást við þessa dagana.

„Þessi helgi verður dálítið merkileg í mínu lífi. Ég kláraði lokaverkefni mitt í tónsmíðadeildinni í Listaháskólanum í fyrra, en átti ritgerðina eftir þannig að ég gat ekki útskrifast formlega þá. Ég ákvað svo að henda mér í ritgerðina, gerði það og mun taka við skírteini sem tónsmiður í dag. Svo verður söngkonan á sviðinu í Iðnó í kvöld.“

Þú ert sem sagt enn önnur kafin við sönginn? „Ég er búin að syngja með Hringjunum í – bíddu aðeins – (telur á fingrum) í fimmtán ár. Við erum bara að verða eins og Lúðó og Stefán. Og undanfarið ...jú, ég var að syngja með Sinfóníunni á FTT afmælistónleikum um daginn, tók líka þátt í gjörningum hans Magnúsar Pálssonar á Listahátíð og svona ýmislegt.“ Þú ert sem sagt fjöllista-maður? „Já, enda hefur mig alltaf langað að vinna í sirkus.“

## Fannst hausinn vera að sofna

Hvernig lítur venjulegur dagur hjá fjöllistamanni út? „Hann er fjölbreytilegur. Eini reglulega fasti punkturinn er Vesturbæjarlaugin. Suma daga vinn ég í Ráðhúsinu í borgarbatteríinu, en þar sit ég í menningar- og ferðamálaráði, mannréttindaráði og einnig í stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Svo hef ég verið að skrifa tónlist í vetur, fékk listamannalaun í nokkra mánuði og reyndi að nýta tímann eins og hægt var. En ég er enn þá að og langt frá því búin, þannig að það er einn pósturinn í deginum. Í vetur var ég líka með hljómsveitarstarf í Hjallastefnuskólanum og það starf er eins og að detta í lukkupott númer eitt. Það er engu líkt að fá að vinna með börnum. Það er eins og að fá stanslaust sólskin inn í sig.“

Þannig að það er meira en nóg að gera? „Já, já, en ég hef alltaf verið þannig að ég þarf að vera að gera margt í einu. Mér hefur stundum þótt það vöðalega góð hugmynd að fara kannski að einbeita mér að einhverju einu, en það virkar ekki fyrir mig. Á álagstímum hugsa ég stundum að ég hljóti að vera geggjuð, en þetta er bara sá lífsstíll sem ég hef vanið mig á. Mér finnst gott að mæta bara deginum eins og hann kemur fyrir og takast á við þau verkefni sem fyrir mann eru lögd.“

Hvað kom til að þú ákvaðst að



„Ég er líka alltaf að gera milljón hluti á sama tíma og stíllinn hefur yfirleitt verið svona dálítið á „elleftu stundu“ þannig að ég hafði mjög gott af því að þurfa að beita sjálfa mig aga.“

SKRIFAÐ Í SANDINN  
Magga Stína með Kolbeini Orfeusi syni sínum í fjórundi.  
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

skella þér í nám? „Svona gömul kona eins og ég, meinarðu? Mig langaði bara til þess að prufa það. Sem unglingur var ég arfalélegur námsmaður, var eiginlega aldrei í skólanum og alltaf upptekin við eitthvað annað. Svo bara allt í einu langaði mig til þess að fara í skóla. Ég er greinilega svona seinþroska. Það var alveg stórkostleg reynsla. Mér var farið að finnast eins og hausinn á mér væri að sofna og þetta reyndist alveg þjóðráð. Fara svona inn í allt annað konsept en ég var vön og láta braka dálítið í höfðinu á mér. Ég er líka alltaf að gera milljón hluti á sama tíma og stíllinn hefur yfirleitt verið svona dálítið á „elleftu stundu“ þannig að ég hafði mjög gott af því að þurfa að beita sjálfa mig aga. Þarna fór ég líka allt í einu að skrifa tónlist upp á gamla mátann og með því kom einhver allt önnur áferð á tónlistina sem ég var að gera. Þetta var ein breytingin. Önnur var sú uppgötvun að sjá til þess að tónlistin fái í framhaldinu þá mynd á sig sem ég get verið sátt við. Að skrifa er eitt, annað er heildstæð hugsun um það verk sem maður vill gera. Það hefur svolítið verið minn stíll að klára ekki hlutina, hætti í menntaskóla rétt fyrir stúdentspróf og svona, þannig að það er töluvert stór áfangi fyrir mig að klára þetta nám núna. Ég finn það alveg.“

Of öfgakennd til að festast í pólitík Annað sem flestum hefði fundist ólíkt þér er að fara út í pólitík. Hvað var það? „Já, hvað var það? Ég hef eins og margir af minni kynslóð verið á stanslausum flóttu undan pólitík allt mitt líf. Hef, ef eitthvað,

helst aðhyllst einhvers konar anarkisma í hjarta mínu og ekki gefið mikið fyrir þau stjórnmál sem hafa verið í gangi á hverjum tíma. En lífið býður upp á svo marga skrýtna hluti. Þetta framboð Besta flokksins bar auðvitað að með dálítið öðrum hætti en önnur eins og menn þekkja og ég var þar í sjötta sætinu. Datt aldrei í hug þegar ég samþykkti að vera á listanum að ég myndi fara að vasast í borgarmálefnum. En núna í ágúst er ég komin í þá stöðu að vera fyrsti varaborgarfulltrúinn og mun sækja borgarstjórnarfundir flesta þriðjudaga. Til að byrja með leist mér reyndar ekkert á þetta og fannst nánast ófyrstíganleg ábyrgð fylgja þessu starfi. En það breytir sýn manns mjög mikið að vinna í þessu. Bæði það að kynnst þessum heimi og taka þátt í honum og eins að passa sig á því að taka þátt á þeim forsendum sem maður sjálfur vill. Vera vakandi fyrir eigin skoðunum, vera fylgin sér og alltaf tilbúin að finna lausnir sem flestir geta verið svona um það bil sáttir við á sama tíma. Það er erfitt að stíga inn í heim sem er svona kerfisbundinn. Það er margt sem er svo þungt í vöfum, það þarf oft að stíga fram og til baka hundrað og fimmtíu þúsund skref til að hægt sé að framkvæma hugmyndir. En litlu hlutirnir skipta líka máli og mér finnst eins og viðhorf þeirra sem vinna í pólitík hafi opnast til meiri vísýni og gleði. Það er orðið meira samband á milli pólitíkusanna og þeirra sem kjósa þá til góðra verka. Og margir fleiri góðir hlutir hafa gerst með tilkomu Besta flokksins innan borgarkerfisins, tel ég.“

Ætlaðu að vera á lista aftur

í borgarstjórnarkosningunum á næsta ári? „Mér finnst þetta afar ósanngjörn spurning, GRÍN! Ég hef ekki tekið neina ákvörðun um það. Tíminn verður bara að leiða það í ljós en þetta starf hefur þroskað mann á margan hátt og ég er mjög þakklát fyrir þessa reynslu.“

Þú hefur sem sagt ekki hugsað þér pólitíkina sem framtíðarstarf? „Nei, ég held ég gæti það ekki, hreinskilnislega. Ég held ég sé of öfgakennd til þess að það væri rétt. Allavega ekki núna. Ég gæti heldur aldrei sagt skilið við tónlistina. Það er það eina sem er alveg á hreinu. Tónlistin á mig með húð og hári.“

## Óttast að bera sig

Þið eruð þrjú af fjögur systkinum á kafi í tónlist, er það arfur úr uppeldinu? „Ekki beinlínis, nei, pabbi og mamma eru ekki tónlistarfólk en við erum alin upp við að hlusta mikið á alls konar tónlist. Svo hefur Blöndalsættin alltaf verið þekkt fyrir söngelsku og hagamælsku, þótt ég hafi ekki fengið neitt af hagamælskunni. Eða kannski er ég meira hrædd við hana. Ég hef samt alltaf skrifað í laumi og auðvitað samið texta, en það kemur alltaf síðast í sköpunarferlinu og eiginlega af neyd. Mér finnst það mun flóknara mál en tónlistin. Hún er mér miklu eiginlegri, flæðir meira.“

Ertu þá hrædd við að bera sjálfa þig of mikið í því sem þú skrifar? „Já, ætli það ekki. En svo gerir maður það alltaf, alveg sama hvað maður reynir að fela sig. Þessi ótti er nú sennilega enn einn hjallinn sem þarf að komast yfir. Stundum þoli ég ekki orð. Ég er svo mikið í kringum fólk sem er á kafi í orðum

og langar stundum mest til að kasta upp yfir orðum. Á hinn bóginn eru orð líka mesti galdur sem hægt er að fremja. Þau eru bæði mest takmarkandi og frelsandi hlutur sem til er. Kannski óttast ég líka að það fari af stað eitthvert flóð sem ekki næst að stöðva ef ég byrja. Ég þarf eiginlega að hætta að láta mér finnast þetta svona erfitt.“

Þú átt þrjú börn með þremur mönnum og ert ein með þau, er það aldrei erfitt? „Ég hef náttúrulega ekki reynslu af því að eiga þrjú börn með einum manni og get því ekki metið hvort það er flóknara. Reyndar má segja að yngri börnin mín tvö tilheyri sama mannum því við kynntumst þegar hún var aðeins á öðru árinu. Þannig að ég hef nú alveg lifað þessu sem kallað er hefðbundin fjölskyldulíf, ef það er þá til, í þó nokkuð langan tíma. Það gekk vel þangað til það gekk ekki lengur, eins og gengur. Og erfitt að vera ein með börnin? Nei, við búum fjögur saman, ég og börnin mín þrjú, í leigubúð í Vesturbænum og erum alveg óskaplega ánægð með það, ef ég má hafa orð fyrir okkur.“

Hvað er svo fram undan í sumar? „Það er margt spennandi fram undan. Við verðum með sumarnám-skeið fyrir börn í Myndlistaskólanum við sálufélagi minn, Margrét H. Blöndal myndlistarkona, þar sem við ætlum að tvinna saman hljóð og mynd og ég hlakka rosalega til þess. Borgarapparatið fer heldur eiginlega ekkert í frí þannig að sú vinna heldur áfram. Svo ætla ég bara að njóta sumarsins með börnunum mínum, semja mína tónlist, syngja og hafa það gott.“



# KRÓNAN



**- fyrst og fremst ódýr!**

**GRILLMATUR FYRIR 3 TIL 4**

**Grillaðetta**

**35% afsláttur**

**1698** kr. pk.  
Snöggi grillarinn

**2298** kr. kg  
Steikargrillarinn

**1398** kr. kg

**2598** kr. kg  
Flotti grillarinn

Verð áður 2198 kr. kg  
Lúxus grísakótilettur, erlendar í ítalskri, hvítlauks- eða New York-marineringu



**15% afsláttur**

**20% afsláttur**

**Nýtt!**

**2698** kr. kg

**1978** kr. kg

**558** kr. kg

**598** kr. pk.

Verð áður 3198 kr. kg  
Lambaprime, hvítlauks- og rósmarín marineraðar

Lambakótilettur, kryddaðar

Verð áður 698 kr. kg  
Grillkartöflur með hvítlauk og rósmaríni eða timjan kryddaðar

Eldhúsið rötargrænmeti

**Nýtt!**

**12** í kassa

**79** kr. stk.

**298** kr. pk.

**249** kr. pk.

**998** kr. kassinn

Pepsi, Pepsi Max, Appelsín, 7 Up, Mix, Mountain Dew og Kristall, 33 cl

Nóa kropp með karamellubragði

Freyju rís kubbar

Ferðafélaginn Coke eða Coke Light 33 cl x 12 stk.



Gjafakort Krónunnar fæst á [www.kronan.is](http://www.kronan.is)



# Frumkvöðlarnir vörðuðu leiðina

Mikið hefur áunnist í tóbaksvörnum hér á landi þar sem hlutfall reykingafólks hefur um árabil farið lækkandi. Forvarnir hófust eftir stríð, en fyrsta löggjöfin gegn tóbaki var sett 1969. Margt er þó enn óunnið í baráttunni gegn reykingum ungmenna.

Porgils Jónsson

thorgils@frettabladid.is



Síðustu ár hefur margt unnið hér á landi í baráttunni gegn reykingum. Hlutfall reykingafólks hefur farið lækkandi, sérstaklega í yngstu aldrarskilyrðum þar sem hlutfall barna í 10. bekk sem reykja hefur til dæmis lækkað úr 20% árið 1995 niður í rúm 3% samkvæmt nýjustu tölum.

Þessi þróun hljóta flestir að telja til heilla, þar sem allt að 400 Íslendingar deyja árlega af völdum beinna aðe óbeinna reykinga. Hún er þó ekki sjálfsprottin, heldur er hún afkastur áratugalangrar baráttu sem hófst á tíma þar sem fæstir voru móttækilegir fyrir slíkar upplýsingar.

Tóbaksneysla var frekar lítil á Íslandi fram undir seinni heimsstyrjöld þegar sigarettur fóru að ryðja sér til rúms. Í skýrslu sem Krabbameinsfélag Íslands gaf út árið 1954 kom fram að rúmur helmingur karlmannna reykti þá og fjórða hver kona. Það hlutfall minnkaði eilítið þegar komið var fram á níunda áratuginn en árið 1985 reyktu 43% fullorðinna karla og 37% kvenna.

## Reykingafólki fækkar

Síðustu tvo áratugi eða svo hafa reykingar hins vegar verið á stöðugri niðurleið, sem sést hvað best á því að árið 1987 var meðal-

neysla Íslendinga fimmtán ára og eldri 121 sigarettu, en í fyrra seldust 49 pakkar á mann. Árið 1995 reykti rétt um þriðji hver Íslendingur á aldrinum 15 til 79 ára, samkvæmt tölum Landlækniseimbættisins, og um það bil 40% hafði aldrei reykt. Samsvarandi tölur í fyrra leiða í ljós að 17% reykja (tæp 14% daglega) og rúmur helmingur þjóðarinnar hefur aldrei reykt á ævinni.

Segja má að Niels Dungal prófessor hafi verið frumherji og brautryðjandi í baráttunni gegn reykingum á Íslandi. Hann var meðal annars fyrsti formaður Krabbameinsfélags Íslands, árið 1951, og vann um árabil ótulllega að því að upplýsa landsmenn um þá vá sem fylgir reykingum, sérstaklega hin beinu tengsl milli reykinga og lungnakrabbameins. Bæði stundaði Niels sjálfur rannsóknir á þessum tengslum og hélt einnig á lofti erlendum rannsóknum, en það var árið 1939 sem fyrstu rannsóknir þess efnis birtust.

## Löggjafinn grípur inn í

Árið 1969 urðu ákveðin kaflaskil þegar sett voru lög um viðvaranir á sigarettum, en það voru fyrstu lög sem miðuðu beint að því að draga úr reykingum. 1971 var bætt um betur þegar Jón Ármann Héðinsson, þingmaður Alþýðuflokks, hafði í gegn, með mikilli elju og harðfýlgni, frumvarp sem kvæð á um bann á auglýsingum á tóbaki.

Árið 1977 voru svo samþykkt sérstök lög um ráðstafanir til að draga úr reykingum, þar sem meðal annars var lagt bann við öllum

auglýsingum, beinum og óbeinum, og þar fékkst líka heimild til að banna reykingar í húsakynnum og almenningssfarartækjum. Árið 1984 var bannað með lögum að selja börnum undir sextán ára aldri tóbak og takmarkanir settar á reykingar á ýmsum almenningstöðum, til dæmis í heilbrigðis- og uppeldisstofnunum.


Síðan þá hafa heilbrigðisfyrirvöld, í samvinnu við íþróttahreyfinguna og fleiri félagsamtök, eflt baráttuna sífellt og löggjafinn hefur hert jafnt og þétt á lagarammanum til að takmarka og draga úr reykingum. Meðal síðustu úrræða má nefna bann gegn reykingum inni á veitingastöðum, sem sett var árið 2007, og sífellt hækkanði opinberar álögur sem skila sér í hækkan smá-söluverðs.

## Enn nokkuð óunnið

Viðar Jensson, verkefnisstjóri tóbaksvarna hjá Landlækniseimbættinu, segir að við búum enn í dag að starfi frumkvöðla á borð við Jón Ármann og Þorvarð Örnólfsson heitinn, fyrrverandi framkvæmdastjóra Krabbameinsfélagsins. Enn sé þó margt að vinna í tóbaksvörnum.

„Það er margt sem þarf að huga að og við þurfum að koma í veg fyrir nýliðun í hópi reykingafólks. Við höfum náð frábærum árangri í tíunda bekk þar sem daglegar reykingar mælast nú rúmlega 3%. Hins vegar byrjar ungt fólk seinna að reykja í dag og við þurfum að ná betur til þeirra.“

## TÓBAKSVARNIR Í TÍMANS RÁS



## Byggjum enn á starfi frumkvöðla

Á degi án tóbaks, sem haldinn var 31. maí síðastliðinn, var Jón Ármann Héðinsson, fyrrverandi alþingismaður, heiðraður með viðurkenningu fyrir frumkvæði og baráttu í tóbaksvörnum.

Eins og fram kemur hér að ofan var Jón Ármann flutningsmaður frumvarps um bann við auglýsingum á tóbaki. Ísland varð, árið 1972, fyrsta landið sem setti lög af þessu tagi, svo vitað sé.

Pórólfur Þórlindsson, prófessor og fyrrverandi forstjóri Lýðheilsustöðvar, segir að þetta afrek Jóns Ármanns verði seint ofmetið, sérstaklega ef litið er til ríkjandi tíðaranda.

Pórólfur segir að Jón Ármann hafi í fyrstu ekki fengið stuðning við frumvarpið, sem sjáist best á því að hann flutti það einn og óstuddur. Hann hafi þó sótt sér stuðning í málinu út fyrir vegg Alþingis.

„Jón Ármann er frábær fulltrúi þeirrar hefðar þar sem einstaklingar lögðu sig fram um að breyta umhverfi sínu til hins betra. Hann naut mikils trausts hjá íþróttahreyfingunni, ungmennafélags-hreyfingunni og bindindishreyfingunni og virkjaði þann félagsauð í baráttunni. Stuðningsfyrirlýsingarnar streymdu inn, meðal annars frá læknageiranum, og það er mín tilgáta að þegar þingmenn áttuðu sig á þessum mikla stuðningi hafi menn farið að hugsa málið betur.“

Frumvarpið var síðan samþykkt með eins atkvæðis mun á þingi.


„Saga tóbaksvarna á Íslandi er glæsileg og þessi lög eru einn af hornsteinunum í henni,“ segir Pórólfur. „Menn eins og Jón Ármann og Þorvarð Örnólfsson voru miklir brautryðjendur og við byggjum enn á þeirra starfi.“



**FÁÐU PÉR SMÓK** Auglýsingar sem þessar voru algengar í blöðum og tímaritum á árum áður.



## REYKINGAR Á ÍSLANDI



## „...TÓBAK RÓM RÆMIR.“

Sögu tóbaksvarna á Íslandi má í raun rekja aftur til skrifna Hallgríms Péturssonar frá sautjándu öld þar sem hann segir í kvæði:

Tóbak róm ræmir,  
remmu framkvæmir,  
tungu vel tæmir,  
tár af augum flæmir,  
háls með hósta væmir,  
heilann fordæmir  
og andlit afskræmir.

(Heimild: Vísindavefurinn)



## LÆGRA EN PEKKIST VÍÐAST HVAR

Varðandi reykingar og tóbaksvarnir koma Íslendingar afar vel út í samanburði við aðrar þjóðir, þar sem tæp fjórtán prósent Íslendinga reykja daglega.

Til dæmis eru dagreykingamenn 28 prósent íbúa í ríkjum ESB, þar sem hlutfallið er eilítið hærra í hópi ungs fólks, og 19 prósent Bandaríkjamanna eru dagreykingafólk. Á Norðurlöndunum er hlutfallið jafnan í lægri kantinum. Það er eilítið hærra í Danmörku (17%) og Noregi (16%) en hér á landi og í Finnlandi er hlutfallið 22%. Í Svíþjóð reykja aðeins ellefu prósent daglega, en þar er munntóbaksneysla hins vegar landlæg.





# SPARNEYTINN MAZDA CX-5

FJÓRHJÓLADRIFINN  
 1800 KG DRÁTTARGETA  
 BLUETOOTH  
 SNERTISKJÁR 21 CM VEGHÆÐ  
 BLINDPUNKTSAÐVÖRUN



SPARAÐU MEÐ  
**SKYACTIV**  
 NÝ TÆKNI FRÁ MAZDA

BEINSKIPTUR FRÁ 5.390.000 KR.  
 SJÁLFSKIPTUR FRÁ 5.690.000 KR.

Mazda CX-5 er framúrskarandi jeppi búinn byltningarkenndri SkyActiv spartækni Mazda. Ný og öflug vélalína, ný 6 þrepa sjálfskipting og nýr hástyrktarundirvagn gera nýju SkyActiv spartækni Mazda einstaka. Hún skapar fádæma sparneytni samanber nýju bensínvélina sem notar einungis 6,6 lítra með sjálfskiptingu.

Skynvætt fjórhjóladrif (4WD), blindpunktsaðvörun (RVM) og snjallhemlunarkerfi (SCBS) gera Mazda CX-5 öruggari. Bluetooth símabúnaður, i-stop spartækni, snertiskjár, mikið innanrými, 1800 kg dráttargeta, 21 cm veghæð og stórt farangursrými skapa þér frábært notagildi.

Komdu í reynsluakstur.

Nýir og notaðir bílar: Söludeild er opin alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | mazda.is

Mazda CX-5 4WD 2,0i SkyActiv bensín. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,6 l/100 km. CO<sub>2</sub> losun 155 g/km. Útbúnaður bíls getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.



Öruggur staður til að vera á





þú gætir unnið  
Galaxy S4



Komdu og  
skoðu  
sögurnar

#### Vegleg verðlaun í hverri viku

Í hverri viku drögum við úr innsendum sögum og heppnir þátttakendur gætu unnið Samsung Galaxy S4 eða glæsilega áskriftarpakka frá Símanum til að auðvelda þeim að deila ævisögunni með öðrum.






Segðu okkur þína sögu!

segjumsogur.is

- Farðu á segjumsogur.is og sendu inn sögu
- Allir sem senda inn sögu fara í pottinn
- Veglegir vinningar vikulega

**Segjum sögur á stærsta farsímaneti landsins**  
 Við erum alltaf að segja sögur með símanum okkar. Í textaskilaboðum, statusum, tístum eða með ljósmyndum og myndböndum. Farðu á segjumsogur.is og sendu okkur söguna þína í máli eða myndum.

Vertu í sterkara sambandi







# Byggðin á Austur-Grænlandi

Pegar meðlimir Kalak, Vínafélags Íslands og Grænlands, fóru til Kulusuk í Grænlandi til að afhenda afrakstur söfnunar vegna bruna tónlistarhúss bæjarins slóst Pjetur Sigurðsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, með í för og fangaði fegurðina.



→ Í Kulusuk er ekki óalgengt að ganga fram á grafir nánast í alfara-leið. Nemendur bæjarins eru með á nótunum í knattspyrnunni og skarta nokkrir treyjum Barcelona.





# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## HALLARVEISLA Í VIÐEY

Sannkölluð hallarveisla verður í Viðey í kvöld þar sem íslenskir sælkerar geta notið glæsilegra veitinga og vína. Einn þekktasti vínþjónn heims, Corrine Michot, velur vín kvöldsins. Michot hefur starfað sem yfirvinnþjónn á veitingastöðum Gordons Ramsey en hún mun kynna vín frá Bordeaux. Fríðgeir Ingi Eiríksson sér um matseðilinn.

## Hús til leigu **Spánarfri.is**



www.spanarfri.is - spanarfri@spanarfri.is

Ekki þjáast

# Mígreini.is

fyrirbyggjandi fæðubótarefni



## Ný sending !



Röndóttur bolur  
5.900 kr.

Toppur  
6.900 kr.

one two

Opið virka daga kl. 11-18.  
Opið laugardaga kl. 11-16.

## black pepper

FASHION

Laugavegi 178 (Bolholtsmegin) | Sími 555 1516

Klið á myndir og verð á Facebook



**VIRKAR VEL** Ásdís Lára finnur mikinn mun á sér eftir að hún byrjaði að taka inn Femarelle.

MYND/GVA

# FRÁBÆR LÍÐAN AF NOTKUN FEMARELLE

**ICECARE KYNNIR** Loksins er komin á markaðinn náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Femarelle er úr jurtaefnum og slær á einkenni tíðahvarfa.

**M**ín upplifun af notkun Femarelle er mjög góð. Þótt ég sé ekki enn orðin fimmtug er ég búin að glíma við ýmiss konar vandamál varðandi blæðingar og tíðahvörf í mörg ár. Þetta byrjaði með gríðarlegri fyrirtíðaspennu þegar ég fór að nálgast fertugt,“ segir Ásdís Lára Runólfssdóttir. „Samhliða mjög slæmum skapsveiflum og andlegri vanlíðan þá jókst tíðni migrenis-kasta gríðarlega. Ég fékk alltaf migreni daginn sem ég byrjaði á blæðingum,“ segir hún enn fremur.

„Ég prófaði allt, breytti mataræðinu, tók inn ýmiss konar vítamín og bæti-efni en ekkert virkaði. Síðastliðin þrjú ár hef ég prófað mig áfram í gegnum úrvalið af því sem hefur verið í boði vegna einkenna tíðahvarfa.

Ekkert virkaði nógu vel og á sama tíma fór meira að bera á einkennum sem gátu eingöngu átt við tíða-

hvörf. Það tók mig langan tíma að átta mig á að ég væri að fara inn í tíðahvörf því eldri konur í minni fjölskyldu hafa ekki þekkt þetta vandamál. Í lok síðasta árs prófaði ég hormónatöflur í þrjú mánuði með slæmum árangri, þá leið mér enn verr,“ segir Ásdís.

„Þegar Femarelle kom á markaðinn var ég alveg komin að því að gefast upp.

Hitaköstin urðu stöðugt verri og verri. Ég vissi ekki hvernig ég átti að klæða mig lengur. Svefnlausar nætur vegna nætursvita og hitakasta. Mér leið eins og ég logaði innan frá. Það tók Femarelle um það bil tvær vikur að virka, á þriðju viku fann ég ekki fyrir neinum einkennum.

Nú líður mér mjög vel bæði andlega og líkamlega. Ég þarf ekki lengur að rífa mig úr fötunum þegar ég sit í sófanum á kvöldin vegna óbærilegs hita og sef mjög vært í langferma náttkjólum á næturnar.“

## FEMARELLE - ÖRUGGUR KOSTUR

Femarelle er náttúrulegt jurtaSERMi (Selective Estrogen Receptor Modulator) gert úr jurtaefnum. Innihald hylkjanna er: 322 mg DT56a (tofu extract) og 108 mg hörfræjaduft.

**FEMARELLE ER EKKI HORMÓN OG INNIHELDUR EKKI ÍSÓFLAVÓNÍÐA.**

Fæst í öllum apótekum, heilsuvöruslunum og í heilsuhillum stómarkaða.

**UPPLÝSINGAR**  
www.icecare.is og Femarelle á Facebook.



Ertu búinn að fá þér Veiðikortið!

Elliðavatrni komið á kortið!



Veiðitímabilið er byrjað. Kr. 6.900.-

www.veidikortid.is

**VIETNAM MARKET**  
ALLT FYRIR  
AUSTURLENSKA MATARGER

699 kr. 320 kr. 550 kr. 387 kr.

Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík S mi: 534 7268



BJÓÐUM UPP Á HEIMSENDINGU

PHO víetnamskur veitingastaður

# HOLLT OG GOTT

1.250 kr

1.350 kr

1.250 kr

Ármúla 21 - 108 Reykjavík - Sími: 588 6868 - www.pho.is

Opið:  
mán - föst Kl. 11 - 21  
lau - sun Kl. 12 - 21





SÍSÍ ÁSTA HILMARSDÓTTIR kemur að skipulagi markaðarins

MYND/GVA

## MARKAÐUR Á AKUREYRI

Fjöl margar netverslanir munu sýna vörur sínar á markaði á Akureyri um helgina.

Fjöldi íslenskra netverslana mun kynna vörur sínar á svokölluðum „pop up“ markaði á Akureyri um helgina. Eingöngu nýjar vörur verða til sölu, bæði innlendar og erlendar. Úrvalið verður mjög fjölbreytt en þar má meðal annars finna fatnað, leikföng, handverk, prjónavöru og skartgrip. Rúmlega 40 netverslanir munu kynna vörur sínar um helgina, bæði netverslanir frá Norður-



landi og höfuðborgarsvæðinu. Akureyringum og nærsveitarmönnum gefst því gott tækifæri til skoða vörur og um leið að hitta fólkið á bak við þær og jafnvel hönnuðina sjálfa. Markaðurinn verður haldinn að Baldursnesi 8, þar sem Europris var áður til húsa, og verður opinn á laugardag frá kl. 11 til 17 og sunnudag frá kl. 13 til 17. Nánari upplýsingar má finna á Facebook-síðu markaðarins undir Pop up markaður Akureyri.

# BRETTAMENNINGIN VEX HÉRLENDIS

**MOHAWKS KYNNIR** Verslunin Mohawks selur snjóþretti, hjólabretti og úrval af tískufatnaði frá heimsþekktum framleiðendum.

Verslunin Mohawks í Kringlunni hefur notið mikilla vinsælda undanfarin ár. Hún hóf starfsemi á Laugavegi árið 2007 en flutti sig um set í Kringluna ári síðar. Eigandi verslunarinnar, Leon Sebran Kemp, segir staðsetninguna í Kringlunni vera mjög góða og henta viðskiptavinum mjög vel. „Mohawks er „extreme“ íþróttabúð. Við seljum snjóþretti, hjólabretti og mikið úrval af tískufatnaði sem tengist þessum íþróttagreinum en sá fatnaður er vinsæll hjá öllu ungu fólki, ekki bara þessum íþróttamönnum.“

Verslunin selur fót fyrir bæði stelpur og stráka og býður upp á úrval fylgihluta fyrir snjóþretti og hjólabretti. „Nú eru svokölluð „longboards“ til dæmis mjög vinsæl en það eru stærri og lengri hjólabretti. Einnig seljum við „cruiser“ hjólabretti sem hafa stærri dekk en hefðbundin hjólabretti. Við finnum mikið fyrir því hvernig brettamenningin er að vaxa á hverjum degi. Núna eru þetta ekki lengur krakkar heldur líka ungt fólk sem stundar brettin.“

Mohawks hefur undanfarin ár haldið ýmsa stórviðburði yfir sumarið og



engin breyting verður á því í ár. „Síðasta sumar vorum við með sumarhátíð á plani Kringlunnar. Nú erum við að vinna að stórum viðburði með Alexander Lexi þar sem verðlaunin verða keppnisréttindi í hjólabretta- og BMX-hjólakeppni erlendis.“

Nánari upplýsingar má finna á Facebook-síðu verslunarinnar undir Mohawks og á [www.mohawks.is](http://www.mohawks.is).

**SPENNANDI VÖRUR**

Mikið úrval af tískufatnaði og brettavörum fæst í Mohawks í Kringlunni.

MYND/DANIEL



# MOHAWKS

6 ára afmælistilboð

8.-13. júní

2 fyrir 1

Hettupeysur - Uppháir skór - Gallabuxur - Jakkar

Dæmi: Uppháir skór + gallabuxur / hettupeysa + jakki / uppháir skór + skór

20% af öllum tilbúnum brettum

Kringlan | 534-2951 | [www.mohawks.is](http://www.mohawks.is) | [facebook.com/mohawksiceland](https://facebook.com/mohawksiceland)



# NINGS

## SUMARTILBOÐ

Djúpsteiktar rækjur



Eggjanúðlur



Svínakjöt „appelsínu“



Kjúklingur „Kung Pao“



1995 á mann  
verð fyrir tvo 3990  
gildir aðeins fyrir tvo eða fleiri  
Yasmin hrísgrjón, Soyasósa  
ásamt 2l Coke fylgir með

Veitingahús Nings eru opin alla daga frá 11:30 til 22:00

Suðurlandsbraut | Hlíðarsmári | Stórhöfði

www.nings.is | Sími: 5889899







## Lagerhreinsun

**COMAC L22 GÓLFÞVOTTAVÉL**

**Tilboðsverð:**  
**Kr. 652.600**  
 með vsk.  
 Kr. 520.000  
 án vsk.

Tilbúin til notkunar  
 Gildir út júní 2013

**ÍTÖLSK GÆÐAVARA**  
**COMAC L22 gólfþvottavél**

Einföld í notkun - Hljóðlát - Sterk - Lipur og meðfærileg  
 Viðhaldsfrír rafgeymar  
 Innbyggt hleðslutæki  
 55 cm vinnslubreidd  
 78 cm skafa

Vortex ehf [www.comac.is](http://www.comac.is) s. 445-4885



**VIKINGUR** Arna er öflugur íþróttamaður og leggur stund á skíði, handahjól, handbolta og körfubolta og er liðsstjóri í mýrabolta. Í sumar ætlar hún öðru sinni í aktíva endurhæfingu í Svíþjóð með ungu fólki með mænuskaða og stundar þar köfun, sjóskíði, hestamennsku og fleira. „Það opnar augu manns fyrir því hversu margt er hægt að gera og að líf í hjólastól þarf ekki að vera tilbreytingalaust,” segir Arna.

MYND/STEFÁN

# ÓTRÚLEGT EN SATT

**AFMÆLISHETJA** Arna Sigríður Albertsdóttir er 23 ára í dag. Í desember verða sjö ár síðan hún lamaðist í skíðaslysi í Noregi. Hún er bjartsýn á lækningu.

Þetta er tímabundið ástand. Ég er alveg eins og ég er þegar ég slasaðist og hef ekkert komið til baka en hugsa alltaf um framtíðina eins og ég muni labba. Annað er óþægileg tilhugsun því þótt ég hafi það fint núna, eigi góða vini og geti margt, verður þetta erfiðara með tímanum og ef axlirnar gæfu sig yrði ég í vondum málum,” segir Arna Sigríður, sem var aðeins sextán ára þegar hún lamaðist frá brjósti í skíðaslysi í Noregi árið 2006.

„Fyrst var náttúrulega mjög erfitt að horfast í augu við að ég væri lömuð og þótt það sé alltaf erfitt og stundum ómurllegt er það ótrúlegt en satt að það venst og ég er orðin vön því núna.“

Arna segir mænuskaða geta haft margar aukaverkanir, eins og beinþynningu, legusár og fleira.

„Sjálf verð ég oft lasin og hef átt í alls kyns vanda en í heildina hef ég það bara gott og hef ekki yfir neinu að kvarta,” segir Arna jákvæð.

Í dag mun Arna sýna hjálpar-

tæki sem hún notar fyrir íþróttir á hjálpartækjasýningu Þekkingarmiðstöðvar Sjálfsbjargar í íþróttahúsi fatlaðra að Hátúni 14.

„Ég er nú aftur farin að stunda skíði á sérstökum skíðastól sem

er útbúinn öðru skíðinu sem ég slasaðist á og tveimur skíðastöfum fyrir hendur. Tæknin er svipuð og ég græði á að hafa kunnað að skíða en þó er allt öðruvísi. Ég á í vanda með jafnvægi og fannst ekkert gaman fyrst en eftir því sem ég verð betri verður sífellt skemmtilegra, enda fór ég þó nokkuð oft á skíði í vetur,” segir Arna brosmild.

Í dag á huga Örnú allan handahjól sem hún sýnir einnig á hjálpartækjasýningunni í dag.

„Handahjól er eins konar reiðhjól sem ég hjóla með höndum;

lágt og þriggja hjóla. Á því hef tekið þátt í hálfmaráðnum en stefni á heilt maraþon í sumar. Handahjólíð var upphaflega hannað til að bæta úthald íþróttamanna í meiðslum en hefur nú verið endurbætt fyrir fólk eins og mig,” segir Arna um hjólíð, sem er ófánlegt hér á landi og afar dýrt.

„Öll hjálpartæki sem tengjast hreyfingu og útivist fást ekki niðurgreidd hér, sem er slæmt því þau auka lífsgæði og úthald, sem er dýrmætt fyrir þá sem eru í hjólastólum, því þar reynir bara á styrk. Í mínu tilviki hefur hjólíð einnig styrkt magavöðva sem ég á ekki að geta notað og það er því líkur munur til hins betra. Því ættu sem flestir að geta notið þess að geta hreyft sig og styrkt utanhúss.“

Arna kveðst bjartsýn á að lausn finnist til að lækna mænuskaða en að framfarirnar skorti fé.

„Ég hef heyrt að rannsóknir á mænuskaða séu óvinsælar hjá lyfjafyrirtækjum sem annars kosta margar rannsóknir en víða um heim er verið að prófa stofnfrumumæðferðir með lofandi

árangri.“

## POLINMÆÐI

„Það erfiðasta við hjólastólinn er allt þetta daglega sem tekur tíma og kostar þolinmæði og skipulag. Kostirnir eru svo vitaskuld engir en síðan ég slasaðist hef ég kynnst fullt af frábæru fólki og upplifað og lært margt sem ég hefði annars ekki gert.“

Arna segir tilveruna hafa breyst mikið síðan hún lamaðist. „En ég fer út og er heppin að eiga góðar vinkonur sem hjálpa mér og vilja allt fyrir mig gera. Ég reyni því að láta þetta trufla mig sem minnst og er ánægð með lífið og tilveruna.“

Í sumar ætlar Arna að dvelja hjá fjölskyldu sinni á Ísafirði, æfa sig á handahjólunum og halda áfram að taka áfanga í sumarskólanum fyrir stúdentspróf.

„Í Reykjavík bý ég ein og þótt það sé þægilegt að búa

hjá mömmu fyrir vestan finnst mér ég hafa gott af þessu. Allar vinkonur mínar eru fyrir sunnan í háskólanámi og leiðinlegt fyrir mig að vera ein eftir á Ísafirði. Þá er aðgengi og þjónusta fyrir fatlaða mun betra í borginni þótt enn vanti mikið upp á,” segir Arna, sem af þolinmæði tekst á við hindranir.

„Það erfiðasta við hjólastólinn er allt þetta daglega sem tekur tíma og kostar þolinmæði og skipulag. Kostirnir eru svo vitaskuld engir en síðan ég slasaðist hef ég kynnst fullt af frábæru fólki og upplifað og lært margt sem ég hefði annars ekki gert. Af öllu þessu hlaust því dýrmætur skóli.“

Í kvöld ætlar Arna að halda upp á áfmælið sitt því í dag eru 23 ár liðin síðan hún kom í heiminn.

„Við vinkonurnar ætlum að gera eitthvað skemmtilegt saman til hátíðabrigða og ég hlakka mikið til kvöldsins.“

■ [thordis@365.is](mailto:thordis@365.is)

# LANGAR ÞIG Á VÖLLINN?

Það er sama hvað er að gerast - við seljum miðana.

KSI HSI

[midi.is](http://midi.is)



## LOKAÐ Í DAG

## ÚTSALAN HEFST Á MÁNUDAG

MARINA RINALDI

# MaxMara

B/A/S/L/E/R *Parisar* TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770



## Við erum **10 ára** á þessu ári og erum að halda uppá það þessa helgi

VIÐ GRILLUM Í DAG PYLSUR OG KALDIR DRYKKIR Í BOÐI

### Jaxon 4 og 5 laga öndunarvöðlur

Engir saumar á innan verðum skálmun góðar sandhlífar, belti, poki og vasi ótrúlega sterkar og góðar vöðlur.

Fullt verð 34.900 kr

Afmælistilboð **24.900 kr**

**10.000  
KR AFSL.**

#### Barnavöðlur

Þessar hafa heldur betur slegið í gegn. hvort sem í veiðina eða leikskólann Aldrei aftur blautir fætur.

Grænar, bleikar, bláar og mosagrænar. st.22 - 41

Verð frá **9.900 kr**



### Strandveiðiset

14 eða 15 feta Jaxon stöng stórt 6 legu hjól með aukaspólu, 250 m af 80 punda ofurlínu, sökkur og slóðar fylgja. Allt að 200m köst!

Fullt verð 41.750 kr

Afmælistilboð

**31.750 kr**

**10.000  
KR AFSL.**



### Tvíhendu tilboð

Jaxon Eternium 14 feta tvíhenda, stórt large arbour hjól, undirlína og skotlína frá G.loomis.

Fullt verð 43.900 kr.

Afmælistilboð

**33.900 kr**

**10.000  
KR AFSL.**



### Flugustangarsett.

Jaxon XT pro besta stöngin frá Jaxon.

Lína 4, 5, 6, 7, eða 8 large arbour hjól, okkar besta flotlína, undirlína og hólkur. Frábærar stangir sem gefa dýru stöngunum ekkert eftir.

Fullt verð 43.900 kr. Afmælistilboð **33.900 kr**



**10.000  
KR AFSL.**

### Jaxon slöngubátar **50.000 kr afsláttur**

**50.000 KR AFSL.**

290 cm fullt verð 249.000 kr

Afmælisverð **199.000 kr**

320cm fullt verð

289.000 kr

Afmælisverð

**249.000 kr**



Allar nánari uppl. um bátana á [veidiportid.is](http://veidiportid.is)

### Yukon nætursjónaukar

Nánari uppl. á [veidiportid.is](http://veidiportid.is)



**10.000  
KR AFSL.**

Yukon nætursjónauka kitt á haglabyssu 3x42, titanium festing, laiser mið mjög léttur Fullt verð 69.900 kr Afmælistilboð

**59.900 kr**



Yukon nætursjónaukar á byssur NVRS 2,5 X 50 Fullt verð 118.900 kr Afmælistilboð

**108.900 kr**

**10.000  
KR AFSL.**



Yukaon Sentinel 3x60 Fullt verð 149.000 kr Afmælistilboð

**129.000 kr**

**20.000  
KR AFSL.**

### Jaxon veiðihjól



Jaxon splendid 8 legu kasthjól, aukaspóla, 2 ára ábyrgð Fullt verð 8.900 kr Afmælistilboð **6.900 kr**



Jaxon Ayrton 400 9 legu hjól, aukaspóla, 2 ára ábyrgð 7 ára reynsla á Íslandi fanta gott hjól. Fullt verð 9.900 kr Afmælis tilboð **7.900 kr**



Jaxon Bossman 4 legu sjóhjóla með raðara og teljara. Fullt verð 12.900 kr Afmælisverð **9.900 kr**

### Flís galli undir veiðigallann

Flís galli undir veiðigallann

Peysa og buxur saman

Verð aðeins **9.900 kr**



Allar nánari upplýsingar á [veidiportid.is](http://veidiportid.is)



## BÍLAR & FARARTÆKI

**bilaborg.is**  
Sími 517-1111



BMW M6. Árgærd 2007, ekinn 39 PKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 13.900.000. Rnr.125316. Uppl síma 517-1111 Glæsilegur bill.



PORSCHE Cayenne s 351 hõ. Árgærd 2004, ekinn 89 PKM, bensín, sjálfskiptur. Tilboðsverð 3390 þús. Glæsilegur bill uppl 517-1111



FORD F150 Supercrew 4x4 king ranch. Árgærd 8/ 2007, ekinn 70 PKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.390.000. Rnr.133219. Er staðnum uppl síma 517-1111



BMW 745 i . Árgærd 2002, ekinn 173 PKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.590.000. Rnr.133263. Er á staðnum. Uppl síma 517-1111


Bilaborg  
Stórhöfða 26, 112 Reykjavík  
Sími: 517 1111  
<http://www.bilaborg.is>



### 6 MANNA - DÍSEL- 4WD

M.BENZ R 320 DÍSEL 4WD. Árgærd 2007,ekinn aðeins 29.þ km,sjálfskiptur.Verð aður 6.980.000.- Tilboð 5.990.000.- Rnr.103180.S:562-1717.

Bílalíf  
Klettháls 2, 110 Reykjavík  
Sími: 562 1717  
Opíð virka daga 10-18 & lau 12-16.  
[www.bilalif.is](http://www.bilalif.is)



MAZDA B2500 DOUBLE CAB ÁRG. 2001 2,5 D EK 246 .KM. FJÓRHJÓLAD. KRÓKUR. SKIPTI HUGSANL. ÁSETT 660 P S. 895 8956

Bílasalan Bílás Akranes  
Smíðjuvöllum 17, 300 Akranes  
Sími: 431 2622  
[www.bilas.is](http://www.bilas.is)



## Rafgeymar í ferðavagna

Neyslurafgeymar fyrir ferðavagna og húsbíla. Einnig hleðslutæki með vöktun fyrir stöðuga hleðslu.



## Antik dráttavélar

Ertu að gera upp gamla traktorinn? Eigum til á lager og útvægum varahluti í gömlu dráttavélar, einnig viðgerðarbækur, málningu ofl.




## Vinnuvélar

Sérpöntum varahluti frá Þýskalandi í flestar gerðir vinnuvéla.



## Lifraent hæsnafóður

Ræktaðu þín eigin vistvænu egg. Goggi varpfóðrið nú aftur fáanlegt í 25kg sekkjum.



Jötunn Vélar ehf - S. 4800400  
[www.jotunn.is](http://www.jotunn.is)  
Austurvegi 69 - 800 Selfossi  
Lónsbakka - 601 Akureyri

Jötunn - Vélar ehf  
Austurvegi 69, 800 Selfoss  
Sími: 480 0400  
<http://www.jotunn.is>



## PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG 569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar - með þér alla leið -

**ATVINNA**

**Atvinna í boði**

**A NEW EXCITING** food production company in Mosfellsbær is looking for experienced sushi production staff. Please e-mail inquiries, along with cv and detail on experience to info@sushigo.is.

**MEIRAPRÓF!**

Óska eftir lestunarmanni á flutningastöð með meirapróf. Uppl. í s. 893 5444.

**RÆSTINGAR - SELFOSS**

Ræstingajónustan auglýsir laust starf við ræstingar á Selfossi. Vinnutími kl. 11-15. Hreint sakavottorð og góð íslensku- eða enskukunnátta skilyrði fyrir ráðningu. Sendið umsóknir á umsokn@rth.is eða hringið í síma 821 5059 á skrifstofutíma.

**Tilkynningar**

Til sölu sumarhústaðarland (eignarland). Hentar vel fyrir hjólhýsi. Uppl. í s. 824 3040

**Einkamál**

**Rauða Torgið**  
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri  
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920  
Konur, allt frítt í s. 555-4321  
Karlar auglýsa frítt, 535-9922  
**Heitar kynslögur**  
905-2002 • 535-9930  
**Símadómur • Live-spjall**  
908-6000 • 535-9999

**MAKALEIT.IS**

Vandaður íslenskur stefnumótavefur fyrir alla aldurshópa. 30 daga frí áskrift.

**KONA, LEITAR ÞÚ ÁSTAR?**

Tilbreytingar? Afþreyingar? Ertu nuddari? Auglýstu frítt. Rauða Torgið, s. 555-4321

**101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA**

Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is  
Leifur Aðalsteinsson Framkvæmdastj./Sölum. leifur@101.is • Helgi J. Jónsson Sölumaður / helgi@101.is • Kristín S. Sigurðardóttir Löggildur fasteigna, skipa og fyrirtækjasali



**Fannborg Kópavogi**



Nýstandsettar 40 - 50 fm studeó og 2ja herb. Íbúðir, úsýni til allra átta. Sjón er sögu ríkari.

**Smáratún 6 - 225 Garðabæ**



Skemmtilegt 141 fm einbýli á tveimur hæðum. 4 svefnherbergi, stofa og borðstofa, sjónvarpshol, eldhús, baðherbergi, snyrting og þvottahús. Fristandandi 53,2fm bílskur með aukaíbúð. **V - 43,9 millj.**

**Lundur - 200 Kóp**



Einstaklega falleg 148,2fm 4ra herb. endaíbúð á jarðhæð með mjög stórir afgirtri suð vestur verönd. Eignini fylgir stæði í lokaðri bílageymslu. Lyftuhús. Frábær staðsetning. Eina íbúðin á hæðinni. Glæsilegur frágangur á húsi og íbúð. **V-48,9 millj.**

**Blönduhlíð - 105 Rvk**



Gullfalleg og mikið endurnýjuð 107,3 fm 4 herbergja íbúð í kjallara með sérinnngangi í snyrtilegu húsi á þessum vinsæla stað. Eignin er laus til afhendingar strax. **V-29,7 millj.**

**Nökkvavogur - 104 Rvk**



Gullfalleg 63,8fm 3 herb. íbúð á miðhæð í mjög vel við höldnu fimmbyli á þessum rólega stað. Fallegur garður í góðri rækt. **V- 19,9 millj.**

**Vífilsgata - 101 Rvk**



Mikið endurnýjuð eign sem saman stendur af tveimur 2 herbergja íbúðum (hæð og kjallari) í mjög góðu húsi. Hús og íbúðir til fyrirmyndar. **V- 31,9 millj.**

**Mikil sala – Vantar allar gerðir eigna á skrá – sanngjörn sölubóknun**



# Nýtt!



Nicorette® QuickMist munnholsúði

## HVISS!

- og reykingalöngunin minnkar

Nicorette® QuickMist munnholsúðinn er nýjasta níkótínlyfið frá Nicorette og virkar á 60 sekúndum



### Nicorette® QuickMist

- Úðist í munn við reykingapörf
- 1 mg níkótín í hverjum úða
- Nota skal 1-2 úða í hvert sinn
- Virkar á 60 sekúndum
- Er með mintubragði
- Hvert úðahylki inniheldur 150 úða
- Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

**nicorette** auðveldar þér að hætta að reykja

nicorette  
nicotin

Nicorette® QuickMist munnholsúði er níkótínlyf (inniheldur einnig lítið magn af etanóli (alkóhól), minna en 100 mg/úða). Lyfið er fánlegt án lyfseðils og notað til meðferðar á níkótínfíkn, til að draga úr fráhrarfeinkennum þegar reykingum er hætt. Hætta skal reykingum alveg meðan á meðferð stendur. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið var reykt en hámarksdagskammtur er 64 úðar. Nota má allt að 4 úða á klst., en ekki fleiri en 2 úða við hverja skömmtun. Hvorki skal borða né drekka meðan á notkun munnholsúðans stendur og gæta skal að úða ekki í augu. Ekki má nota Nicorette QuickMist ef þú ert með ofnæmi fyrir níkótíni eða öðru innihaldsefni lyfsins. Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun lyfsins ef þú hefur nýlega fengið hjartaðrep eða heilaslag, ert með brjóstverk (hjartaöng), hjartasjúkdóm, ómeðhöndlaðan hábrýsting, hefur fengið bráðaofnæmisviðbrögð eða útbrot með kláða, ert með skerta lífrarstarfsemi, alvarlegan nýrnasjúkdóm, sykursýki, ofvirkjan skjaldkirtil, æxli í nýrnahettum, magasár eða vélindabólgu. Einstaklingar yngri en 18 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Þeir sem ekki hafa reykt eiga ekki að nota lyfið. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.



# SPILA MEÐ PEIM BESTU

Fjórar íslenskar hljómsveitir spila á einni virtustu tónlistarhátíð Evrópu. Sónar hefur verið stökkpallur fyrir margar hljómsveitir.

Ólöf Skaftadóttir  
olof@frettabladid.is



Sónar í Barcelona er alþjóðleg tónlistarhátíð. Hátíðin var fyrst haldin í Barcelona árið 1994 og hefur allar götur síðan verið haldin þar í borg þrjá daga í júní ár hvert. Hátíðin er nú þekkt sem ein frægasta og besta tónlistarhátíðin í Evrópu. Þúsundir tónlistaráhugamanna leggja leið sína til Barcelona ár hvert og Sónar leitast við að skapa einstaka stemmningu á nýstárlegum tónleikastöðum, auk þess sem kastljósinu er alltaf beint að áhugaverðum listamönnum úr hópi heimamanna. Undanfarin

ár hefur hátíðin breitt úr sér og verið haldin á fleiri stöðum en á Spáni, meðal annars í Sao Paulo og Tókýó, en einnig í Buenos Aires, New York, Lyon, Hamburg, Toronto og Reykjavík, svo eitthvað sé nefnt. Einn af mönnum á bak við Sónar Reykjavík er Margeir Ingólfsson, öðru nafni Gluteus Maximus sem er ein af fjórum íslenskum hljómsveitum sem spila á hátíðinni á Spáni í ár. Hinar eru hljómsveitirnar Samaris, Ólafur Arnalds Tríó og Sísý Ey. Við tókum þúlsinn á þessum sveitum, nú þegar styttest í að þau stígi á stökk á tónlistarhátíð sem hefur orðið stökkpallur fyrir margar hljómsveitir á undan þeim.

Meðal hljómsveita sem spila á hátíðinni þetta árið eru Kraftwerk, Pet Shop Boys, Skrillex, 2manydjs, Sébastien Tellier, Justice og fleiri.



ÆTLA SÉR STÓRA HLUTI Pau Elín, Elísabet, Sigríður, Friðfinnur og Carmen eru þakklát fyrir tækifærið að koma fram á Sónar  
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## SÍSÝ EY VILL VERÐA STÓR

Hljómsveitin Sísý Ey kemur til með að troða upp á Sónar. Mikil eftirvænting ríkir meðal meðlima hljómsveitarinnar fyrir hátíðina. „Við erum svo ný hljómsveit, komum fyrst upp á yfirborðið fyrir um ári síðan með laginu okkar, Ain't got nobody, þannig að þetta er frábært tækifæri fyrir okkur. En við tókum þá ákvörðun áður en við byrjuðum að koma fram að við myndum búa til eitthvað stórt. Fyrsta giggið okkar var risastórt og þá vissi enginn hver við vorum, við viljum bara halda þeirri línu,“ sagði Carmen Jóhann-

dóttir, einn meðlima Sísý Ey, glöð í bragði. „Og það er Sónar Reykjavík að þakka að við erum að fá þetta tækifæri. Þar fengu aðstandendur hátíðarinnar að hlusta á mikið af íslenskum böndum. Ég fékk góða tilfinningu þegar ég labbaði inn í Hörpu í febrúar á Sónar Reykjavík. Þetta var sannarlega góð hátíð og þvítík landkynning að fá svona þungavigtarfólk í músík til landsins til þess að hlusta á Íslendinga spila tónlist. Það mætti nú þakka Margeiri, Birni og fleiri góðum fyrir það,“ sagði Carmen enn fremur.



UNG EN EFNILEG Pau Jófríður, Þórður, og Áslaug ætla að hita upp fyrir Sónar með tónleikum í London.  
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## FYRSTA STÓRA HÁTÍÐIN

Hljómsveitin Samaris er ung að árum og meðlimirnir eru fullir tilhlökkunar vegna Sónar. „Hátíðir snúast auðvitað alltaf um að fá meiri athygli en okkar markmið er bara að standa okkur vel. Við erum rosalega spennt og hlökkum til að fara út. Þetta er fyrsta stóra hátíðin okkar,“ sagði Áslaug Rún Magnúsdóttir, klarinettleikari sveitarinnar. Hljómsveitin samanstendur af Jófríði Ákadóttur söngkonu, Þórði Kára Steinþórssyni raftónlistarmanni og Áslaugu.

„Við byrjum í London á að taka litla tónleika þar sem smá upphitun fyrir Sónar,“ sagði Áslaug. „Við erum líka svo ánægð með tímann sem okkur var úthlutaður. Við erum síðust til að spila á dags-hátíðinni, Sonar by Day, og ég held að það sé mjög jákvætt. Þá fær maður mestu athyglina frá blaðamönnum og fagaðilum í tónlist, svona á daginn,“ sagði Áslaug létt í bragði.

## AÐALSKRAUTFJÖÐRIN ER SÓNAR

„Þetta er náttúrulega fyrst og fremst bara góð viðurkenning, að vera meðinn um að spila þarna,“ sagði Margeir Ingólfsson, betur þekktur sem Dj Margeir eða annar hluti tvíeykisins Gluteus Maximus. Hljómsveitina Gluteus Maximus skipa Stephan Stephensen og Dj Margeir. „Það er Sónar sem er kannski einna helst horft til í raftónlist, danstónlist og framsækinni tónlist. Þetta er ein aðalskrautfjöldin,“ sagði Margeir jafnframt.

Margeir er nýlentur frá Kaupmannahöfn en hann var fenginn til þess að spila á tónlistarhátíðinni Distortion þar í borg. „Ég hef spilað á fullt af hátíðum og haft gaman á fullt af hátíðum en Sónar er alveg sérstök. Ég finn strax að þetta er farið að hafa áhrif, þótt maður passi sig alltaf að hafa ekki of miklar væntingar – það eru aðrar hátíðir sem horfa til Sónar og fagaðilar sem taka mark á Sónar, og maður fær strax aukna athygli. Fleiri læk á Facebook og svona,“ sagði Margeir brosandi. „En Stebbi Bongó, sem er með mér í hljómsveitinni, spilar reyndar ekki á Sónar. Hann er með skútudellu á háu stigi og kemst ekki því hann er að sigla skútunni til Íslands. Ég stend vaktina á meðan



MARGEIR ST. INGÓLFSSON Margeir er einn aðalskipuleggjenda Sónar Reykjavík. Þetta er í fyrsta sinn sem hann kemur fram á hátíðinni í Barcelona.  
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

í Barcelona, að spila undir berum himni í góðu veðri, það eru ekki mörg tækifæri sem maður fær til þess og ég er fullur tilhlökkunar,“ sagði Margeir.

## ALLTAF LANGAÐ AÐ SPILA Á SÓNAR

ÓLAFUR ARNALDS TRÍÓ Spilar sama dag og Kraftwerk.  
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



„Mér var einu sinni boðið að spila á hátíðinni en ég gat það ekki, þannig að ég er sérstaklega spenntur fyrir Sónar og mig hefur alltaf langað til að spila þarna,“ sagði tónlistarmaðurinn Ólafur Arnalds. Ólafur Arnalds spilar með tríóinu sínu á Sónar þetta árið. „Þetta er svona mínimalísk útgáfa af því sem ég geri venjulega. Þá erum við oft tólf í hljómsveitinni en í þetta sinn erum við bara þrjú. Björk Óskarsdóttir verður á fiðlu og Anne Muller á sellói,“ sagði Ólafur jafnframt. „Sónar er mjög spennandi hátíð. Ég er til dæmis að spila sama dag og Kraftwerk, sem er frekar svalt. Og þetta hjálpar allt, þarna er fullt af tónleikahöldurum frá öðrum hátíðum en aðallega er maður þarna náttúrulega að spila fyrir fólk. Ef það fylgja fleiri og stærri bókanir í framhaldið þá er það bara hið besta mál,“ sagði Ólafur.

# Græjurnar í garðinn ... færðu hjá okkur



Úrval MTD slátturaktora  
Verð frá **345.000**

Opið virka daga kl. 8 - 18, laugard. 10-16 (maí/júní).  
Allar nánari upplýsingar á www.thor.is



Mikið úrval aukabúnaðar fyrir slátturaktora



Kawasaki alvöru vélorf



Wolf Garten áburðarreifrar  
Verð frá **4.100**



Wolf Garten handsláttuvélar  
Verð frá **11.000**

„Bumbubanninn öflugi“



Öflugur Wolf Garten 40 - 45 mm greinakurlarar



Ertu að leita  
upplýsinga?  
[www.suzuki.is](http://www.suzuki.is)



Way of Life!

# Klár í ferðalagið



## SUZUKI GRAND VITARA

### Fullbúinn jeppi með háu og lágu drifi



ESP SPÓLVÖRN  
ABS+EBD  
HEMLAKERFI

ESP  
STÖÐUG-  
LEIKAKERFI

MEÐ HÁU  
OG LÁGU  
SÍDRIFI

FULL  
FRAME  
4x4

Fullkomið leiðsögutæki með Garmin snertiskjá og íslensku korti Bluetooth símkerfi - Usb og aux tengi - Skyggðar rúður - Cruise control - Öflug en sparneytin 2,4 lítra vél, 169 hestöfl Lykillaut aðgengi og start og margt fleira.

Við bjóðum ekki aðeins trausta bíla, heldur leggjum einnig mikla áherslu á góða varahlutabjónustu.

Verð frá kr. 5.590 þús.-



SUZUKI SPARNEYTNI

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í YFIR  
40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • [WWW.SUZUKI.IS](http://WWW.SUZUKI.IS)



ELDUNARSVÆÐI 49,5X35 CM.

TVÖFALDUR ÁLBRENNARI

NEISTAKVEIKJARI

OUTBACK



ÞÚ SPARAR  
21.090 KR.

Vnr. 50630082  
OUTBACK EXCEL 200  
gasgrill, 6,2 kW.

**24.900** kr.

Verð áður 45.990 kr.



ÞÚ SPARAR  
10.000 KR.

Vnr. 41622140  
Garðsett, 4 stólar,  
borð og sólhlíf

**16.990** kr.

Verð áður 26.990 kr.

# SUMARHÁTÍÐARTILBOÐ!

## FJÖLDI ANNARRA TILBOÐA

Vnr. 55092000  
Stjúpur.

**59** kr.

Verð áður 99 kr.



VERÐVERND BYKO

# LÆGRA VERÐ



ÞÚ SPARAR  
4.000 KR.

Vnr. 41622137  
Sólhlíf á fæti 300.

**12.990** kr.

Verð áður 16.990 kr.

5 KG

ÞÚ SPARAR  
400 KR.

Vnr. 55095007  
Bláskorn, 5 kg.

**1.090** kr.

Verð áður 1.490 kr.



4 LÍTRAR

ÞÚ SPARAR  
1.005 KR.

Vnr. 86332040-9040  
Kjörvari 14, 4 l.

**3.990** kr.

Verð áður 4.995 kr.



21 GÍR

26"

ÞÚ SPARAR  
11.090 KR.

Vnr. 49620055  
LUXUS reiðhjól.

**34.900** kr.

Verð áður 45.990 kr.



50 LÍTRAR

ÞÚ SPARAR  
500 KR.

Vnr. 55097032  
Gróðurmold, 50 l.

**790** kr.

Verð áður 1.290 kr.



42 CM SLÁTTUBREIDD

ÞÚ SPARAR  
6.090 KR.

Vnr. 53323110  
Sláttuorð BC260,  
tvígangsmótor 22,5cc.

**13.900** kr.

Verð áður 19.990 kr.





# GRILLVEISLA Í BYKO

Við erum í sumarskapi og lyftum okkur upp í dag. Ýmsar uppákomur, glaðningur fyrir börnin og fjöldinn allur af glæsilegum sumartilboðum í öllum verslunum BYKO.

GRILLAÐAR PYLSUR OG GOS FRÁ KL. 13 – 15.

GLÆSILEG SUMARHÁTÍÐARTILBOÐ

RATLEIKUR MEÐ FJÖLDA VINNINGA



# SUMARHÁTÍÐ

Í ÖLLUM VERSLUNUM BYKO LAUGARDAGINN 8. JÚNÍ



facebook.com/BYKO.is

## BYKO

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.

**ÞÚ SPARAR 10.000 KR.**

Vnr. 53323130  
Sláttuvél OY460P,  
5,0 hestafía fjörgengis-  
mótor, 139cc, 2,3kw.

**29.990 kr.**  
Verð áður 39.990 kr.

60 L SAFNPOKI  
SLÁTTUBREIDD 46 CM  
HÆÐARSTILLING 25-75 MM

## VÖRUKYNNINGAR Í BYKO BREIDD


Kynning á rammahúsum BYKO frá kl. 10 – 14.



Sérfræðingur frá Málningu veitir góð ráð frá kl. 12 – 16.



Fóðurblandan veitir ráðgjöf um áburðargjöf frá kl. 12 – 16.



Kynning á Sonax bílavörum frá kl. 10 – 14.



## SUMARLEIKUR BYKO KLÚBBBSINS 2013

### DRÖGUM ÚT

### 10 GLÆSILEGA VINNINGA

Nánar um sumarleikinn á [www.byko.is](http://www.byko.is)



## Konráð og félagar á ferð og flugi 47

Teikningar og texti Bragi Halldórsson

Pau gengu fram á iðagrænan runna sem skartaði fallegum gulhvítum litlum blómum. „Alveg er ég sannfærður um að þessi blóm eiga eftir að breytast í yndisleg ber,“ sagði Konráð. „Varla að maður geti beðið til haustsins með að borða þau.“ „Hvernig getur þú verið svona viss um að það komi einhver æt ber á þennan runna?“ spurði Kata full efasemda. „Jú reyndar koma æt ber á þennan runna,“ sagði Lísaloppa. „Og þau eru mjög góð.“

Veist þú hvað þessi ber heita?

- A** Jarðaber  
**B** Rífsber  
**D** Sólber



## Heilabrot

1. Dvergur nokkur býr á 10. hæð í blokk. Þegar hann kemur heim úr vinnunni tekur hann alltaf lyftuna upp á 9. hæð nema þegar rignir. Þá fer hann alla leið upp á 10. hæð með lyftunni. Hvernig stendur á því?

SVAR

1. Dvergurinn er of lítill til að ná upp í takann sem sendir hann upp á 10. hæð í lyftunni. En þegar rignir hefur hann vitalega regnhlíff með í för enda vill hann ekki verða rennandi blautur í rigningunni, eða jafnvel gengur í stígvélum eins og eining kom fram í svörum lesenda. Þá notar hann auðvitað regnhlíffina til að tægja sig upp í takann á lyftunni sem flytur hann upp á 10. hæð.

## LEIKURINN

● Fallin spýta er leikur barna sem fer þannig fram að einn úr hópum er valinn til að bíða hjá spýtu sem er stillt upp við vegg eða eitthvað annað. Hann byrjar á því að telja upp að tuttugu. Allir aðrir þátttakendur hlaupa í burtu og fela sig. Markmiðið er að finna alla sem földu sig. Ef hann sér einhvern, hleypur hann að spýtu og kallar „fallin spýta fyrir Jóni/Gunnu, einn, tveir, þrír“ og er þá viðkomandi úr leik. Þeir sem földu sig reyna aftur á móti að komast að spýtu á undan þeim sem leitar og ef einhverjum tekst það kastar hann spýtu upp í loftið og kallar „fallin spýta fyrir öllum“ og með því frelsar hann alla.

(WIKIPEDIA)



UNGT OG LEIKUR SÉR Fátt er skemmtilegra á sólríkum sumardögum en að leika sér í fallinni spýtu.



**AMALÍA ERLÍN**  
Ballettinn er í uppáhaldi enda æfir Amalía Erlín hann þrisvar í viku.  
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Mennirnir

Líf og jörð öll mín börn mennirnir eiga líf við getum trúað því.

Eitt á mann sem maður fann því við erum menn sem lifum enn.

Amalía Elín

# Langar að læra söng

Hin tíu ára Amalía Erlín Porkelsdóttir æfir ballett þrisvar í viku yfir veturinn og hana dreymir um að læra söng. Einnig hefur hún gaman af að teikna og skrifa bæði smásögur og ljóð. Svo syndir hún líka, spilar golf og kann ýmsa útileiki.

**Hvað ertu gömul, Amalía Erlín?** Ég er 10 ára.

**Í hvaða skóla ertu?** Hann heitir Hörðuvallaskóli og er við Baugakór í Kópavogi.

**Hverjar eru eftirlætnámsgreinarnar þínar?** Smíði og stærðfræði.

**Hver eru helstu áhugamálin þín?** Ballett, söngur, að lita og teikna og að skrifa smásögur og ljóð.

**Ertu í kór?** Ekki eins og er, en ég var í kórskóla Langholtskirkju og langar mikið að fara í einkatíma í söng í haust.

**Hvar æfir þú ballett?** Ég er að æfa ballett hjá Ballettskóla Eddu Scheving.

**Hvað þykir þér skemmtilegast að gera?** Vera með fjölskyldunni minni, sinna áhugamálum mínum, fara í útilegur og spila golf.

**Í hvað verðu mestum tíma?** Á veturna er ég mest að æfa ballett, það er þrisvar sinnum í viku. Þess á milli er ég mikið með vinum mínum. Á sumrin er ég mikið á námskeiðum og í sundi.

**Í hverju ertu best?** Myndi segja að það væri í ballett, í söng og að synda.

**Kanntu einhverja útileiki og þá hverja?** Já ég kann pókó, eina krónu, prins póló, stórfiskaleik, skotbolta, brennó og kyló.



Fáðu þér Sinalco og taktu þátt!



Mundu að kíkja í tappann!





# ÍSLAND Í SUMAR



GÆÐI - GLÆSILEIKI - GOTT VERÐ




**Hobby**

**ergo**

mest keyptu hjólhýsi á Íslandi og í Evrópu.

**75% fjármögnun**



Premium 560 UKF  
5.790.000

Premium 560 UL  
5.790.000

Prestige 560 UL  
4.890.000

Excellent 495 UFe  
4.595.000

Excellent 495 UL  
4.545.000

**VÍKURVERK - ALLT Í FERÐALAGIÐ!**

Opið laugardag 12 til 16 og sunnudag 12 til 16.

**VÍKUR**  
V • E • R • K




# KROSSGÁTA

## LÁRÉTT

- Nokkur mál eru tuttugu af hundrað (10)
- Geng á eftir bjórnum með leðrið (11)
- Hef unnið fyrir þeim sem mælt er fyrir um (8)
- Feta fótarlófa flata, það er þjónusta (11)
- Eigum okkar rétt gagnvart þeim sem ráða (9)
- Tvö högg, hvorki fleiri né færri (3)
- Sneri upp á eldvörp fyrir milljarðastuð (8)
- Sjálfumglaðar Finnmerkurfrúr (9)
- Eru kóðin alltaf aum? (5)
- Að sjá ekki hvað maður segir er heilkenni sem herjar helst á teiknimyndahetjur (9)
- Fullnægð gera sér mynd af samningi (8)
- Nískust í naustum (7)
- Uppnám við uppsetningu (6)
- Aðstæður við anddyri eru forsendur þess að komast í klúbbinn (16)
- Sigaði brjáluðum hundi sem nálgast (6)
- Fræg höfðu klárt lið í vasanum (12)
- Málmfjöl er hörkuplata (8)
- Skoðum hlýju með kaffibrúsum (10)
- Stólaatriði raðar áhorfendum (10)
- Pótt þú talir og kýlir og ruglir, þá er þetta plastmálning (10)
- Óska eftir snúningssnúru til heilsuræktar (10)
- Voru njósningar á sveimi? (9)
- Finn bæ óhagganlegra (10)

## LÓÐRÉTT

- Fljót týndist og hæg leiðbeina þeim sem finna mjög til söknunar (17)
- Bera frjálst á einstakt (9)
- Tollum hús í gjaldskýlum (9)
- Sting á torfu, enda stígur hins röltandi manns (9)
- Spilda snærisþjófs (4)
- Völusteinn fer í kynleiðréttingu (9)
- Set sár í draflann, birtist þá gulur molinn (9)
- Gangið úr lagi við hafið (5)
- Draugatjörn er vinsæll viðkomustaður barna (10)
- Að yfirgefa ótta í aðdraganda dags (10)
- Lið ruglaðra fursta mer IA (5)
- Rimpið mausið (6)
- Elska andvana og fullkomið meðvitundarleysi (7)
- Lokka útlím með línunni (7)
- Reglukrókabundin gera við rafræn móðurlíf (12)
- Milljón bita skammstöfun (2)
- Tregataumar vitna um sóðaskap (12)
- Innbyrtir innilokaðan yfir sig hrifinn (10)
- Hissa, óheft og sljó (7)
- Dreg dul á djúp (3)
- Litli folinn fer í súran lyfjaleiðangurinn (7)
- Á stjórnþalli þarf skynsemi til að leita dunksins (7)
- Hórnöldur er þið jukuð þrýstinginn (6)
- Fölsk gyðja og horuð (6)
- Talar þannig að mark er að (6)



H A F N A R K J A F T U R H Ó U  
 E R P Ö F R E R O S I N N  
 S K O P P A R A K R I N G L A K G  
 T ð E F O M I ð A A  
 H A U S L A U S M Ú M Í N S N Á D I N N  
 Ú S S N A A H Á L A  
 S Ú N N Í T A R N I R A M E S  
 A A N D A U F Ú S U G E S T  
 H E K L U N Á L A R N K I Ó  
 V K H Á J D Ó E I R ð I R  
 E H Ú ð A R L E T I N G I S U  
 R O T I ð P T R E ð A L V I N  
 F K K L E T T A H Æ ð U A D  
 I N N S T A R R E F O R O R ð A  
 O T B A U N I ð I E A N R  
 T A Y M T M Ú L A F J A L L  
 H A R ð A S T A U A L L R E  
 L I S U N N U R D Æ G  
 M E Y R N A K I L I ð M A R G A  
 G N E I N N A R R I

Lausnarorð síðustu viku var  
**VERÐTRYGGING**



FORLAGIÐ

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsend-  
um lausnarorðum og fær vinn-  
ingshafi eintak af bókinni Vitnið  
eftir Noru Roberts frá Forlaginu.  
Vinningshafi síðustu viku var  
**Ásgeir Jónsson, Garðabæ.**



\_\_\_\_\_

## LAUSNARORÐ

Ef bókstofunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtast norræn bókmenntaverðlaun. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 12. júní næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „8. júní“.

**40% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM**

**DAY**

BIRGER ET MIKKELSEN

DAY KRINGLUNNI S.517 3190

Tilboðið gildir ekki með öðrum tilboðum.

## DÝR VIKUNNAR

### Sandköttur



**KRÚTT** Í þágu krúttheitanna fylgir hér mynd af sandkettlingi – hann er enn sætari en fullvaxinn sandköttur, sem er þó ekkert slor.

## Krúttkötturinn í eyðimörkinni

Umsjónarmaður Dýrs vikunnar hefur orðið var við nokkra eftirspurn eftir krúttlegu dýri til að vega upp á móti snoðrottunni miður geðfellið sem fjallað var um á þessum stað fyrir þremur vikum (einhverjum lesendum blöskraði raunar hversu ófögurum orðum höfundur fór um það makalaus neðanjarðarnagdýr og er rétt að áréttu að gjörvöll ritstjórn Fréttablaðsins ber mikla virðingu fyrir smáum bræðrum okkar og systur, þar á meðal snoðrottunni, þótt ljót sé).

Það er sjálfsagt að verða við þessari krúttheitakröfu og fjalla að þessu sinni um dýrið sem gæti vel átt tilkall til titilsins „krúttlegasta dýr veraldar“, sandköttinn (felis margarita). Þessi fremur litli köttur – tæpur heimilisköttur að stærð – býr í Afríku og Asíu og er eina kattartegundin sem heldur til í eyðimörkum, þar sem hitinn getur farið yfir 50 gráður á daginn og undir frostmark að nóttu til. Hann er jafnframt smæstur allra villtra katta.

Sandkötturinn er með ógnarstór eyru sem gera honum kleift að heyrna mjög vel í brád sinni – það er einmitt bráðnausynlegt í eyðimörkinni. Sandkötturinn leggur sér einkum lítil nagdýr, fugla og skriðdýr til munns. Líkami hans er þannig af guði gerður að hann fær nægan vökva úr bráðinni einni en svolgrar þó í sig vatn ef það stendur honum til boða. Hann hefur ekki beittar klær en getur þó notað loðnar loppurnar til að grafa holur í sandinn og á til að koma bráð sinni þar fyrir til varðveislu ef hann nær ekki að sporðenna henni allri í einu.

Pótt sandkötturinn sé ekki í útrýmingarhættu er farið að ganga verulega á stofninn á tilteknum svæðum í heiminum og víða er hann verndaður. -sh



# SUMAR 2013

## UPPLÝSINGAVEFUR FYRIR

### ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDASTARF Í REYKJAVÍK

SKRÁNING ER HAFIN Í SUMARSTARF Á VEGUM REYKJAVIKURBORGAR

#### 6-9 ÁRA SUMARFRÍSTUND (f. '03- '06)

Heilsdagsdvöl í frístundaheimili þar sem tekist er á við fjölbreytt og skemmtileg viðfangsefni. Skráning er viku í senn.



#### 10-12 ÁRA SMÍÐJUR (f. '00- '02)

Stuttar smíðjur og viðburðir sem standa yfir í heilan eða hálfan dag.

Skráning í hverja smíðju eða viðburð fyrir sig.

Sköpun, smíðar, útivist fyrir 9-12 ára (f. '00- '03)

Smíðavöllur með áherslu á sköpun og útivist.

Efni beint úr skóginum, tálgun, hönnun úr endurunnu efni og útiöldun. Skráning er viku í senn.

#### 13-15 ÁRA FÉLAGSMIÐSTÖÐVASTARF (f. '97- '99)

Opið starf í félagsmiðstöðvum í eftirmiðdaginn og á kvöldin.

Sjá nánar á heimasíðum félagsmiðstöðvanna.



#### FJÖLBREYTT SUMARSTARF OG NÁMSKEIÐ

Á [www.itr.is/sumar](http://www.itr.is/sumar) er að finna upplýsingar um fjölbreytt og spennandi námskeið og sumarstarf 70 félaga í Reykjavík og nágrenni.

Allir ættu að finna spennandi viðfangsefni í sumar.

ALLAR UPPLÝSINGAR Á [WWW.ITR.IS/SUMAR](http://WWW.ITR.IS/SUMAR)



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið





+

Innilegar þakkir til ykkar allra sem hafið sýnt okkur samúð, hlýhug og nærveru við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**INGIRÍÐAR VILHJÁLMSDÓTTUR.**

Sérstakar þakkir til þeirra sem önnuðust hana af alúð á hjúkrunarheimilunum Víðinesi og Mörk.

**Ásthildur Salbergsdóttir Vilhelmina P. Salbergsdóttir**  
**Friðrik F. Söbech Jóhann G. Hálfðanarson Karólína Árnadóttir**  
 barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.



+

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**KRISTINN GUÐMUNDSSON**  
 Norðurbakka 25c, Hafnarfirði,

lést laugardaginn 1. júní á heimili sínu. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 13. júní kl. 13.00.

**Inga Birna Kristinsdóttir Jón Kjartan Kristinsson Íris Kristinsdóttir Órvar Kristinsson Magnús Kristinsson og barnabörn.**  
**Víðir Ingimarsson Elsa Guðrún Jóhannesdóttir Lars Áberg Erica Ek**



+

Okkar ástkæra

**JÓNA MARÍA HANNESDÓTTIR**  
 fyrrverandi húsfreyja á Núpum,

lést þriðjudaginn 4. júní á hjúkrunarheimilinu Ási. Útför hennar fer fram frá Hveragerðis-kirkju föstudaginn 14. júní kl. 15.00.

**Jóhann Valgeir Helgason Sigurveig Helgadóttir Gerður Helgadóttir Hanna María Helgadóttir barnabörn og barnabarnabörn.**  
**Ragnheiður Jónsdóttir Gisli Rúnar Sveinsson Jón Ingi Skúlason Ari Sigurðsson**



+

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda hlýju og vinarhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar,

**LAUFYJAR GUÐBRANDSDÓTTUR.**

Sérstakar þakkir fyrir að annast hana af einstakri umhyggju og hlýju fær starfsfólk Dagvistunar Hlíðabæjar, bílstjórahjónin Margrét og Sigurður og starfsfólk deildar V2 á Grund.

**Berent Th. Sveinsson.**



+

Ástkær eiginnmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUNNLAUGUR JÓNSSON**  
 Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Sólvangi mánudaginn 27. maí. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 11. júní kl. 15.00.

**Bergþóra Jensen Jóhanna Gunnlaugsdóttir Sigríður Gunnlaugsdóttir Steinunn Gunnlaugsdóttir barnabörn og barnabarnabörn.**  
**Árni Árnason Ægir Breiðfjörð Brjánn Árni Bjarnason**



+

**Legsteinar og fylgihlutir**

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu og frí sending út á land á öllum keyptum legsteinum

**MOSAİK Hamarsöfða 4 - 110 Rvk - s 587 1960 - www.mosaik.is**



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.

## Hvetja konur til að hlaupa í dag

Samstarfsaðili Kvinnahlaupsins í ár er styrktarfélagið Göngum saman, sem safnað hefur fé til íslenskra rannsókna á brjóstakrabbameini síðan árið 2007. Formaður félagsins segir samstarfið mikilvægt til að vekja athygli á málstaðnum.

Kvinnahlaupsnefnd ÍSÍ leitar á hverju ári til einhvers félags sem kemur að málefnum kvenna með tilliti til samstarfs í hlaupinu og í ár buðu þau okkur að vera í samstarfi við sig," segir Gunnhildur Óskarsdóttir, formaður Göngum saman, spurð um aðkomu samtakanna að Kvinnahlaupinu í dag. „Við erum, eins og flestir vita, styrktarfélag sem styrkir brjóstakrabbameinsrannsóknir og almenna heilsuefningu kvenna.“

Hvað varð þess valdandi að samtökin voru stofnuð? „Við byrjuðum á því að taka þátt í stórrí göngu úti í New York árið 2007 og stofnuðum síðan félagið í kjölfarið. Við höfum notað stórar göngur sem okkar aðaljáröflunarleið, til dæmis var haldin stór ganga á mæðradaginn núna í vor sem tvö þúsund manns á fjórtán stöðum um allt land tóku þátt í. Göngurnar hafa bæði verið fjáröflun, heilsuefning og forvörn.“

Og nú ætlið þið að hlaupa? „Já, auðvitað tökum við þátt,“ segir Gunnhildur og hlær. „Og auðvitað hvetjum við konur til þess að hlaupa í dag. Það er allt í lagi að fara styttri vegalengdir, aðalatriðið er að taka þátt.“

Hvað eru Göngum saman stór samtök? „Það eru rúmlega fimm hundruð manns skráðir í félagið, bæði karlar og konur á öllum aldri. Við höfum verið með vikulegar göngur í Reykjavík allt árið um kring í sex ár og einnig hefur verið gengið vikulega á Akureyri og Dalvík.“ Og borgar fólk fyrir að taka þátt í þeim göngum? „Það kostar ekkert að taka þátt í þessum vikulegu göngum og reyndar ekki heldur í stóru göngunum. Það er fjáröflun á staðnum, bæði tekið á móti frjálsum framlögum og svo seljum við alls kyns varning. Allur ágóðinn rennur til rannsókna á brjóstakrabbameini.“

Hvað þýðir það fyrir ykkur að vera



**SAMSTARF** Gunnhildur Óskarsdóttir, formaður Göngum saman.

FRÉTTABLAÐID/GVA

Samstarfsaðili í Kvinnahlaupinu? „Það sem er svo flott hjá Kvinnahlaupinu er að það er vakinn athygli á einum málstað á ári. Og núna er verið að vekja athygli á okkar málstað, sem sé íslenskum rannsóknum á brjóstakrabbameini og gildi hreyfingar sem forvarnar og heilsuverndar. Þetta samstarf skiptir okkur mjög miklu máli og við erum afskaplega þakklát fyrir það.“

fridrikab@frettabladid.is

### Nokkrir punktar um Kvinnahlaupið

- Sjóvá Kvinnahlaup ÍSÍ fer fram í 24. sinn í dag og verður hlaupið á um 80 stöðum hérlendis.
- Stærstu hlaupin eru í Garðabæ, þar sem um 5.000 konur taka þátt árlega. Í Garðabæ hefst skemmtidagskrá kl. 13.30 en hlaupið sjálft hefst kl. 14. Hlaupið er á Akureyri kl. 11, í Mosfellsbæ kl. 11 og á Egilsstöðum kl. 11. Sjá nánari upplýsingar um hina hlaupastaðina á [www.sjova.is](http://www.sjova.is).
- Erlendis verður hlaupið frá 18 stöðum í 11 löndum. Í Danmörku eru þrjár hlaupastaðir, Herlev, Sønderborg og Kaupmannahöfn. Þrjár hlaupastaðir eru í Noregi í Bergen, Kristiansand og Ósló. Hlaupið verður frá Brussel í Belgíu, frá Lundi og Gautaborg í Svíþjóð, frá Seattle og Minneapolis í Bandaríkjunum, frá Cuxhaven í Þýskalandi, Genf í Sviss og Lúxemborg og frá Gimli og Winnipeg í Kanada, frá London og Færeyjum.
- Fyrsta hlaupið var haldið í tengslum við Íþróttahátíð ÍSÍ árið 1990 þar sem Lovísa Einarisdóttir fékk til liðs við sig öflugar konur í Garðabæ. Um 2.500 konur

tóku þátt á átta stöðum víðs vegar um landið. Síðustu ár hafa um 15.000 konur á öllum aldri tekið þátt.

- Fjölmennasta hlaupið var árið 1998 en þá hlupu 23.000 konur.
- Sjóvá hefur verið aðalstyrktaraðili hlaupsins í tíu ár eða frá árinu 2003.
- Markmið Kvinnahlaupsins frá upphafi hefur verið að hvetja konur til þess að hreyfa sig. Kvinnahlaupið hefur gefið konum færi á að taka þátt á sínum forsendum, þær sem vilja hlaupa gera það og aðrar ganga. Boðið er upp á mismunandi vegalengdir allt frá 2 km upp í 10 km þannig að það er eitthvað í boði fyrir allar.
- Á hverju ári er valið eitt málefni tengt konum til þess að vekja athygli á en í ár var ákveðið að vera í samstarfi við styrktarfélagið Göngum saman og hlaupa undir yfirskriftinni *Hreyfum okkur saman*.
- Þátttakendur fá allir verðlaunapening, Kristal og Nivea-vörur að loknu hlaupi.



**KVINNHAUÐ ÍSÍ** Fjölmargar konur á öllum aldri hlupu árið 2012.

**Graníthöllin**  
Legsteinar

**ÁVÍSUN** 35.000.-

**35.000.- krónur**

Þessi ávísun að upphæð þrjátíu-og-fimm-þúsund-krónur gildir sem innaborgun á legstein.

Ávísunin gildir sem hlutgreiðsla með öllum tilboðum frá 1. júní til og með 31. ágúst 2013.

Ath, aðeins ein ávísun er tekin sem hlutgreiðsla við kaup á einum legsteini.

**Graníthöllin Bæjarhrauni 26 í Hafnarfirði · Sími 555 3888 · [granithollin.is](http://granithollin.is)**



# Náðu áttum!

Hafðu þessa við höndina í sumar

60 ný  
kort í  
mælikvarðanum  
1: 300 000

2013  
14. útgáfa

Ný uppfærð útgáfa  
Kortabókarinnar er  
komin í bókabúðir  
og á bensínstöðvar  
um allt land



## Uppfærð og endurskoðuð kort 2013

### SÉRKORT



Sérkort 2:  
Gullfoss – Geysir  
1:100 000

Sérkort 3:  
Kjölur  
1:100 000

Sérkort 4:  
Þórsmörk –  
Landmannalaugar  
1:100 000

Sérkort 5:  
Skaffafell  
1:100 000

Sérkort 8:  
Akureyri – Mývatn  
1:120 000

### FJÓRÐUNGSKORT 1:300 000



### FERÐAKORT 1:600 000



### HÁLENDIÐ 1:300 000



Góða ferð!

Kort frá  
Máli og menningu  
eru endurskoðuð  
árlega!



MÁL OG MENNING



# SPENNANDI SUNNUDAGSKVÖLD

Með áskrift að Stöð 2 fylgja:



## 21:35

### THE KILLING

Þriðja þáttaröðin af þessum æsispennandi sakamálabáttum sem byggja á dönsku verðlaunabáttunum Forbrydelsen.



## 20:50

### RIZZOLI & ISLES

Þriðja þáttaröðin um rannsóknarlögreglukonuna Jane Rizzoli og lækninn Mauru Isles.



## 20:05

### HARRY'S LAW

Óskarsverðlaunaleiknonan Kathy Bates leikur aðalhlutverkið í þessum skemmtilegu þáttum um snjalla lögfræðinga.



## 19:25

### TOSSARNIR

Áhugaverðir þættir sem beina athyglinni að hinu mikla brottfalli úr framhaldsskólum sem á sér stað hér á landi.



## 22:00

### ROBIN HOOD

Hörkuspennandi og áhrifamikil ævintýramynd með Óskarsverðlaunahöfundum Russel Crowe og Cate Blanchett.

Fáðu þér áskrift  
512 5100  
stod2.is



## SUDOKU

	1	7	2				6	
		4			6	7		5
	9			3				
		9						
4	6					3	8	
2			4			9		
7	5		1	9	2	8		
	3	8				1		
1			8	7				

## LÉTT

			5			6		3
	1		8		6			4
8	7		3					
	4	2			7			6
1	3				9	2		
		8						
			1			5		
		1				8		
6	9			2	8			3

## MIDLUNGS

			1			6		
	3	6			8			2
		9						5
						8		
3	1	8			2	9		
		7	3				6	
4			7		5			1
	9	5		4				
8								

## PUNG

8	3	4	9	1	7	2	6	5
9	1	5	8	2	6	7	3	4
6	2	7	3	5	4	9	8	1
1	7	8	2	4	9	3	5	6
2	4	6	7	3	5	8	1	9
3	5	9	1	6	8	4	2	7
4	8	1	5	7	2	6	9	3
5	6	2	4	9	3	1	7	8
7	9	3	6	8	1	5	4	2

9	6	3	5	2	7	1	8	4
7	1	4	6	8	9	2	3	5
2	8	5	1	3	4	6	7	9
8	4	6	9	5	2	3	1	7
5	2	7	3	1	6	9	4	8
1	3	9	7	4	8	5	2	6
3	7	1	8	6	5	4	9	2
4	5	8	2	9	1	7	6	3
6	9	2	4	7	3	8	5	1

1	8	4	9	7	5	2	3	6
5	9	6	1	2	3	4	7	8
7	2	3	6	8	4	5	9	1
8	6	7	4	9	2	3	1	5
2	4	5	3	1	7	6	8	9
9	3	1	5	6	8	7	2	4
3	5	9	2	4	1	8	6	7
4	1	8	7	3	6	9	5	2
6	7	2	8	5	9	1	4	3

## LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri nýu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Myndasögur


### PONDUS

Eftir Frode Øverli



### HANDAN VIÐ HORNID

Eftir Tony Lopes



### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



## SPAKMÆLI DAGSINS

Ekki gera máламиðlanir varðandi þig. Þú ert það eina sem þú átt.

Janis Joplin

1			2	3	4	5
6	7			8		
9			10		11	
12				13		
	14					15
16				17		
18		19			20	
21						

## KROSSGÁTA

### LÁRÉTT

2. skipalægi, 6. tveir eins, 8. rá, 9. farfa, 11. æst, 12. nasl, 14. raup, 16. kúgun, 17. púka, 18. slunginn, 20. í röð, 21. treysta.

### LÓÐRÉTT

1. loðfeldur, 3. mannpvaga, 4. óglatt, 5. lík, 7. helber, 10. hald, 13. bar, 15. skordýr, 16. margsinnis, 19. ullarflóki.


### LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. þels, 3. ós, 4. flökurt, 5. nár, 7. elnskaer, 10. tak, 13. krá, 15. 17. ára, 18. fær, 20. tu, 21. trúa. LÁRÉTT: 2. höfn, 6. e, 8. síá, 9. lít, 11. ör, 12. snakk, 14. skrum, 16. ok, 17. ó, 18. f, 19. of, 19. rú, 19. rú.

## SKÁK

### Gunnar Björnsson

Oliver Aron Jóhannesson hefur teft mjög vel á Íslandsmóttinu en honum urðu á slæm mistök gegn Skotanum Michael Grove. Oliver lék síðast 61...Kf4-e3. Hvítur á leik



62. Hxa4! Tryggir hvítum jafntefli vegna patts. Margir ungir skákmenn hafa nýtt Íslandsmótið vel og Oliver ekki síst þrátt fyrir þetta slys. Nýtt fyrirkomulag mótsins hefur reynst ungum skákmönnum vel. www.skak.is Tíunda og síðasta umferð hefst í dag kl. 11 í Turninum, Borgartúni (20. hæð).



## VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Á Laugalandi í Borgarfirði rækta hjónin Þórhallur og Erla gúrkur. Þar hefur fjölskylda Þórhalls stundað garðyrkju frá árinu 1942. Jarðhiti er á svæðinu og notast þau við eigin vatnsveitu til að hita upp gróðurhúsin með vatni frá hvernum. Gúrkurnar eru tindar á hverjum degi og pakkað svo þær komi örugglega ferskar til neytenda.

### - Partýgúrkubitar Þórhalls og Erlu -

Hálf gúrka skorin niður í 1½ cm þykkar sneiðar og fráfn hreinsuð innan úr þannig að fyllingin verði falleg í miðjunni.

#### Fylling með taðreyktum silungum og basil

// ½ dós rjómaostur // ½ tsk. sinnep //  
// 150 g taðreyktur silungur //  
// nokkur blöð af fersku basil //  
// 1 tsk. sæt chillisósa //

Setja allt í matvinnshúvélina og mauka gróflga. Toppa gúrkusneiðarnar með silungafyllingunni og skreyta með basil eða spirum.

#### Gulrótarfylling með dödlum

// ½ dós rjómaostur //  
// 1 stk. gulrót rifin niður //  
// Sæsa dödlur í litla bita //

Hræra saman í matvinnshúvél rjómaostinn, rifnu gulrótunum og dödlunum. Fylla gúrkusneiðarnar og skreyta þær með granateplum og eða spirum.



islenskt.is

Íslenskt  
grænmeti

ÞÚ VEIST  
HVADAN ÞAÐ  
KEMUR



## Listaverk eða skemmdarverk?

Náttúruspjöll sem unnin voru í Mývatnssveit virðast vera hluti af verki myndlistarmannsins Julius von Bismarck. Málið vekur upp spurningar um listsköpun. Hvenær verður listaverk skemmdarverk og getur skemmdarverk nokkurn tímann verið listaverk?

Það hleypti illu blóði í náttúruvini í vor þegar upp komst um umhverfisspjöll í Mývatnssveit, þar sem orðin Crater, Cave og Lava höfðu verið máluð í risavöxnu letri víðs vegar í Mývatnssveit.



MARKÚS ÞÓR ANDRÉSSON

Nú hafa böndin borist að Julius von Bismarck, tæplega þrítugum myndlistarmanni og fyrrverandi læringi Ólafs Elíassonar. Á dögum rakst Hlynur Hallsson myndlistarmaður á ljósmyndaröð á sýningu Bismarcks og Julians Charrière í Berlín þar sem áletruðu náttúrufrýrbrigðin koma fyrir og svo virðist sem fleiri staðir hafi fengið að kenna á pensli listamannsins eða samstarfsmanna hans.

Bismarck hafnar sök en sagðist í yfirlýsingu hafa unnið sýninguna í samstarfi við ónafngreinda listamann sem hefðu haft frjálsar hendur og unnið sín verk á eigin forsendum og ábyrgð.

En um hvað er verið á sýningunni? Í texta sýningarsskrár segir að listamennirnir leitist við að stefna saman náttúru og viðteknum hugmyndum mannsins um hana.

„Náttúran birtist okkur fyrirvaralaust. Við skilgreinum flóknar samsetningar sem „skóg“ án nokkurs hiks. [...] Hversdags-eða einfaldleiki hugtakanna [sem máluð eru á náttúrufrýrbrigðin] stingur í stúf við raunveruleikann. Aletrunin „Wald“ („skógur“) vekur upp þá spurningu hvort viðkomandi sé í rauninni að horfa á „skóg“ eða fyrirbæri, sem líkt og listin sjálf, storkar viðteknum skilgreiningum.“

### Siðferðislegar spurningar

Verk Bismarcks myndi flokkast undir umhverfislísi. Hvort sem ábyrgðin er á herðum Bismarcks eða hinna ónafngreindu samstarfsmanna hans eru tengsl hans við náttúruspjöllin ótvíræð og vekja upp spurninguna hvort það séu nokkurn tímann réttlæt看legt að valda varanlegu raski á náttúru- eða menningarminum í nafni listarinnar. Hvenær verður listaverk skemmdarverk og getur skemmdarverk nokkurn tímann orðið listaverk?

Markús Þór Andrésson þekkir vel mæri listar og umhverfis, enda bæði sýningarstjóri og leiðsögumaður. Hann man ekki eftir sambærilegu verki af víðlíka skala hér á landi og myndaröð Bismarcks en minnst á að siðferðislegar spurningar séu ávallt á lofti í listheiminum.

„Fólk veltir því fyrir sér hvar siðferðisleg mörk eru dregin í meðhöndlun umhverfis eða listaverka annarra, listasögunnar eða meðferð á öðru fólki. Við þekkjum þessa umræðu hér á landi, til dæmis úr Koddum-sýningunni og vegna komu Santiagos Sierra á Listahátíð í fyrra. Það má jafn-

→ Verk hans snýst ekki um list og vandalisma, heldur er þetta einhvers konar umfjöllun um táknafræði, hvað sé náttúra og hvernig við upplifum hana. Það er áhugavert efni í sjálfu sér en leiðin sem hann velur er forkastanleg.

vel nefna sýningu Söru Riel hjá Listasafni Árnesinga fyrir nokkrum árum.“

En getur verið réttlæt看legt að valda varanlegu raski og náttúruspjöllum í listrænum tilgangi? Markús efast um að það sjónarmið eigi sér víða hljómgrunn.

„Ég hugsa að þeir séu fleiri sem myndu fordæma slíkt og sjálfur er ég á þeirri línu. En þetta er spurningin sem við stöndum sífellt frammi fyrir í myndlistinni og sumir beinlínis gera út á að vinna á þessum mörkum.“

Mér sýnist aftur á móti að þessi tiltekni listamaður sé ekki að vinna á þeim forsendum og umræðan er sjálfsagt komin á allt annan stað en hann ætlaði sér. Verk hans snýst ekki um list og vandalisma, heldur er þetta einhvers konar umfjöllun um táknafræði, hvað sé náttúra og hvernig við upplifum hana. Það er áhugavert efni í sjálfu sér en leiðin sem hann velur er forkastanleg.“

### Tilfni til sjálfsskoðunar

Áletranirnar í verkum Bismarcks leiða hugann að graffitilistaverkum sem finna á má á borgarveggjum um allan heim. Lengi vel voru þau líka fyrst og fremst álitin skemmdarverk en hafa smám saman unnið sér þegnrétt sem viðurkennd listgrein.

„Þetta er allt að skarast. Graffitilistin hefur verið dregin inn í hina almennu listasögu; það sem á að heita nafnlaus neðanjarðarlist er orðið hluti af markaðsvélinni. Mér sýnist það sama vera að gerast þarna; þetta eru verk sem eru komin í opinbert listasamhengi en listamennirnir reyna samt að haga sér eins og þetta séu eins konar laumuverk. Mér finnst í rauninni makalaust að listamennirnir skuli ekki gangast við þessu.“

Markús Þór telur að málið gefi Íslendingum hins vegar tilefni til að líta í eigin barm.

„Það er full ástæða til að staldra við og spyrja hvernig við umgöngumst landið sjálf. Við leggjum mikla áherslu á hina „óspilla náttúru“ í orði kveðnu en umgöngumst hana í raun talsvert frjálslega. Kannski draga viðhorf þeirra sem heimsækja landið dóm af því. Það er að minnsta kosti vert að spyrja: Getur verið að þetta mál endurspegli að einhverju leyti takmarkaða virðingu okkar sjálfra fyrir náttúrunni?“

bergsteinn@frettabladid.is



UNNIÐ FYRIR GÍG Undarlegar áletranir á náttúruminum í Mývatnssveit vöktu mikla furðu í vor. Nú er komið í ljós að þær eru líklega runnar undan rifjum listamannsins Julius von Bismarck og samstarfsmanna hans.

### FORGENGILEGUR ÍSBJÖRN KÆRÐUR TIL LÖGREGLU



Bjargey Ólafsdóttir myndlistarmaður teiknaði fjögur þúsund fermetra stóran ísbjörn á Langjökul í nóvember 2010. Verkið var partur af alþjóðlegu verkefni, 350 Earth, þar sem listamenn á sautján stöðum víðs vegar um heiminn útbjuggu risavaxin verk sem áttu að minna á áhrif loftlagsbreytinga. Bjargey notaði skaðlausan rauðan matarlit sem brotnaði niður á nokkrum dögum. Þrátt fyrir að efni litarins væri forgengilegt kærði Umhverfisstofnun gjörninginn til lögreglu. Málið var síðar fellt niður.


### GREIÐIR FYRIR AFNOT AF FÓLKI



Spánverjinn Santiago Sierra er einn umdeildasti listamaður heims, enda ganga verk hans beinlínis út á að fara yfir mörk hins siðferðilega. Hann ræður oft fólk til afnota í verkum sínum. Eitt sinn greiddi hann til dæmis vændiskonum í dópi fyrir að fá að húðflúra þær. Aðdáendur hans hampa honum fyrir að vekja athygli á óþægilegum málefnum á róttækan hátt. Gagnrýnendur hans fyrirliða hann fyrir að svífast einskis og nýta sér neyð annarra til að vekja á sér athygli.

Vinnubrögð Sierra vekja upp margar spurningar, til dæmis: Ef það er í lagi að óþrýða líkama annarrar manneskju til frambúðar í listrænu skyni, gildir þá hið sama um náttúruna?

### BROT Á SÆMDARRÉTTI EÐA TJÁNINGARFRELSI?



Mikil læti urðu í kringum sýninguna Koddum í Nýlistasafninu árið 2011, einkum vegna verksins Fegursta bóki í heimi. Þar var bókinni Flóra Íslands, með teikningum Eggerts Péturssonar, stillt upp útmakari í matvælum. Bókin var gefin út í 500 tölusettum eintökum. Farið var fram á lögbann á verkinu á þeim forsendum að það bryti á sæmdarrétti Eggerts, sem kallaði verkið „níðingsverk“. Stjórn Nýlistasafnsins fjarlægði verkið við kröftug mótmæli sýningarstjórnanna Þrjúgga, Ásmundar Ásmundssonar, Hannesar Lárussonar og Tinnu Grétarsdóttur, sem töldu tjáningarfrelsi sitt fótumtroðið í málinu.

### GRAFFITIVERK Á EYÐIBÝLUM



Lengi vel var graffitilist kölluð veggjakrot og taldist til skemmdarverka. Á undanföllum árum hefur hún hins vegar öðlast sess innan hinnar almennu listasögu. Myndlistarmaðurinn Sara Riel hefur unnið mikið með graffitilist, til dæmis á sýningunni Slangur(-y) í Listasafni Árnesinga. Á henni voru til sýnis ljósmyndir af graffitiverkum sem hún vann víða um land árið 2006. Sara graffaði slanguryrði og gerði tilraunir með leturtýpur. Sýningin vakti meðal annars margslungnar spurningar um verðmættagildi, til dæmis hvort hægt sé að vinna skemmdarverk á verðlausum hlutum, til dæmis með því að graffa á eyðibýli í niðurniðslu, sem sjálf voru lýti á náttúrunni. Hvort er meira skemmdarverk; að láta mannvirki grotna niður eða graffa þau? Getur verið að gröffin hafi þvert á móti gefið bylunum auknið gildi eða eru eyðibýli orðin að sjálfstæðum menningarminum sem ekki skal raska?

Norræna húsíð og Cirkus Xanti kynnja:

**VOLCANO**

Sirkushátíð í Vatnsmyrinni

4-14 Júní 2013

Midasala á midl.is





# & FERÐ TIL PARÍ SAR

Fáðu þér ljúffengt LU kex og þú gætir unnið ferð til Parísar fyrir 2 eða 25.000 kr. í seðlum.

Kíktu vel í kexpakkann og athugaðu hvort þú hefur unnið!









# HVAÐ? HVENÆR? HVAR? LAUGARDAGUR

8. JÚNÍ

## Opnanir

**15.00** Sýningin Ljós náttúrunnar opnar í Krókshlíðunni 8. júní kl. 15. Myndlist, skrautrituð ljóð og þæfð ullarverk. Sýningin stendur til 16. júní.

## Sýningar

**15.00** Hlynur Hallsson opnar sýninguna Sýning - Ausstellung - Exhibition í Kartöflugeymslunni efst í Listagilinu á Akureyri laugardaginn 8. júní kl. 15. Sýningin er yfirlitssýning á verkum frá síðustu 10 árum ásamt nýjum verkum.

## Dansleikir

**14.30** Laugardaginn 8. júní fer fram leiðsögn um sýninguna Úr djúpunum í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar í Lauganesi. Leiðsögnin hefst kl. 14.30. Á sýningunni eru bæði höggmyndir Sigurjóns og málverk nokkurra samtímamanna hans sem bera einkenni modernískrar listar.

## Tónlist

**15.00** Jómfrúin stendur fyrir sumarjazztónleikaröð í sumar. Laugardaginn

8. júní leikur kvintett Stínu Ágústsdóttur. Hljómsveitina skipa Agnar Már Magnússon, Sigurður Flosason, Gunnar Hrafnsson og Einar Scheving. Tónleikarnir hefjast kl. 15. Aðgangur ókeypis.

**23.00** Lífandi tónlist verður á **Ob-La-Di-Ob-La-Da**, Frakkastíg 8.

## Myndlist

**15.00** Hlynur Hallsson opnar sýninguna Sýning - Ausstellung - Exhibition í Kartöflugeymslunni efst í Listagilinu á Akureyri. Sýningin er nokkurskonar yfirlitssýning á verkum frá síðustu 10 árum ásamt nýjum verkum. Á henni verða ljósmynda- texta-, sprey- og prentverk, auk þess sem ný bók kemur út í tilefni sýningarinnar.

## Samkoma

**11.00** Geysisdagurinn verður haldinn hátíðlegur laugardaginn 8. júní kl. 11-13. Klúbburinn Geysir er fyrir fólk sem á eða hefur átt við geðræn veikindi að stríða. Uppistand og nytjarmarkaður á meðal dagskrárliða.



**ÁSRÚN DAVÍÐSDÓTTIR** Segir Sálumessu Verdis ekki flutta oft, enda er mikið fyrirtæki að setja hana upp og verkið gerir miklar kröfur til flytjenda.

## Flytja sálumessu Verdis

